

Bliki

TÍMARIT UM FUGLA

15

MARS 1995





BLIKI er gefinn út af Náttúrufræðistofnun Íslands í samvinnu við Fuglaverndarfélag Íslands og áhugamenn um fugla. Birtar eru greinar og skýrslur um íslenska fugla ásamt smærri pistlum um ýmislegt er að fuglum lýtur.

Ritið kemur út a.m.k. einu sinni á ári. Hvert hefti er verðlagt sérstaklega og innheimt með giróseðli. Þeir sem þess óska geta látið skrá sig á útsendingarlista og fá þá ritið við útgáfu.

Ritnefnd Blika skipa: Guðmundur A. Guðmundsson (formaður), Arnþór Garðarsson, Erling Ólafsson, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson og Jóhann Óli Hilmarsson.

Afgreiðsla ritsins er á Náttúrufræðistofnun Íslands, Hlemmi 3, pósthólf 5320, 125 Reykjavík. Sími 5629822.

Greinar, sem óskast birtar, skulu sendar formanni ritnefndar á Náttúrufræðistofnun. Höfundar fá 25 sérprent af greinum sínum endurgjaldslaut.

Ábyrgðarmaður: Guðmundur A. Guðmundsson.

Setning og umbrot: BLIKI, með PageMaker® 5.0
Filmmugð og litgreining: Prentþjónustan hf.
Prentun og bókband: G. Ben. Edda prentstofa hf.

© 1995 BLIKI
ISSN 0256-4181

Forsíðumynd:
Nátthegri
í Skógræktinni í Fossvogi, Reykjavík.
1. apríl 1993.
Ljóssm. Jóhann Óli Hilmarsson.

BLIKI is published by the Icelandic Institute of Natural History in cooperation with the Icelandic Society for the Protection of Birds, and bird observers. The primary aim is to act as a forum for previously unpublished material on Icelandic birds, in the form of longer or shorter papers and reports. The main text is in Icelandic, but summaries in English are provided, except for some shorter notes.

The bulletin appears at least once a year. Each issue is priced separately, hence there is no annual subscription. Those wishing to receive future issues of the bulletin, will be put on the mailing list. Payment is by an invoice or postal giro (account no. 29822-0).

Editorial board: Guðmundur A. Guðmundsson (chairman), Arnþór Garðarsson, Erling Ólafsson, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson, and Jóhann Óli Hilmarsson.

All enquiries, including potential contributions, should be submitted to the chairman, at the Icelandic Institute of Natural History, PO Box 5320, IS-125 Reykjavík, Iceland. Offers of exchange of bird journals, will be considered. Authors are provided with 25 reprints of their contributions, free of charge.

Note to foreign readers: The Icelandic letters Ðð, Þþ, Ææ, Öö and vowels with an acute accent (Áá, Éé, Íí, Óó, Úú, Ýý), are used in all Icelandic and foreign texts. In the references "HEIMILDIR" Icelandic authors are listed by their Christian name, as is customary in Iceland.

Hrökönd sest að á Íslandi

Inngangur

Mikið og auðugt lífríki er við ósa Eyja-fjarðarar, hundruð anda og gæsa verpa þar auk mófugla, kríu (*Sterna paradis-aea*) og máfa (Ævar Petersen & Sverrir Thorstensen 1990). Þetta svæði er líka mikilvægur viðkomustaður norðlenskra anda um fartímann vor og haust (Arnbór Garðarsson o.fl. 1976). Það er hér sem saga hrökanda (*Oxyura jamaicensis*) á Íslandi hefst 13. maí 1976. Þá sá Sverrir Vilhjálmsson starfsmaður á Akureyrar-flugvelli sérkennilega sjón í krikanum norður af flugstöðinni; tveir andarsteggir voru þar á sundi, en þeir líktust ekki neinum vanalegum íslenskum öndum. Þetta voru frekar búklitlar endur og með langt stél, stórt höfuð og áberandi gogg. Kollurinn var svartur, kinnar hvítar, nef lýs-

andi blátt og búkur rauðbrúnn (1. mynd). Fljótlega var staðfest að þetta væru hrök-endur, amerísk andategund sem aldrei hafði sést hér á landi fyrr. Fuglarnir dvöldu í Eyjafirði til 12. júlí. Fimm dög-um síðar sáust tveir hrökandarsteggir, lík-lega þeir sömu, á Mývatni og þar voru þeir til 28. ágúst.

Hrökendur á Bretlandseyjum

Þessi fundur Sverris við ósa Eyja-fjarðarar var einn af fyrstu stóru áföngunum í merkilegri landnámssögu hrökanda í Evrópu. Forsögu þessa máls alls má rekja aftur til ársins 1948, en þá bárust anda-garðinum í Slimbridge í Glosterskiri á Englandi þrjú hrökandarpör frá Banda-ríkjunum. Hrökendurnar voru hafðar



1. mynd. Hrökandarsteggur, Slimbridge. – *A Ruddy Duck drake*. – Ljós. Joe Blossom.

vængstýfðar í garðinum og tóku að verpa strax árið eftir. Fyrstu árin var reynt að klekja hrókandareggjum í vélum og ala ungana án aðstoðar móðurinnar en það tókst illa. Þá var brugðið á það ráð að láta kollurnar um útungun og uppeldi og þá fór að ganga betur. Fyrstu ungarnir komust á legg 1952. Sá hængur var þó á að til að vængstýfa ungana þurfti að ná þeim í hreiðri nýklöktum, annars var nær ómögulegt að klófesta þá. Nokkur brögð voru að því að ekki tækist að vængstýfa alla unga, sérstaklega á sjötta áratugnum. Fyrstu ungarnir sluppu úr haldi haustið 1954 (tveir) og á næstu 20 árum er talið að um 70 fuglar hafi sloppið frá Slimbridge, flestir haustið 1957 (20 fuglar) (Hudson 1976).

Leysingjarnir settust að í tveimur héraðum. Annar hópurinn var á Chew Valley uppistöðulóninu í Avon og hinn hélt til á uppistöðulónum í Staffordskíri. Fyrsta staðfesta varpið í Avon var sumarið 1960 og árið eftir í Staffordskíri. Vitað var um eina kollu með unga árið 1960, þrjár 1961 og sex 1962 (Hudson 1976). Fuglafræðingar hafa fylgst með vexti breska stofnsins og m.a. talið hrókendur á hverjum vetri síðan 1975 (*National Waterfowl Counts Scheme* og síðar *Wetland Bird Survey*). Á þessum árstíma hópa hrókendurnar sig og safnast á nokkur uppistöðulón í Staffordskíri og Avon (2. mynd). Stofninn hefur stækkað með veldisvexti og fyrstu tvo áratugina var aukningin um 25% á ári. Miðlöndum Englands, þar sem aukningin var mest, lögðu hrókendur undir sig hvert héraðið á fætur öðru. Stofninn taldi um 36 fugla veturinn 1962 til 1963, um 60 fugla 1968 til 1969, 120 fugla 1971 til 1972 og um 350 fugla 1975 til 1976 (Hudson 1976). Síðan um 1980 hefur aukningin verið heldur hægari, um 10% á milli ára. Í janúar 1992 taldi breski stofninn rúmlega 3500 einstaklinga og hafði hundraðfaldast á 30 árum (Hughes & Grussy 1994). Athyglisvert er hversu fljót hróköndin var að koma sér upp föstu farmynstri innan Bretlandseyja. Fuglarnir dreifast um varplönd-

in á sumrin en safnast á fáein uppistöðulón til vetursetu (Vinicombe & Chandler 1982).

Hróköndin er ekki eini framandlegi andfuglinn sem sloppið hefur úr haldi í Evrópu en engri annari tegund hefur fjölgað jafn hratt og hún breiðst út eins skjótt og hróköndin (Lever 1977, Owen 1983). Hvað er sérstakt við þessa amerísku önd?


Lífshættir hrókanda

Hrókönd tilheyrir þeim hópi andfugla sem nefnist koparendur (*Oxyurini*). Gerður er greinarmunur á þremur ættkvíslum innan þessa hóps þ.e. *Oxyura* (6 tegundir), *Biziura* (ein tegund) og *Heteronetta* (ein tegund) (Johnsgard 1968). Það er talið að koparendur eigi sér sameiginlegan forvera sem hefur svipað til gráanda (*Anas*) í útliti og háttum. Þessi þróunarlína hefur markast af aukinni sérhæfingu vegna köfunar og vatnalífs. Ættkvíslin *Heteronetta* er talinn standa, í þróunarfræðilegum skilningi, mitt á milli buslanda og ættkvíslanna *Oxyura* og *Biziura*. Tegundir af tveimur síðastnefndu ættkvíslunum eru mjög sérhæfðar kafendur og eru miklir og góðir sundfuglar. Þær fara nær aldrei á land enda sitja fæturnir það aftarlega að þeir gagnast þeim ekki til gangs (Raikow 1970).

Hróköndin er útbreiddur varpfugl í Norður- og Suður-Ameríku allt frá Magellansundi í suðri til Stóra Þrælavatns í norðri. Aðalvarpheimkynni hennar í Norður-Ameríku eru votlendi á sléttunum miklu, einkum grunnar lífríkar tjarnir. Utan varptímans er hún á stærri vötnum, sjávarlónum eða sjó. Hún er farfugl í norðanverðri Norður-Ameríku og varpfuglar þaðan dvelja í sunnanverðum Bandaríkjunum og í Mexíkó á veturna (Palmer 1976).

Hrókandarsteggirnir yfígefa kollurnar skömmu eftir varp og hópast á stærri vötn til að fella flugjaðrir. Kvenfuglarnir yfígefa ungana nokkra áður en þeir verða fleygir og safnast á fellistöðvar líkt og

2. mynd. Stofnstærð hrókanda á Bretlandseyjum í þúsundum fugla (vinstri ásinn og brotin lína) og fjöldi hrókandaathugana í Evrópu utan Bretlands-eyja (hægri ásinn og heil lína) (Hughes & Grusso 1993). – *Increase in the United Kingdom population of Ruddy Ducks in relation to the biannual total of continental records (based on Hughes & Grusso 1993).*



steggirnir. Norður-Ameríku byrjar haustfarið til vetrarstöðvanna í september og varir fram í desember (Palmer 1976). Sumar koparendur, þar á meðal hróköndin, hafa sérstöðu meðal andfugla um það að þær fella flugfjaðrir tvisvar á ári. Seinni fellitíminn er á áliðnum vetri skömmu fyrir vorfarið til varpstöðvanna (Siegfried 1973a, Hughes 1990). Þær eru komnar á varpstöðvar í Kanada um mánaðamótin apríl/máí. Í varplöndunum eru fuglarnir staðbundnir og flakka ekki um, en þeir geta verið mjög felugjarnir, sérstaklega kollurnar eftir að þær eru orpnar eða komnar með unga (Hudson 1976).

Það er talið að flestar hrókendur verði ekki kynþroska fyrir en tveggja ára gamlar (Cramp & Simmons 1977). Aðalvarptíminn á sléttum Norður-Ameríku er seint í maí og í júní en stöku kollur eru að hefja varp allt fram í lok júlí og byrjun ágúst (Palmer 1976). Á Bretlandseyjum má finna kollur á eggjum frá apríl til ágúst (Hudson 1976, Hughes & Grusso 1994). Hrókandarkollan gerir sér flottreiður í sefgróðri og það er mikil smíð sam-
anborið við hreiður flestra anda. Reyndar eru þessar endur hinir mestu byggingameistarar og á vorin gera bæði kollur og steggir sér palla í sefinu til að hvílast á (Siegfried 1973b). Egginn, sem eru hvít að lit, eru oftast 6-10 að tölu (meðaltal 8,1).

Þau eru hlutfallslega mjög stór miðað við þyngd kollunar og vegur hvert egg um 76 g (15% af þyngd kvenfugls), þannig að öll urptin getur verið jafn þung eða þyngri en kollan sjálf. Um 24 klukkustundir liða á milli eggja og álega hefst við síðasta egg. Ungarnir klekjast því allir á sama tíma 25-26 dögum síðar. Ungarnir verða fleygir á 50-55 dögum en móðirin hefur þá yfirgefið þá löngu áður (Cramp & Simmons 1977, Joyner 1977, Hughes 1990, Alisaukas & Ankney 1994).

Hrókendur kafa eftir æti, allt niður á 3 m dýpi (Siegfried 1973c). Ég mældi köfunartíma hjá hróköndum á Stakhólstjörn 1990 þar sem þær voru að kafa á 1 til 1,5 m dýpi. Meðalköfunartími hjá stegnum var 19,2 sek (n=51, staðalfrávik 2,34) en kollunni 21,1 sek (n=63, staðalfrávik 1,36). Goggur hrókandarinnar er tiltölulega stuttur en breiður og flatur. Á skoltjöðrum og tungu eru hyrnissnaddar sem auðvelda fuglinum að síða fæðu frá botnleir (Lagerquist & Ankney 1989). Undir vatnsborði syndir hróköndin með fótunum, notar stéllið til að stýra en vængirnir eru felldir að bolnum. Við át syndir hún áfram rétt yfir botni, með nefið á kafi í leirnum og síar um leið leirinn fyrir fram-
an sig og til beggja hliða (Tome & Wrubleski 1988). Fæðan er skordýralirfur (mest mý) og fræ (Siegfried 1973c, Woodin & Swanson 1989).

1. tafla. Hrókendur á Íslandi 1976 til 1994. – *Ruddy Ducks in Iceland 1976-1994.*

Nr. No.	Dagar Period	Ár Year	Staður Site	Athugasemdir Comments
1.	13/5-12/7	1976	Akureyri	2 steggir.
2.	17/7-24/8	1976	Mývatn	2 steggir, álitnir vera sömu fuglar og á Akureyri.
3.	19/5-25/7	1984	Egilsstaðir	Hámark 5 steggir og 3 kollur. Fuglarnir komu og fóru á mismunandi tíma.
4.	17/8-14/9	1984	Mývatn	Hámark 2 steggir og kolla, álitnir vera sömu fuglar og á Egilsstöðum. Fuglarnir komu og fóru á mismunandi tíma.
5.	10/6-17/6	1985	Egilsstaðir	2 steggir.
6.	25/6-27/7	1985	Mývatn	3 steggir, komu á mismunandi tíma. 2 fuglanna álitnir vera sömu og á Egilsstöðum.
7.	29/5	1986	Akureyri	Steggur.
8.	13/8	1986	Mývatn	Steggur, álitinn sá sami og á Akureyri.
9.	12-28/5	1988	Egilsstaðir	Steggur.
10.	8/6-21/10	1989	Mývatn	2 steggir 8/6, síðan aðeins 1 fugl.
11.	12-14/5	1990	Skaga fjörður	Par.
12.	27/5-15/6	1990	Akureyri	Kolla.
13.	3/6-26/8	1990	Mývatn	Hámark 4 pör, 1 kolla álitin sú sama og á Akureyri. Komu og fóru á mismunandi tíma. Hreiður með 4 eggjum fannst.
14.	14/6	1991	Hellissandur	Steggur.
15.	8-23/8	1991	Mývatn	Par.
16.	18-19/5	1992	Apavatn	Kolla og 2 steggir.
17.	26/7-1/8	1992	Pollengi	Par, álitnir sömu fuglar og á Apavatni.
18.	21/5-3/10	1993	Álfanes	Steggur.
19.	15/5-17/8	1993	Mývatn	Par, hreiður með 5 eggjum fírdið.
20.	22/5-28/8	1994	Víkingavatn	Kolla og 2 steggir, nokkir ungar komust á legg (2-4 a.m.k.).
21.	16/5-1/9	1994	Hornafjörður	Steggur og 2 kollur.


Hrókendur á Íslandi 1976 til 1994

Öllum hrókandarathugunum, líkt og á við um aðrar upplýsingar um flækingsfugla, er safnað saman í Náttúrufræðistofnun Íslands og þær síðan metnar af Flækingsfuglanefndinni. Þau tilvik, sem eru samþykkt, birtast í árlegum skýrslum nefndarinnar um sjaldgæfa fugla. Hrököndin er auðgreind til tegundar og nefndin hefur aldrei hafnað hrókandarathugun (Gunnlaugur Pétursson munnl. uppl.). Ég hef yfirfarið öll skráð tilvik um hrókendur á Íslandi til og með 1994 og reynt að gera mér grein fyrir lágmarksjölda fugla sem hafa sést hér á ári hverju (Gunnlaugur Pétursson & Erling Ólafsson 1986, 1988, 1989, Gunnlaugur Pétursson o.fl. 1991, 1992a, 1992b, 1993, Ólafur K. Nielsen

1994, óbirt gögn í Náttúrufræðistofnun Íslands). Árið 1994 er tekið með í þessari umfjöllun, en rétt er að taka fram að Flækingsfuglanefndin hefur ekki yfirfarið þau gögn.

Það er nokkuð ljóst að sömu fuglarnir hafa sést á mismunandi stöðum sum árin. Nægir þar að nefna fyrstu fuglana í Eyjafirði og seinna á Mývatni sama sumar (1. tafla). Sama er að segja um athuganir frá Egilsstöðum og Mývatni, en fuglar hafa dvalið fyrrihluta sumars við ósa Eyjafjarðarar og á Lagarfljóti við Egilsstaði, horfið á braut, og síðan hafa hrókendur skotið upp kolli á Mývatni. Í úrvinnslu hef ég gefið mér að ef fuglar hafa sést sama ár í Eyjafirði og á Mývatni annars vegar (1. tafla: tilvik 1 og 2, 7 og 8, 12 og 13) og

3. mynd. Hrökendur á Íslandi 1976 til 1994, breytingar í fjölda eftir árum. – *Number of Ruddy Ducks recorded in Iceland through 1994.*



Egilsstöðum og Mývatni hins vegar (1. tafla: tilvik 3 og 4, 5 og 6), sé um sömu fugla að ræða enda skarist athuganatími þeirra ekki. Einnig voru fuglar sem sáuðst í Pollengi á Suðurlandi 1992 álitnir vera tveir af þremur fuglum sem dvöldu á Apavatni sama sumar (1. tafla: tilvik 16 og 17). Aðrar athuganir eru ekki taldar tengjast. Lágmarks fjöldi fugla 1976 til 1994 samkvæmt þessu er 42.

Eftir að hrökandarsteggirnir hurfu á braut síðsumars 1976 varð ekki frekar vart við tegundina fyrr en í maí 1984. Þá sáuðst á Egilsstöðum nokkrir fuglar á tímabilinu 19. maí til 25. júlí, mest 5 steggir og 3 kollur. Síðar sama sumar sáuðst a.m.k. 3 fuglar á Mývatni (1. tafla). Frá 1984 til 1994 hafa séðst 1-10 hrökendur á ári (meðaltal 4 fuglar), nema árið 1987 en þá sáuðst enginn fugl (3. mynd).

Hrökendurnar hafa haldið til á tjörnum, vötnum, ám, ísöltum sjávarlónum og árósum. Flestar hrökendur hér á landi hafa séðst á Norðaustur- og Austurlandi eða 30 (71%) af 42 fuglum (4. mynd). Aðalathvarf hennar hefur verið í Mývatnssveit og þar hefur hún séðst 8 ár af þeim 11 sem vitað er um hrökendur hér á landi. Á aðeins tveimur öðrum stöðum, Akureyri og Egilsstöðum, hafa hrökendur séðst oftar en eitt ár (því ár á hvorum stað).


Hrökendur hafa aldrei séðst á Íslandi að vetrarlagi. Fyrstu fuglarnir hafa séðst 12.

maí. Af 42 fuglum sáuðst 32 (76%) á tímabilinu 12. maí til 14. júní (meðaltal 23. maí). Hinir tíu fuglarnir skutu fyrst upp kollinum í júlí eða ágúst og allir nema einn á Mývatni. Líkast til hafa þessir síðbúnu gestir komið um vorið en dvalið á einhverjum óþekktum stað áður en þeir komu til Mývatns. Samanlagður dvalartími allra hrökandanna 42 gefur fróðlega mynd af veru þeirra hér á landi (5. mynd). Fuglarnir koma flestir í síðari hluta maí og fyrri hluta jún og síðan er nokkuð stöðugur fjöldi út ágúst, snarfækkun verður um mánaðamótin ágúst/september og aðeins örfáir fuglar hafa séðst september og október. Síðasta athugun er frá 21. október.

Það má segja að þetta lífsmunstur, sem við sjáum hjá hrököndinni á Íslandi, minni meira á innlenda varpfugla en flækingsfugla. Hún er árviss, kemur á vorin og fer á haustin og dvelur á sömu stöðum ár eftir ár. Það kom því fáum á óvart þegar þau tíðindi bárust norðan úr Mývatnssveit sumarið 1990 að hrökandarhreiður hefði fundist.

Hrökandavarp á Íslandi 1990 til 1994

Fyrir 1990 höfðu aðallega séðst hér hrökandarsteggir, eða 14 (82%) af alls 17 fuglum. Nokkrar kollur og steggir sáuðst þó saman í hóp sumarið 1984 en sýndu enga tilburði til varps. Vorið 1990 breytt-



4. mynd. Dreifing hrókanda á Íslandi 1976 til 1994 eftir svæðum. Stærð punktanna segir til um fjölda fugla sem sést hafa á viðkomandi svæðum. Fuglar sem talið er að flakkað hafi á milli staða, samtals 11, eru taldir með á öllum áfangastöðunum þremur, þ.e. Mývatni, Akureyri og Egilsstöðum. – *Geographical distribution of Ruddy Ducks observed in Iceland through 1994. The dots refer to the number of birds observed at each locality. Eleven birds first observed at Akureyri and Egilsstaðir are also included in the Lake Mývatn figure.*

ist þetta og síðan hafa paraðar kollur sést á líklegum varpstöðum á hverju ári, af 25 hróköndum sem sést hafa frá 1990 hafa 15 (60%) verið steggir. Hér að neðan verður fjallað um þessi tilvik ár fyrir ár. Vitað er um þrjú örugg varptilvik, eitt líklegt (Kritartjörn 1990), og auk þess eru a.m.k. þögur önnur tilvik þar sem þör hafa verið í tilhugalífi.


1990

Vorið og sumarið 1990 sáust fjórar kollur og fjórir steggir á Mývatni. Tveir steggir og kolla voru á Neslandavík, kolla var á Kritartjörn við Álftavog, þar var á Stakhólstjörn við Skútustaði og annað á Höfðatjörnum við Kálfaströnd.

Parið á Höfðatjörnum sást fyrst 22. júlí. Ég frétti af þessum fuglum og fór þann 24. til hreiðurleitar, en datt í tjörnina og þurfti frá að hverfa. Daginn eftir fór ég ásamt fjölskyldu minni og Einari Þorleifssyni og nú gekk betur og við fundum

hreiðrið nær strax. Það var í tjarnastarar-breiðu (*Carex rostrata*) um 2 m frá bakka, en störin var um 4 m breið á þessu bili. Hreiðurdýngjan, sem náði um 10 cm yfir vatnsborð, var úr dauðri og lifandi tjarnastör og akkeruð með stararstönglum sem líka mynduðu vegg og þak yfir dýngjuna. Vottur af hvítum dún var í hreiðrinu. Vatnsdýpi við hreiðrið var um 1 m. Í hreiðrinu voru 4 nýorpin egg. Ég fylgdist með þessu hreiðri fram yfir útungun. Miðað við að síðasta egg hafi verið orpið 25. júlí, þá hefur fyrsta egginu verið orpið 22. júlí. Steggurinn hélt sig meira og minna á tjörninni allt þar til hann druknaði í neti við Mikley 11. ágúst. Hann er varðveittur í Náttúrufræðistofnun Íslands (RM 10371). Ég kom ekki að hreiðrinu eftir fráfall steggsins fyrr en 23. ágúst og þá voru öll eggin klakin. Kollan hafði gert nýjan pall í störrinni um 2 m frá hreiðrinu og var þar á sundi. Á og við pallinn voru þrír nýdauðir ungar, en ekk-

5. mynd. Samanlagður dvalartími allra hrókanda sem sást á Íslandi 1976 til 1994. – *The estimated number of Ruddy Ducks present in Iceland during each day of the year, combined for all years 1976-1994.*



ert sást til fjórða ungans. Hreiðrið og ungarnir (RM 10368-10370) eru varðveitt í Náttúrufræðistofnun Íslands. Kollan var horfin af tjörninni þann 26., en sást sama dag með hrókandarpari á Stakhólstjörn (hún þekktist á lit).

Fuglarnir á Neslandavík héldu til úti á vikinni og fjarri öllum sefbreiðum. Parið á Stakhólstjörn hélt mest til í næsta nágrenni við Stakhól og sást fara inn í sefbreiðuna í hólmanum nokkrum sinnum. Ekki var farið í hólmann til hreiðurleitar. Kollan á Kritartjörn sást fyrst um kl. 14.00 þann 31. júlí á sundi meðfram mikilli tjárrarstararbreiðu við botn vikurinnar. Hún át af krafti í nokkrar mínútur og hvarf síðan inn í störina. Um kl. 15.45, þegar ég var að fara, kom hún aftur út úr störrinni og byrjaði að éta á ný. Arnþór Garðarsson sá svipað gerast 1. ágúst. Við Arnþór þóttumst nokkuð vissir um að kollan væri með hreiður í störrinni og 4. ágúst fórum við saman til að leita að því. Fljótlega eftir að við komum að stararbreiðunni flaug kollan upp úr gróðrinum og út á víkina. Við leituðum í um klukkustund en árangurslaust. Ég sá kolluna aldrei eftir þetta.

1991

Sumarið 1991 var hrókandarpar á Stakhólstjörn en ekki var leitað að hreiðri.

1992

Hinn 26. júlí 1992 sá ég hrókandarstegg á Vatnsstæðinu í Pollengi og voru mikil biðilslátbrögð á honum. Vatnsstæðið býður uppá hentug skilyrði fyrir hrókendur og við Kjartan Magnússon fórum 5 dögum síðar til að leita að hreiðri. Við sáum stegginn og kollu með honum, en fundum engin merki um varp.

1993

Vorið og sumarið 1993 var aftur hrókandarpar á Kritartjörn (6. mynd). Sigurgeir Stefánsson fann hreiðrið þann 4. júlí og þá voru í því 5 nýorpin egg. Allar aðstæður á hreiðurstað voru svipaðar og á Höfðatjörnum 1990 nema hvað stararbreiðan var miklu meiri og um 6 m voru frá bakkanum í hreiðrið og þaðan um 2 m út á vatn. Vatnsdýpi við hreiðrið var um 1 m. Miðað við að kollan hafi orpið síðasta egg þann 4. þá hefur hún hafið varp 30. júní. Ég skoðaði hreiðrið 8. júlí og þá voru í því 5 egg. Það vakti athygli mína að hreiðrið var á nær sama stað og hrókandarkollan hafði flogið upp daginn góða í ágúst þremur árum áður. Ég kom ekki aftur á vettvang fyrir en 3. ágúst og þá var parið á sundi á vikinni en engir ungar sjáanlegir. Af vegsummerkjum í hreiðrinu var ljóst að allir ungararnir höfðu klakist. Parið sást nokkrum sinnum eftir þetta en aldrei neinir ungar, svo líklega hafa þeir

farist fljótlega eftir klak um 29. júlí. Hreiðrið er varðveitt í Náttúrufræðistofnun Íslands.

1994

Þann 22. maí 1994 sáum við Árri Einarsson hrókandarkollu og tvo steggi á Suður-Bol á Víkingavatni í Kelduhverfi. Fuglarnir sátu á þessum slóðum út maí og jún og var mikill atgangur í steggjunum. Þann 27. júní fórum við Aðalsteinn Snæþórsson til hreiðurleitar og könnuðum alla störina í landi V kingavatns við Suður-Bol en án árangurs. Steggina sáum við þó en ekki kolluna, enda var hún lögst á eins og seinna kom í ljós. Þann 29. júl komum við Aðalsteinn aftur að Víkingavatni til að svipast um eftir hróköndunum. Við sáum ekki steggina, en kollan var þar með 7 unga. Ungarnir voru stórir dúnungar (flokkur IC sbr. Schemnitz 1980 á bls. 186) og því á að giska 15 daga gamlir. Ungarnir og kollan köfuðu í sífellu. Miðað við áætlaðan aldur unganna hefur fyrsta egg verið orpið um 15. júní. Við Aðalsteinn höfðum ekki tækifæri til að huga aftur að kollunni en Gaukur Hjartarson og fleiri leituðu 21. ágúst. Gaukur tjáði mér að þeir félagar hafi séð 4 fugla alla álíka stóra og voru þeir í kollu eða ungabúningi. Þann 28. ágúst sá Gaukur 2 fugla sams konar og áður. Greinilegt er að einhverjir ungar (a.m.k. 2-4) hafa komist upp á Víkingavatni sumarið 1994.

Hrókandarpar hélt til á Baulutjörn í Nesjum vorið og sumarið 1994, en ekkert benti þó til varps.

Uppruni íslensku hrókandanna

Hrókönd var óþekkt í Evrópu áður en byrjað var að flytja hana í andagarða og ekkert bendir til þess að hún hafi nokkru sinni flækst þangað frá sínum náttúrlegu heimkynnum. Engin ástæða er til að ætla annað en að þær hrókendur sem sækja Ísland heim séu hluti af evrópska stofninum. Aukning hrókanda á Íslandi hefur verið hliðstæð og annars staðar í Evrópu utan Bretlandseyja.



6. mynd. Hrókendur á varpstað á Kritartjörn 10. júní 1993. – *The breeding pair at Lake Mývatn in 1993.* – Ljós. Jóhann Óli Hilmarsson.

Hvernig fundu hrókendur Ísland upphaflega? Líklegasta skýringin er sú að þær hafi slegist í för með öndum á norðurleið. Flestar íslenskar endur hafa vetursetu á Bretlandseyjum og væntanlega hafa þær vísað fyrstu hróköndunum veginn til landsins. Margar aðrar tegundir leysingja hafa komið þessa sömu leið til Íslands frá Evrópu og nægir þar að nefna roðaflæmingja (*Phoenicopterus chilensis*), svartsvan (*Cygnus atratus*), taumgæs (*Anser indicus*), kanadagæs (*Branta canadensis*), mandarínönd (*Aix galericulata*), brúðönd (*Aix sponsa*) og kambönd (*Mergus cuculatus*).

Aukning hrókanda í Evrópu

Fyrsta hróköndin á meginlandi Evrópu sást í Svíþjóð árið 1966 (Johansson 1978). Á þessum tíma taldi breski stofninn aðeins fáeina tugi einstaklinga. Næst sjást þær á Írlandi 1973 og strax sama ár er staðfest varp þar. Síðan koma Holland og Frakkland 1974 og Ísland 1976 og eftir það hvert landið á fætur öðru. Fyrst í stað er um fá og strjál tilvik að ræða utan Bretlands. Stórt stökk upp á við verður um 1980 þegar breski stofninn telur um 1000 fugla. Aukningin í Evrópu er samstíga stofnbreytingum á Bretlandseyjum (2. mynd). Munstrið sem endurtekur sig aftur og aftur er að hrókendur skjóta upp kolli í

2. tafla. Hrókendur í Evrópu, Norður-Afríku og Mið-Asíu. – *Ruddy Ducks in the Western Paearctic.*

Land <i>Country</i>	Fyrst séð <i>First occurrence</i>	Fyrsta varp <i>First breeding</i>	Heimild <i>Reference</i>
Bretland	1952	1960	Hudson 1976
Svíþjóð	1965	-	Johansson 1978, Johan Elmberg skrifl. uppl.
Írland*	1973	1973	Culbert & Furphy 1978
Holland	1974	1977	Waele 1974, Berk & Roomen 1993
Frakkland	1974	1988	Dubois & Yésou 1992, Philippe J. Dubois skrifl. uppl.
Ísland	1976	1990	Þessi grein.
Belgía	1979	1991	Paul Van Sanden, Koen Devors og P. de Wolf skrifl. uppl.
Þýskaland	1980	-	Bauer 1994
Spánn	1983	1990	Esquivias o.fl. 1994b, Eduardo de Juana skrifl. uppl.
Ísrael	1983	-	Ilani & Shalmon 1983
Noregur	1984	-	Bentz 1987, Andrew W. Clarke skrifl. uppl.
Danmörk	1985	-	Olsen 1988
Marokkó	1986	-	Hughes í prentun
Ítalía	1987	-	Grussu & Meloni 1991
Tyrkland	1988	-	Hughes í prentun
Finnland	1989	-	Tapani Veistola og Hannu Jannes skrifl. uppl.
Portúgal	1989	-	Costa 1994
Sviss	1990	-	Jeaninonod & Rapin 1990, Hans Schmid skrifl. uppl.
Austurríki	1991	-	Hughes í prentun
Úkraína	1992	-	Hughes & Grussu 1994
Ungverjaland	1994	-	Anon 1994

*Fyrstu fuglarnir sáuð á Norður-Írlandi. – *The first birds were observed in Uster.*

einhverju landi, verða árvissir gestir og eftir mislangan undirbúningstíma byrja þær að verpa. Nú hafa hrókendur sést í 21 landi allt frá Íslandi, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi í norðri, til Úkraínu, Tyrklands og Ísraels í austri, og Ítalíu, Spánu og Marokkós í suðri (2. tafla).

Hrókendur og eirendur

Framan af höfðu menn ekki miklar áhyggjur af hróköndinni (Owen 1983). Því til sönnunar má nefna að 1961 voru fluttar nokkrar kollur frá andagarðinum í Slimbridge og sleppt á Chew Valley lónið þar sem voru fyrir óparaðir steggir (Hudson 1976).

Eftir að hróköndinni tók að fjölga verulega og fór að breiðast út varð það knýjandi spurning hvort hún hefði neikvæð áhrif á aðra breska fuglastofna. Wildfowl Trust í Slimbridge stóð fyrir rannsóknnum á atferli hrókanda og sam-

keppni þeirra við innlenda vatnafugla á árunum 1987 til 1990 (Hughes 1990, 1992). Megin niðurstöður þeirra rannsókna sýndu að engin alvarleg samkeppni virtist vera á milli hrókanda og annarra vatnafugla, en sú hættu var þó talin vera fyrir hendi héldi hróköndinni áfram að fjölga. Hrókendur virðast hafa fundið ósetna vist í breskum votlendum og það er talinn vera lykillinn að velgengi hennar. Aðalhaittan fyrir fugla sem deila með henni búsvæði er talin liggja í árásgirni hrókandanna um varptímann, þannig að tegundir eins og stargödi (*Podiceps nigricollis*) og dverggoði (*Tachybaptus ruficollis*) muni mögulega hörfa frá þeim vötnum þar sem hrókendur eru í miklu magni. Hrókendur virðast hafa yfirhöndina í erjum við flesta fugla af svipaðri stærð.

Vikjum nú sögunni suður til Miðjarðarhafsins en á Spáni lifir eiröndin



7. mynd. Eirandarsteggur á biðilsbuxunum, Slimbridge 1994. – *A displaying White-headed Duck drake.* – Ljós. Mark Hulme.

(*Oxyura leucocephala*) náfrænka hrók-
andarinnar og lík henni í útliti og háttum
(7. mynd). Eirönd var útbreiddur varpfugl
um Suður- og Mið-Evrópu, Norður-
Afriku og Mið-Asíu. Útbreiðslusvæði
hennar hefur dregist mjög saman á þess-
ari öld og er nú slitið í sundur, annars
vegar er litill stofn með höfuðstöðvar á
Spáni og hins vegar stærri stofn í Mið-
Asíu. Spænsku eirendurnar voru nær út-
dauðar 1977, og stofninn taldi aðeins 22
einstaklinga. Með hörðum friðunarað-
gerðum tókst að ná þessum stofni upp í
tæplega 800 fugla 1992 (Esquivias o.fl.
1994a). Í Norður-Afríku eru taldar vera
um 400 eirendur, þannig að vestræni
stofninn telur um 1200 fugla. Mið-Asíu-
stofn eirandar er sterkari og telur um
18.000 fugla (Green 1994). Aðalvarp-
stöðvar þeirra eru austur á steppum Kas-
akstan og helstu vetrarstöðvar í Tyrk-
landi. Fram til þessa hefur eyðilegging
búsvæða og ofveiði staðið eiröndunum
fyrir þrífum. Friðunaraðgerðir á Spáni

hafa m.a. beinst að því að vernda og end-
urhæfa votlendi og tryggja skotfriðun með
fræðslu og áróðri. Árangurinn hefur verið
glæsilegur á Spáni og í kjölfarið hefur
verið hafist handa við að sleppa eiröndum
í löndum þar sem þær voru aldauda, svo
sem Frakklandi, Ítalíu og Ungverjalandi.

Árið 1988 áttu hrókönd og eirönd sam-
an unga í andagarðinum í Arundel. Kyn-
blendingarnir hafa reynst frjóir og eins af-
kvæmi þeirra (Hughes 1994). Þessi stað-
reynd og krafturinn og hraðinn í út-
breiðsluaukningu hrókandarinnar á meg-
inlandinu gerði það að verkum að nú fyrst
urðu menn verulega hræddir. Hvað myndi
gerast þegar þessar tvær tegundir kæmu
saman úti í náttúrunni?

Það þurfti ekki að biða lengi eftir svar-
inu og reyndar hafði fyrsta hróköndin sést
á Spáni þegar árið 1983. Fram til 1994
höfðu að minnsta kosti 16 fuglar komið
þangað. Hrókendurnar hafa haldið sig
með eiröndum og hrókandarsteggir virð-
ast ríkja yfir eirandarsteggjum (Arenas &

Torres 1992). Hrókendurnar hafa orpið nokkrum sinnum á Spáni síðan 1990, en einnig hafa eirandarkollur parast hrókandarsteggjum eða steggirnir tekið eirandarkollur nauðugar. Vitað er um 34 kynblendinga frá 1991 (Esquivias o.fl. 1994b). Sérfræðingar eru sammála um það að helsta ógnin við eirandarstofninn á Spáni í dag sé tilkoma hrókandarinnar (International *Oxyura jamaicensis* Workshop 1993).

Vegna þessara mála boðuðu bresk stjórnvöld til ráðstefnu í Arundel á Englandi í mars 1993. Á þingið komu fulltrúar flestra þeirra landa í Evrópu þar sem hrókendur höfðu sést. Samþykkt var á ráðstefnunni að hefjast handa við verkefni sem hefði það að markmiði að tryggja framtíð eirandarinnar með því að fækka hróköndum og hefta frekari útbreiðslu aukningu þeirra á öllu palearktíska svæðinu. Samþykktir ráðstefnunnar, sem eru í sjö liðum, lúta að löggjöf og alþjóðlegum skuldbindingum, eftirliti með hrókandarstofninum, rannsóknum, stofnstjórnun, almenningsfræðslu, hrókandaeldi og framkvæmdaáætlun (International *Oxyura jamaicensis* Workshop 1993). Það sem snertir Ísland sérstaklega eru samþykktir sem tengjast stofnstjórn hrókandar, en þar segir í lið samþykktarinnar nr. 4.2 eitt-hvað á þá leið að í löndum þar sem hróköndin er að nema land skal þegar í stað gripið til aðgerða og þessum litlu landnámsstofnum eytt.

Í framhaldi af Arundelfundinum var boðað til fundar í Cordoba á Spáni í september 1994. Þar kom fram að aðeins á Spáni hefur verið hafist handa við fækkunaraðgerðir. Spánverjar hafa eytt nær öllum hróköndum (14) og kynblendingum (34) sem þeir hafa fundið og einnig þeim eiröndum sem parast hafa hróköndum. Rót vandans liggur á Bretlandseyjum, þar er aðalstofninn og þaðan koma landnámsfuglar til meginlandsins. Talið er að á meginlandi Evrópu séu um þessar mundir innan við 100 fuglar (Barry Hughes skrifl. uppl.).

Aðalvandinn á Bretlandseyjum er að hróköndin er orðin tiltölulega algeng og vegna þess hve falleg hún er og áberandi nýtur hún vinsælda almennings. Þv er það talið vera pólitískt óframkvæmanlegt að stefna að algjörrí útrýmingu hennar þar (Holmes & Galbraith 1994). Markmið Breta er að koma stofninum niður í þá stærð að útflutningur fugla til Evrópu verði ekki lengur vandamál (Robin Groombridge munnl. uppl.). Sjálfir hafa þeir ekki skilgreint hver sú stofnstærð sé, en miðað við sögu hrókanda á meginlandinu hljóttum við að vera að tala um stofn sem telur minna en 300 fugla. Bretar hófu vorið 1993 tilraunir með það hvernig best væri að fækka hróköndum. Unnið var á Anglesey fyrir ströndum Wales. Á Anglesey urpu um 55 hrókandarpör. Þessu verkefni hafa fuglar verið skotnir með rifflum og haglabyssum, kollur verið teknar í gildirur á hreiðrum og föstur drepin í eggjum. Samtals hefur verið lógað um 89 fuglum á Anglesey. Á veturna hafa fuglar verið skotnir eða reynt að taka þá í gildirur. Ætlunin er að hefja umfangsmikla herferð gegn hróköndinni á Englandi 1995 (Hughes í prentun, Hughes & Grussu 1994).

Einnig er rétt að geta þess að hrókönd og skarfönd (*Oxyura maccoa*) hafa æxlast saman í andagarðinum í Slimbridge (Hughes 1994). Vandamál vegna kynblöndunar við hrókendur snýr því ekki bara að eiröndum. Skarföndin er náskyld hróköndinni og er varpfugl í Afríku sunnan Sahara (Johnsgard 1968).

Framtíð hrókanda á Íslandi

Enn sem komið er sækja tiltölulega fáar hrókendur landið heim, en það virðist komið fast munstur á veru þeirra hér. Þær dvelja á sömu slóðum ár eftir ár og varptilraunir eru orðnar nær árvisrar og farnar að bera ávöxt. Vetrarheimkynni þessara hrókanda eru væntanlega á Bretlandseyjum. Ég tel að við getum með réttu talað um íslenskan hrókandarstofn. Þessi stofn er litill sem stendur, senilega 10-20



8. mynd. Flórigoðapar á Kritartjörn 7. júní 1993. – *A pair of Slavonian Grebes at Lake Mývatn 1993.* – Ljós. Jóhann Óli Hilmarsson.

einstaklingar, en hróköndin hefur áður sýnt hvers hún er megnug.

Er ástæða fyrir Íslendinga að taka þátt í þessari evrópsku herferð gegn hróköndinni og útrýma okkar stofni? Í framhaldi af fundinum í Arundel 1993, stakk ég upp á því við umhverfissráðuneytið að þetta yrði gert en fuglafriðunarnefnd hafnaði þeirri tillögu. Fuglafriðunarnefnd taldi ekki tímabært að hefjast handa. Í mínum huga er enginn efi á því að hróköndin er hingað komin til að vera og við munum sitja uppi með stofn sem telur tugi eða hundruð para innan fárra áratuga. Sé ástæða er til að herja á hróköndina hér er skynsamlegast að gera það strax, áður en stofnin vex og þetta verður illvinnanlegt.

Ég sé tvær megin röksemdir fyrir þátttöku okkar í þessari herferð. Fyrri röksemdin og sú veigameiri snertir velferð eirandarinnar og alþjóðlegar skuldbindingar okkar. Ógn hrókandarinnar við eiröndina er óvæfengjanleg og fyrirsjáanlegt að eiröndin muni hverfa sem slík haldi

óheft útbreiðsluaukning hrókandarinnar áfram á næstu árum og áratugum (International *Oxyura jamaicensis* Workshop 1993). Ísland er aðili að Bernar-samþykktinni um verndun evrópskra tegunda villtra plantna og dýra og lífsvæða þeirra síðan 1. október 1993. Sérstök áhersla er lögð á tegundir sem eru hætt komnar eða eru fágætar. Í þremur viðaukum með samþykktinni eru nöfn plantna og dýra sem aðildarríkjunum ber að vernda. Eiröndin er í Viðauka 2 um tegundir sem njóta skulu strangrar verndunar. Aðildarríkin hafa með samþykktinni skuldbundið sig til að tryggja verndun þessara tegunda. Þar sem hróköndin er nú talin vera helsta ógnin við eiröndina og þar sem íslenskar hrókendur eru að öllum líkindum hluti af þessum evrópska stofni þá tel ég að við getum ekki komist hjá því að taka afstöðu. Það dugir ekki að bíða og sjá til hvað aðrir gera. Árangur aðgerðanna byggist á því að hafist sé handa strax og sem viðast.

Síðari röksemdin fyrir aðgerðum gegn hróköndinni er möguleg neikvæð áhrif hennar á innlenda fugla. Engar rannsóknir hafa verið gerðar á samskiptum hrókanda og íslenskra vatnafugla. Rétt er þó að benda á erjur hrókanda og flórgoða (*Poaceps auritus*), sem ég hef orðið vitni að. Íslenski flórgoðinn er í útrýmingarhættu og heildarstofninn er kominn niður í um 300 varppör. Aðalstöðvar flórgoðans eru á Norðausturlandi, einkum á Mývatni og Víkingavatni. Búsuvæðaval flórgoða og hrókandar um varptímann er eins, því báðar tegundirnar vilja tjarnir eða vötn með gróskumiklum starargróðri. Báðar tegundirnar eru árásargjarnar. Allir staðir hér á landi, þar sem hrókandarpör hafa dvalið um varptímann, eru varpstaðir flórgoða (8. mynd). Ég hef ítrekað séð átök milli þessara tegunda bæði við stararbreiðurnar þar sem hróköndin hefur hreiðrað um sig og eins úti á vatni. Hrököndin hefur stundum átt frumkvæðið að þessum átökum, t.d. sá ég hrókandarkolluna á Víkingavatni yfirgefa unga sína og fljúga 50 m vegalengd til að berja á flórgoða, en oftast hefur ekki verið augljóst hver átti upptökin. Stór hrókandarstofn á kjarnasvæðum flórgoðans gæti mögulega takmarkað enn meir en orðið er útbreiðslu hans hér á landi og það er áhætta sem ekki er ástæða til að taka.

Lokaorð

Innflutningur lifvera, plantna jafnt sem dýra, á svæði þar sem þær voru ekki fyrir er mikið vandamál (Laycock 1966), og t.d. er álitnið að ein helsta ógnin við norður-ameríska fuglastofna séu innfluttar fuglategundir (Temple 1992). Gott dæmi um hrikalegar afleiðingar innflutnings eru örlög blakkandarinnar (*Anas superciliosa*) á Nýja-Sjálandi. Stökköndin (*Anas platyrhynchos*) var flutt þangað sem veiðibrað en hefur með kynblöndun nær útrýmt blakköndinni og svipuð virðast örlög blakkandarinnar í Ástralíu ætla að verða (Callaghan & Kirby í prentun). Hrököndin og eiröndin eru því aðeins eitt

dæmi af mörgum, en það sem er sérstakt við mál þetta fyrir okkur er að það teygir anga sína hingað norður til Íslands og við, rétt eins og Hamlet forðum, þurfum að taka afstöðu.

ÞAKKIR

Barry Hughes og Jóhann Óli Hilmarsson lánuðu ljósmyndir og Barry las yfir enska útdráttinn og lagfærði. Arnþór Garðarsson og Guðmundur A. Guðmundsson lásu alla ritgerðina yfir í handriti og lagfærðu. Gunnlaugur Pétursson aðstoðaði við gerð línurita. Umhverfisráðuneytið veitti styrk til þátttöku í hrókandarfundunum í Arundel og Cordoba.

HEIMILDIR

- Alisaukas, R.T. & C.D. Ankney 1994. Costs and rates of egg formation in Ruddy Ducks. *Condor* 96: 11-18.
- Anon 1994. Western Palearctic news. *Birding World* 7: 427-430.
- Arenas, R. & J.A. Torres 1992. Biología y situación de la Malvasía en España. *Quercus* 73: 14-21.
- Arnþór Garðarsson, Agnar Ingólfsson & Jón Eldon 1976. Lokaskýrsla um rannsóknir á óshólmasvæði Eyjafjarðarár 1974 og 1975. Fjölrit Líffræðistofnunar nr. 7.
- Bauer, H.-G. 1994. Ruddy Duck (*Oxyura jamaicensis*) and White-headed Duck (*Oxyura leucocephala*) in Germany: occurrence and legal status. *Oxyura* 7: 49-60.
- Bentz, P.-G. 1987. Sjeldne fugler i Norge i 1985. *Vår Fuglefauna* 2: 91-95.
- Berk, V. van den & F.H.M. van Roomen 1993. Status and origin of Ruddy Duck in The Netherlands. National Reference Centre for Nature, Forests and Landscape, Ministry of Agriculture, Nature Management and Fisheries. Fjölrit, 11 bls.
- Callaghan, D.A. & J.S. Kirby, í prentun. Releases of Anatidae for hunting and the effects on wetland biodiversity. *Proc. Anatidae Conference, Strasbourg, Dec. 1994*.
- Costa, L.T. 1994. Observations on Ruddy Duck (*Oxyura jamaicensis*) and white-headed Duck (*Oxyura leucocephala*) in Portugal. *Oxyura* 7: 221-222.
- Cramp, S. & K.E.L. Simmons (ritstj.) 1977. The Birds of the Western Palearctic. Vol. 1: Ostrich to Ducks. Oxford University Press, Oxford.
- Culbert, R.W. & J.S. Furphy 1978. The Ruddy Duck in Lough Neagh, Co. Armagh. *Irish Birds* 1: 234-236.
- Dubois, P.J. & P. Yésou 1992. Les Oiseaux rares en France. Chabaud Editeur, Bayonne.
- Esquivias, J.A.T., B.M. Arroyo & A.A.-Z. Barrón 1994a. La población Española de Malvasía Cabeciblanca (*Oxyura leucocephala*) a la luz de los últimos censos nacionales. *Oxyura* 7: 89-107.

- Esquivias, J.A.T., B.M. Arroyo & A.A.-Z. Barrón 1994b. La Malvasía Canela (*Oxyura jamaicensis*) en España y su relación con la Malvasía Cabeciblanca (*Oxyura leucocephala*). *Oxyura* 7: 5-27.
- Green, A.J. 1994. Estatus mundial de la Malvasía, *Oxyura leucocephala*. *Oxyura* 7: 75-87.
- Grussu, M. & R. Meloni 1991. Il gobbo della giamaica, *Oxyura jamaicensis*, in Europa e prima sua osservazione in Italia. *Riv. Ital. Orn.* Milano 61: 33-36.
- Gunnlaugur Pétursson & Erling Ólafsson 1986. Sjaldgæfir f glar á Íslandi 1984. *Bliki* 5: 19-46.
- Gunnlaugur Pétursson & Erling Ólafsson 1988. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1985. *Bliki* 6: 33-68.
- Gunnlaugur Pétursson & Erling Ólafsson 1989. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1986. *Bliki* 7: 23-48.
- Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson & Erling Ólafsson 1991. Sjaldgæfir f glar á Íslandi 1988. *Bliki* 10: 15-49.
- Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson & Erling Ólafsson 1992a. Sjaldgæfir f glar á Íslandi 1989. *Bliki* 11: 31-63.
- Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson & Erling Ólafsson 1992b. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1990. *Bliki* 12: 15-53.
- Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson & Erling Ólafsson 1993. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1991. *Bliki* 13: 11-44.
- Holmes, J. & C.A. Galbraith 1994. The UK Ruddy Duck (*Oxyura jamaicensis*) working group. *Oxyura* 7: 61-65.
- Hudson, R. 1976. Ruddy Ducks in Britain. *British Birds* 69: 132-143.
- Hughes, B. 1990. The ecology and behaviour of the North American Ruddy Duck *Oxyura jamaicensis* in Great Britain and its interaction with native waterbirds: a progress report. *Wildfowl* 41: 133-138.
- Hughes, B. 1992. The ecology and behaviour of the Ruddy Duck *Oxyura jamaicensis jamaicensis* Gmelin in Great Britain. Ph.D. ritgerð, University of Bristol.
- Hughes, B. 1994. Hybrid stiff-tails at the Wildowl & Wetlands Trust, Slimbridge, 1988-1994. *Handrit*, 2 bls.
- Hughes, B. í prentun. The Ruddy Duck *Oxyura jamaicensis* in Europe and the threat to the White-headed Duck *Oxyura leucocephala*. *Proc. Anatidae Conference*, Strasbourg, Dec. 1994.
- Hughes, B. & M. Grussu 1993. The Ruddy Duck in Europe and the threat to the White-headed Duck. *Britain's Birds: the conservation and monitoring review* (S.P. Carter, ritstj.). BTO/JNCC, Thetford. í prentun.
- Hughes, B. & M. Grussu 1994. The Ruddy Duck (*Oxyura jamaicensis*) in the United Kingdom: distribution, monitoring, current research and implications for European colonisation. *Oxyura* 7: 29-47.
- Ilani, G. & B. Shalmon 1983. First Ruddy Duck. *Israel Ld. Nat.* 9: 38.
- International *Oxyura jamaicensis* workshop 1993. Summary and recommendations. International Waterfowl and Wetlands Research Bureau, Department of the Environment, Joint Nature Conservation Committee. Fjölrit, 6 bls.
- Jeanmonod, J. & P. Rapin 1990. Erismature Rousse, *Oxyura jamaicensis*: enfin une observation probante en Suisse. *Nos Oiseaux* 40: 489.
- Johansson, I. 1978. Amerikansk Kopparand anträffad i Hulsjön i november 1966. *Gavia* 4: 29-30.
- Johnsgard, P.A. 1968. Waterfowl: their biology and natural history. University of Nebraska Press, Lincoln. 138 bls.
- Joyner, D.E. 1977. Behavior of Ruddy Duck broods in Utah. *Auk* 94: 343-349.
- Lagerquist, B.A. & C.D. Ankney 1989. Interspecific differences in bill and tongue morphology among diving ducks (*Aythya* spp., *Oxyura jamaicensis*). *Can. J. Zool.* 67: 2694-2699.
- Laycock, G. 1966. The alien animals. *Natural History Press*, New York. 240 bls.
- Lever, C. 1977. The naturalized animals of the British Isles. Hutchinson of London, London. 600 bls.
- Olsen, K.M. 1988. Sjældne fugle i Danmark og Grønland i 1986 og 1987. *Dansk Orn. Foren. Tidsskr.* 82: 81-100.
- Owen, M. 1983. The aliens. *Wildfowl World*. no. 89: 16-19.
- Ólafur K. Nielsen 1994. The Ruddy Duck (*Oxyura jamaicensis*) in Iceland. *Oxyura* 7: 67-73.
- Palmer, R.S. (ritstj.) 1976. Handbook of North American Birds. 3. bindi. Yale: University Press, New Haven. 560 bls.
- Raikow, R.J. 1970. Evolution of diving adaptations in the stiff-tail ducks. *University of California Publications in Zoology*. Vol. 94, 52 bls.
- Siegfried, W.R. 1973a. Wing moult of Ruddy Ducks in Manitoba. *Bulletin of the British Ornithologists' Club* 93: 98-99.
- Siegfried, W.R. 1973b. Platform-building by male and female Ruddy Ducks. *Wildfowl* 24: 150-153.
- Siegfried, W.R. 1973c. Summer foods and feeding of the Ruddy Duck in Manitoba. *Can. J. of Zool.* 51: 1293-1297.
- Schemnitz, S.D. (ritstj.) 1980. Wildlife management techniques manual. 4. Útgáfa. The Wildlife Society, Washington, D.C. 686 bls.
- Temple, S.A. 1992. Exotic birds: a growing problem with no easy solution. *Auk* 109: 395-397.
- Tome, M.W. & D.A. Winkleski 1988. Underwater foraging behavior of Canvasbacks, Lesser Scaups, and Ruddy Ducks. *Condor* 90: 168-172.
- Vinicombe, K.E. & R.J. Chandler 1982. Movements of Ruddy Ducks during the hard winter of 1978/79. *British Birds* 75: 1-11.
- Woodin, M.C. & G.A. Swanson 1989. Foods and dietary strategies of prairie-nesting Ruddy Ducks and Redheads. *Condor* 91: 280-287.
- Waele, G. De 1974. De eerste waarneming van de Rosse Stelkstaarteend (*Oxyura jamaicensis*) op

Í et Europese vasteland. Wielewaal 40: 188-190.
Ævar Petersen & Sverrir Thorstensen 1990. Fuglalíf
við Akureyrarflugvöll og í grennd 1987. Bliki 9:
7-20.

SUMMARY

The Ruddy Duck colonisation in Iceland

The North-American Ruddy Duck (*Oxyura jamaicensis*) was introduced to England in the 1950s. The Ruddy Duck has enjoyed unprecedented success compared with other feral waterfowl. The current British Ruddy Duck population numbers 3500 birds. Birds from this feral population have been recorded in 20 other countries in the West Palearctic and breeding has been confirmed in at least 6 countries.

The Ruddy Duck was first observed in Iceland in 1976 and has been a more or less an annual visitor since 1984 (at least 42 birds observed, 28 males and 14 females). These birds are regarded as a part of the feral European population. The Ruddy Ducks arrive mainly in May and leave in August-September (first and last observations are from 12 May and 21 October). Most of the Ruddy Ducks are associated with the Lake Mývatn region in NE-Iceland. Three breeding attempts have been confirmed: Lake Mývatn 1990 (young died), Lake Mývatn 1993 (young died) and Lake Víkingavatn 1994 (at least 3 or 4 young fledged). The pattern of Ruddy Duck occurrence in Iceland more resembles that of a breeding waterfowl than a vagrant. It now appears that an Icelandic breeding population of some 10-15 birds has been established.

The introduced Ruddy Duck has caused problems in Europe by hybridizing with the endangered White-headed Duck (*Oxyura leucocephala*). The spread of the Ruddy Duck is now considered one of the most immediate threats to the future survival of the White-headed Duck population. To discuss this problem an International Workshop was held in Arundel, England, in 1993. One of the recommendations of the Workshop was that countries with small populations of Ruddy Ducks should urgently implement control measures. At the second Ruddy Duck Workshop held in Cordoba, Spain, in September 1994, it was revealed that only Spain had taken such action. A regional control program is planned to begin in the United Kingdom in 1995.

Following the Arundel meeting I suggested to the Ministry of Environment that the Icelandic Ruddy

Duck population should be eradicated. The Ministry decided to postpone any decisions. I see two main arguments for our participation in a Ruddy Duck control program:

1. To ensure the well being of the White-headed Duck in agreement with international obligations Iceland has undertaken, such as the Bern Convention and the Biodiversity Convention.

2. Possible threat of the Ruddy Duck to native water birds, particularly the endangered Slavonian Grebe (*Podiceps auratus*). Breeding habitats (nesting areas and feeding areas) of both species overlap completely in Iceland. The Icelandic Slavonian Grebe population has decreased dramatically in numbers during the last four decades and this trend continues. The total breeding population now numbers approximately 300 pairs. All areas where Ruddy Duck pairs have stayed during the summer have breeding Slavonian Grebes, and 60-70% of the total population is found at Lake Mývatn and Lake Víkingavatn. Fights have been observed between the two species at all the Ruddy Duck nests sites, both in the sedge beds and out on open water. To have a large breeding population of Ruddy Ducks within the core areas of the Slavonian Grebe is a risk not worth taking.

The success of a Ruddy Duck control program in Iceland or any other country where these birds are settling to breed, depends totally on what will be done in the United Kingdom. The stated aim of the Ruddy Duck control program in the United Kingdom starting 1995 is to bring the population down to a level where dispersal to other countries ceases to be a problem. This population level has not been defined, but considering the history of Ruddy Duck vagrancy to Europe and contemporaneous size of the British population we must be talking about no more than 300 birds. Note that the first vagrant on the continent was found in 1965 when the British population numbered less than 50 birds and when the first birds reached Iceland the population numbered c. 350 birds. It cannot be overstressed for a successful international control program, that we see a complete halt of new Ruddy Duck dispersal out of the United Kingdom as the small founder populations are eradicated. The only sensible long-term solution is a total eradication of the Ruddy Duck population in the United Kingdom.

Ólafur K. Nielsen, Náttúrufræðistofnun Íslands, pósthólf 5320, 125 Reykjavík.

Skarfavörp í innanverðum Faxaflóa 1993

Skarfategundirnar tvær sem finnast hér við land, dílaskarfur *Phalacrocorax carbo* (1. mynd) og toppskarfur *P. aristotelis*, verpa nú á tímum nær eingöngu á Breiðafirði og Faxaflóa (Arnþór Garðarsson 1979, Ævar Petersen 1982, 1989). Undanfarin ár hefur dílaskörfum fækkað í vörpum á Breiðafirði svo um munar (Ævar Petersen 1993a). Toppskörfum hefur aftur á móti jölgað þar síðustu áratugi (Arnþór Garðarsson 1979, Ævar Petersen 1982, 1989). Okkur lék forvitni á að vita hvort svipaðar breytingar hafi orðið á skarfavörpum annars staðar.

Hér er gerð grein fyrir könnun á varpi dílaskarfa og toppskarfa við innanverðan Faxaflóa sumarið 1993. Toppska far verpa

einnig yst Faxaflóamegin á Snæfellsnesi (Ævar Petersen 1993b) og urpu einnig fyrrum í Hólmsbergi syðst í Faxaflóa (Ævar Petersen & Erling Ólafsson 1986), en hér er ekki fjallað um þessi varpsvæði. Niðurstöðurnar eru bornar saman við könnun Arnþórs Garðarssonar (1979) á skarfavörpum á Íslandi árið 1975, sem og önnur fyrirliggjandi eldri gögn.

Aðferðir

Upplýsinga var aflað frá öllum stöðum við innanverðan Faxaflóa þar sem okkur var kunnugt um að skarfar hafi einhvern tímann orpið. Útvinna var framkvæmd þannig að tekið var land í skarfaskerjum og talin hreiður með eggjum eða ungum



1. mynd. Dílaskarfar í varpi í Melrækkaey á Breiðafirði, 16. jún 1966. – *Cormorants at nest on Melrækkaey in Breiðafjörður, 16 June 1966.* – Ljós. Grétar Eiríksson.


1. tafla. Skarfavörp á Faxaflóa og fjöldi skarfhreiðra 1993. Niðurstöður eru bornar saman við talningu 1975 (Arnþór Garðarsson 1979). Vörp frá fyrri tíð en ónotuð 1993 eru talin upp neðanmáls. Tölur í sviga vísa til staðsetningar varpanna á l. mynd. - *Cormorant and Shag colonies in the Faxaflói Bay and numbers of nests 1993, compared with census results from 1975 (Arnþór Garðarsson 1979). Earlier known colony sites are listed in footnote. Numbers in parentheses refer to locations in Fig. 1.*

	Dílaskarfur – <i>Cormorant</i>		Toppskarfur – <i>Shag</i>	
	1975	1993	1975	1993
1. Belgsholtshólmi	7	96	0	3
2. Elliðaey við Knarrarnes	146	230	0	6
3. Knarrarneshöfði, Knarrarnesi ¹	0	0	0	1
4. Klofningur við Akra	47	32	10	19
5. Flaga í Hvalseyjum	27	36	0	0
6. Skarfasker í Hvalseyjum	41	11	0	0
7. Skarfasker við Hitarnes	27	16	0	0
8. Barasker	17	0	0	0
9. Tjaldurseyjar	104	70	0	0
Samtals – Total:	416	491	10	29

¹ Ekki nefndur sem varpstaður 1975 og álitinn hafa verið ónotaður. - *Not mentioned as nesting site in 1975 and presumed not used.*

² Heimildir eru til um skarfavarp á eftirtöldum 13 stöðum frá fyrri árum, en þeir voru ekki notaðir 1993. Sumra er getið í skarfatali 1975 (Arnþór Garðarsson 1979) og allir álitnir hafa verið ónotaðir þá. - *Colonies are documented from earlier years at the following 13 sites but not used in 1993: (10) Klofningar við Ós, (11) Miðfjarðarsker, (12) Skarfasker í Borgareyjum, (13) Skarfasker við Rauðanes, (14) Grænhólmi, (15) Skarfaklettur, (16) Sigurðarklettur, (17) Skorr-eyjar, (18) Lundhólmi, (19) Þormóðssker, (20) Selsker, (21) Skarfasker við Knarrarnes, (22) Nykur við Vog og (23) Byrða við Akra.*

2. mynd. Staðsetning á skarfavörpum á Faxaflóa sem voru notuð 1993 og varpstöðum sem vitað er um frá fyrri tíð. Númer vísa til örnefna í 1. töflu. - *The location of Cormorant and Shag colonies on Faxaflói Bay, used in 1993 or earlier. The numbers shown refer to the sites listed in Tab. 1.*





3. mynd. Hluti af dílaskarfsvarpinu í Elliðaey í Knarrarreslöndum á Mýrum 1951. — *The Cormorant colony at Elliðaey, Knarrarres, Mýrar, 1951.* — Ljós. Finnur Guðmundsson, 13.5.1951.



4. mynd. Úr dílaskarfsbyggðinni í Lundhólma, Álftaneseyjum á Mýrum 1951. — *From the Cormorant colony at Lundhólmi, Álftanes, Mýrar, 1951.* — Ljós. Finnur Guðmundsson, 14.5.1951.

svo og tóm hreiður. Flest vörpin voru heimsótt 18. og 19. júní, utan Klofningar við Ós, en þangað var farið 6. júlí. Upplýsingar úr Miðfjarðarskeri, Skarfaskerjum í Borgar-, Rauðaness- og Knarrarresslöndum, Knarrarreshöfða, Þormóðsskeri og Selskeri voru fengnar frá heimamönnum eða staðkunnugum, ásamt ýmsum athugunum frá fyrri árum. Öðru fuglalífi í skarfavörpunum var einnig gerð skil og fuglar voru merktir, einkum fullorðnir týlar *Fulmarus glacialis* og dílaskarfsungar. Alls voru merktir 137 dílaskarfsungar, en nánar verður skýrt frá þessum merkingum á öðrum vettvangi.

Niðurstöður

Alls voru 491 dílaskarfshreiður í sjö vörpum sumarið 1993 og 29 toppskarfshreiður á fjórum stöðum. Toppskarfarirnir urpu allir á stöðum þar sem einnig urpu dílaskarfar, nema stakt toppskarfspar varp í Knarrarreshöfða. Fjöldi hreiðra í einstökum skarfavörpum árið 1993 er að finna í 1. töflu, en staðsetning varpanna er sýnd á 2. mynd.

Vitað er um fjórtán staði sem skarfar urpu á fyrstum til viðbótar þeim átta sem

notaðir voru árið 1993. Syðsti varpstaður skarfa á Faxaflóa er nú í Belgsholtshólma undan Melasveit (Kristinn H. Skarphéðinsson o.fl. 1994).

Samanburður við eldri gögn

Dílaskarfur

Árið 1975 kannaði Arnþór Garðarsson (1979) skarfavörp hér við land og fann 416 dílaskarfshreiður á svæðinu sem við athuguðum (sbr. 1. töflu). Við fundum 491 dílaskarfshreiður, sem er 75 hreiðrum eða 18% fleiri en Arnþór fann 18 árum áður. Dílaskörfum virðist því hafa fjölgað, þótt munurinn sé líklega einnig að einhverju leyti vegna mismunandi talningaraðferða. Arnþór taldi hreiður af ljósmyndum sem teknar voru úr flugvél, en eins og fyrr segir töldum við hreiður beint í vörpunum. Hvað sem líður mismunandi aðferðum hefur dílaskörfum a.m.k. ekki fjölgað í vörpum á Faxaflóa sem nemur fækkun dílaskarfa í breiðfirsku vörpunum. Dílaskörfum á Breiðafirði hefur fækkað það mikið, eða um allt að 1400 pör sem er nálægt 40% af stofninum 1975 (Ævar Petersen 1993a).

Dílaskarfvörpin voru þau sömu 1993 og 1975 nema hvað varpið í Barraskeri var horfið. Það er ekki eina tilfærslan á pörum sem átt hefur sér stað, því önnur vörp höfðu annað hvort stækkað eða dregist saman. Elliðaey við Knarrarnes var langstærsta dílaskarfvarpið á Faxaflóa árið 1993 með tæpan helming allra para. Það varp hefur stækkað talsvert, eða úr 146 hreiðrum 1975 í 230 hreiður 1993. Hlutfallslega mest hefur þó fjölgað í varpinu í Belgsholtshólma, eða frá 7 hreiðrum 1975 í 96 árið 1993. Hin vörpin hafa flest dregist saman. Ekki er óalgengt að dílaskarfar flytji sig milli varpa eða hefji að verpa að nýju á yfirgefnum varpstöðum (Bergsveinn Skúlason 1949, Arnþór Garðarsson 1979, Ævar Petersen 1989).

Upplýsingar um vörp dílaskarfa á Faxaflóa og fjölda varppara eru takmarkaðar frá fyrstu áratugum aldarinnar, en 1951 urpu þeir m.a. í Elliðaey (um 160 hreiður, 3. mynd), Lundhólma (81 hreiður, 4. mynd) og Skorreyjum (óþekktur fjöldi; Finnur Guðmundsson 1951).

Dílaskarfar urpu í Klofningi við Akra árið 1955 (um 140 hreiður; Arnþór Garðarsson 1979). Samkvæmt Árna W. Hjálmarssyni (sbr. Arnþór Garðarsson 1979) urpu þeir í Skarfaskeri við Hítarnes 1958 (um 27 hreiður), á Barraskeri (125 hreiður) og í Tjaldurseyjum (173 hreiður).

Samtals eru þetta yfir 700 hreiður á árunum 1951-1958. Varppörum virðist því hafa fækkað allnokkuð frá sjötta áratugnum og fram til 1975 og 1993. Þess ber þó að geta, að upplýsingarnar eru ekki frá sama ári og fuglarnir gætu hafa fært sig milli skerja. Á móti vegur að ekki eru til gögn frá mörgum stöðum sem dílaskarfar kunna að hafa orpið á um miðja öldina, og pörin gætu því hæglega hafa verið fleiri.

Toppskarfur

Toppskarfar urpu á allt að 14 stöðum á innanverðum Faxaflóa á fyrstu áratugum aldarinnar (staðir nr. 1, 4, 7, 11-19, 21, 23 í 1. töflu; Einar Friðgeirsson [≈1921-

1928]). Vitað er að toppskarfar urpu ekki í Grænhólma, Skorreyjum, Lundhólma og Elliðaey árið 1951 (Finnur Guðmundsson 1951), ekki í Skarfaskeri við Hítarnes 1958, og óvíst var um örfá pör í Barnaskeri 1956 (Árni W. Hjálmarsson, sbr. Arnþór Garðarsson 1979). Aðeins er vitað um toppskarfa veðandi í Akra-Klofningi (80 pör 1955) og Tjaldurseyjum (2 pör hvort ár 1956 og 1958) á þessum árum (Árni W. Hjálmarsson, sbr. Arnþór Garðarsson 1979). Ekki er útilokað að þeir hafi orpið víðar, en varpstöðum virðist engu að síður hafa fækkað til muna frá því um hálfri öld áður, og líklega einnig varppörum.

Árið 1975 voru toppskarfar orðnir sárastjaldgæfir vaðfuglar á Faxaflóa, því aðeins fundust 10 hreiður (Arnþór Garðarsson 1979). Um 20 árum áður höfðu þarna verið í það minnsta 82 pör.

Ennþá urpu fáir toppskarfar á þessum slóðum árið 1993, þótt hreiðrin hafi verið þrefalt fleiri en árið 1975. Tölurnar eru lágar, og þess vegna lítt ábyggilegar einar sér, en þó er athyglisvert að aukningin nemur 5-6% á ári sem er í samræmi við breytingar á toppskarfsstofninum á Breiðafirði síðustu áratugi (Arnþór Garðarsson 1979, Ævar Petersen 1989). Varpstöðum toppskarfa virðist aftur byrjað að fjölga á Faxaflóa. Þannig hafa toppskarfar byrjað að verpa í Elliðaey eftir 1975. Eitt eða tvö hreiður fundust í Belgsholtshólma 1990 og aftur 1992 (S.I.) en þrjú 1993, og eitt par varp í Knarrarneshöfða árin 1993 og 1994 (Guðríður J. Árnadóttir, munnl. uppl.). Toppskarfsstofninn á Faxaflóa er því vonandi að rétta úr kútnum að nýju. Hann á þó enn langt í land til að ná svipaðri stærð og í byrjun aldarinnar.

ÞAKKIR

Landeigendur veittu okkur fúslega aðgang að skarfavörpunum. Hjálparseitin Brák í Borgarnesi lánaði gúmmibát. Björk Guðjónsdóttir og Jón Hallur Jóhannsson, Reykjavík, og Ásmundur Ásmundsson á Ökrum heimsóttu vörpin með okkur. Björgunarseitin á Akranesi, Lárus Guðlaugsson og Björn Ingi Finsen á

Akranesi aðstoðuðu vegna athugana í Klofningum við Ós. Guðjón Viggósson, Rauðanesi, Guðrður J. Áttadóttir, Knarrnesi, Atli Marinósson og Kristján Jónsson, Reykjavík, Eymar Einarsson, Friðrik Magnússon, Ólafur Þ. Jónsson og Rögnvaldur Einarsson, Akranesi, og Sigurður B. Þjófsson, Gerði, veittu góðfúslega upplýsingar um skarfavörp á athuganasvæðinu.

HEIMILDIR

- Arnþór Garðarsson 1979. Skarfatal 1975. Náttúrufr. 49: 126-154.
- Bergsvein skúlasón 1949. Fuglar Breiða jarðareyjum. Náttúrufr. 19: 76-82.
- Einar Friðgeirsson [≈1921-1928]. Fuglafræðir. Handrit að lýsingu á fuglalífi landsins. Varðveitt á Náttúrufræðistofni Íslands.¹
- Finnur Guðmundsson 1951. Óbirt dagbók og ljósmyndasafn. Varðveitt á Náttúrufræðistofnun Íslands.
- Kristinn H. Skarphéðinsson, Gunnlaugur Pétursson & Jóhann Ó. Hilmarsson 1994. Útbreiðsla varpfugla á Suðvesturlandi: Könnun 1987-1992. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 25, 126 bls.
- Sveitungi 1929. Einar Friðgeirsson prófastur. Vörður 8. júní, 7(27): 3.
- Ævar Petersen 1982. Sjóft glar. Bls. 15-60. Arnþór Garðarsson (ritstj.). Fuglar. Rit Landverndar 8.
- Ævar Petersen 1989. Náttúrufr. í Breiðafjarðareyjum. Árbók Ferðafélags Íslands 1989: 17-52.
- Ævar Petersen 1993a. Fækkun dílaskarls á Breiðafirði. Óbirt greinargerð fyrir Umhverfisráðuneytið. 2 bls.
- Ævar Petersen 1993b. Rituvörp á utanverðu Snæfellsnesi. Bliki 13: 3-10.
- Ævar Petersen & Erling Ólafsson 1986. Dýralíf Suðurnesja. Bls. 31-48. Kristbjörn Egilsson (ritstj.). Suðurnes: Náttúrufr., minjar og landnýting. Staðarvalsnafn.

¹ [Handritið er ótímasett, en tímasettar athuganir koma fyrst fyrir því árið 1921 en síðast 1928. E.F. var fæddur 1863 og prófastur á Borg á Mýrum frá 1888 uns hann veiktist skyndilega og lést ársbyrjun 1929. „Sjæra Einar lagði stund á fuglafræði í frístundum, safnaði eggjum og fuglshömmum og skrifaði í glafræði sem mun vera langt til búin undir prentun. Stóð hann þrjófaskriftum við marga menn út um allt land og leitaði upplýsinga um fugla.“ (Sveitungi 1929). Ekki er ljóst hvenær Náttúrufræðistofnun Íslands áskotnaðist handritið, en þar hefur það verið áratugum saman því ÆP man fyrst eftir því um 1965. Í dagbók Bjarna Sæmundssonar (Aves IV) er blað þar sem Þorákur sonur Einars vottar að hafa móttekið handritið 22. febrúar 1930 frá Gísla Lárussyni í Vestmannaeyjum fyrir milligöngu Bjarna. Greinilegt er af þessu að handritið hafi verið láni hjá Gísla þegar Einar lést. Erfingjar Einars hafa líklega afhent stofnuninni það til varðveislu].

SUMMARY

The numbers of breeding Cormorants and Shags in Faxaflói Bay

The bay of Breiðafjörður is the stronghold of both the Cormorant *Phalacrocorax carbo* and the Shag *P. aristotelis* in Iceland. A dramatic decline has taken place in the Breiðafjörður population of Cormorants during the last two decades while the Shag numbers have increased (Arnþór Garðarsson 1979, Ævar Petersen 1982, 1989, 1993a). To examine if similar changes have occurred at the Faxaflói colonies, a study was made of all known breeding sites, present or former, in 1993. Most colonies were visited and nests counted, while details of the remaining ones were obtained from local informants.

Altogether 491 Cormorant nests were found in 1993 at 7 colonies and 29 Shag nests at 4 colonies. All the Shags nested at sites also occupied by Cormorants except at one site (Knarrneseshöfði). The number of nests per colony is given in Table 1 and location of the sites is shown in Fig. 2. The results are compared with data from a 1975 census when 416 and 10 nests, respectively, were located (Arnþór Garðarsson 1979). Further 15 localities were not occupied in 1993 but are known as nesting sites of Cormorants and/or Shags from earlier this century (Einar Friðgeirsson [≈1921-1928], Finnur Guðmundsson 1951, Arnþór Garðarsson 1979).

The number of Cormorant nests in Faxaflói was 18% higher in 1993 compared to 1975. This may be partly due to different census methods, but aerial photography was used in 1975. The Cormorant colonies of Faxaflói have at least not increased in size to the degree that could account for the large decline of some 1400 pairs from the Breiðafjörður colonies over the past two decades (Ævar Petersen 1993a).

The number of breeding Shags appears to have declined drastically in the inner Faxaflói since the beginning to the middle of the present century (Einar Friðgeirsson [≈1921-1928], Finnur Guðmundsson 1951). This decline continued at least until 1975 (cf. Arnþór Garðarsson 1979). Despite the small numbers presently found in the study area, the rate of increase in the population is similar to that documented in the core distribution area at Breiðafjörður (Arnþór Garðarsson 1979, Ævar Petersen 1989).

Ævar Petersen, Náttúrufræðistofnun Íslands, pósthólf 5320, 125 Reykjavík.
Sigurður Ingvarsson, Berugötu 26, 310 Borgarnes.

Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1993

Yfirlit

Í þessari skýrslu er getið 97 tegunda flækingsfugla sem sást á Íslandi og innan efnahagslögsögu landsins árið 1993. Auk þess eru upplýsingar um fimm undirtegundir af fjórum tegundum. Samtals er því jallað um 101 tegund sjaldgæfra fugla sem sást árið 1993, en það er með mesta móti frá því að útgáfa á þessum skýrslum hófst. Auk þess er getið hlátur máfs sem sást 1987.

Að þessu sinni sátu eftirfarandi sjö menn í dómnefnd: Einar Ó. Þorleifsson, Guðmundur A. Guðmundsson, Gunnlaugur Þráinsson, Hallgrímur Gunnarsson, Jón B. Hlíðberg, Kristinn H. Skarphéðinsson og Örn Óskarsson.

Sjaldgæfir varpfuglar. Brandönd varp í Borgarfirði og kom upp ellefu ungum. Þetta er annað árið í röð sem brandönd verpur á sömu slóðum, sennilega sama parið. Alls hafa komist upp sautján ungar þessi tvö ár. Brandönd hafði orpið einu sinni áður hér á landi. Allmargar skeiðendur sástu um vorið og sumarið. Skeiðönd varp við Mývatn og í júlí sást kvenfugl með þóra unga á vatninu. Skutulendur voru einnig margar, en ekki varð vart við að þær reyndu varp. Hrókandarpar varp við Mývatn og náði að unga út, en ungarnu drápust allir fljótlega. Hrökönd hefur orpið einu sinni áður, en það var einnig við Mývatn árið 1990. Syngjandi e jutíta var á Tjörnesi í maí og júní, en aðeins einn fugl sást. Fjöruspóar sást á Melrakkaslétu um vorið. Þeir voru á sömu slóðum og varp fjöruspóa var staðfest árin 1987 og 1988. Fjöruspóar hafa sést þar á hverju ári síðan þó ekki hafi orðið vart við varp aftur. Í þessari skýrslu eru birtar upplýsingar um varp bæjasvölu

í Fljótshlíð frá árinu 1990, þar sem þrír ungar komust upp. Varp strandtittlinga, sem staðið hafði í nokkur ár í Ingólfshöfða, virðist hafa lagst af. Skógræktinni í Fossvogi varp svartþröstur þriðja árið í röð. Að þessu sinni urpu þrjú pör og komu þau alls sautján ungum á legg. Í Mývatnssveit reyndu dvergkrákur va p annað árið í röð á sama stað, en það misfórst. Á Hofi í Örfæum stendur varp gráspörva enn með blóma. Alls urpu sjö pör að þessu sinni og komust margir ungar upp. Um vorið sást jallafinkur og bókfinkur, en ekki varð vart við þær verpanði.

Vetrargestir, fargestir og algengir flækningar. Margar gráskrofur sástu á árinu og hafa reyndar aldrei áður sést svo margar á einu ári. Mestu munar um fimmtán fugla sem sástu á skipi í Berufjarðarál 9. september. Hetiuskrofa sást annað árið í röð. Gráhegar voru tiltölulega margir þetta árið. Æðarkóngar voru fáir og hafa ekki verið færri í sex ár. Mjög margar hvinendur sástu og er greinilegt að þessum vetrargesti er að fjölga. Nokkrar vepjur sástu um vorið og einnig nokkrar seint um haustið. Skógarsnípur komu um vorið og einnig komu nokkrar í vetrarbyrjun eins og hennar er venja. Nokkrir lappajaðrakanar sástu eins og undanfarin ár. Fjöldi fjöruspóa var einnig mjög svipaður og undanfarin þrjú ár. Allmikið sást bæði af ískjóa og fjallkjóa. Í skýrslunni eru einnig nokkrar eldri athuganir beggja tegundanna. Níu dvergmafar sástu á árinu, en aðeins einu sinni áður hafa sést fleiri, en það var 1986. Ísmáfar sástu um veturinn og sást þrír af fimm við norðanvert landið. Fleiri hringdúfur sástu en undanfarin ár. Að þessu sinni sást fimm-

tán snæuglur, sem er í hærra lagi. Múrsvölungar voru aðeins þrír og hafa ekki verið færri síðan útgáfa á árskýrslum um flækinga hófst. Landsvölur og bæjasvölur voru einnig með fæsta móti, en jöldi og komutími þessara þriggja tegunda fylgist oft að. Átta silkitoppur sást í nóvember, en á sama tíma voru þær á flakki víðar í Evrópu. Mjög breytilegt er á milli ára hversu mikið ber á silkitoppum, en þær hafa nú sést í tíu ár samfellt. Ellefu glóbrýstingar sást. Þeir komu í tvennu lagi, bæði í apríl og síðan aftur í nóvember. Að venju sást mikið af svartþröstum og gráþröstum. Övenjumikið sást af söngþröstum. Flestir komu í byrjun nóvember. Fjöldi söngvara af tegundum sem sjást reglulega var svipaður og undanfarin ár nema hvað laufsöngvarar voru nokkuð margir, en glókollar voru fáir. Mikið sást af dvergkrákum og bláhröfnum, en þó mun minna en síðustu tvö ár. Bókfinkur voru fleiri en næstu þrjú ár á undan, en fjallafinkur voru í meðallagi. Báðar tegundirnar sást aðallega um vorið. Barrfinkur komu á óvart, en alls sást 25 á árinu. Þær voru á ferðinni um vorið og síðan aftur um haustið. Aldrei áður hafa jafnmargar sést á einu ári. Sex sportittlingar sást, allir á Suðvesturlandi þar sem þeirra verður helst vart.

Undirtegundir. Austrænar margæsir halda áfram að sjást. Þær voru fjórar, sem er jafnmikið og árið á undan, en fram að því höfðu aðeins sést fjórar. Einnig sást vestræn margæs annað árið í röð. Tvær amerískar urtendur sást og hefur þessi undirtegund sést tíu ár í röð. Einn grænslenskur fálki sást. Bretærla sást í fimmta sinn.

Sjaldgæfir flækingsfuglar. Engin ný tegund sást á árinu. Þetta er þriðja árið af fjórum sem engin ný tegund bætist við. Fáar mjög sjaldgæfar tegundir sást. Tvær tegundir sást í annað sinn. Það er hnúðsvanur sem sást fyrst 1989 og brúnheiðir sem sást síðast fyrir næstum fimmtíu árum. Nú þegar hann lét sjá sig aftur sást þrír fuglar. Hjálmönd fannst dauð við


Mývatn í mars, sú sama og flakkað hefur á milli Mývatns og Sogs síðan 1988. Þarþerna sást í fjórða sinn. Heiðatittlingur sást í fimmta sinn. Nátthegri hafði einnig sést jörum sinnum áður og því héldu fuglaskoðarar að fréttir um tvo fullorðna nátthegra í Reykjavík 1. apríl væri aprílþabb. Einn fannst dauður á Álftanesi nokkrum síðar. Fjórar tegundir höfðu sést sex sinnum áður. Tvær blikendur sem sést höfðu árið á undan birtust aftur. Hvítönd sást á Úlfjótavatni á gamlársdag, en hún sást síðast 1987. Tveir förufálkar sást og trjámafur sást annað árið í röð. Þessari skýrslu er getið athugunar á hláturmáf frá 1987. Hann hefur því sést alls sjö sinnum. Fimm tegundir höfðu sést átta sinnum áður en það eru lyngstelkur, hrástelkur, herfugl, blábystingur og krúnuskrikja. Aðrir mjög sjaldgæfir flækningar eru gaukitta (ellefti fuglinn), gjóður sem sást síðast 1989 og seftittlingur sem sást síðast fyrir tíu árum.

Annáll ársins

Í janúar, febrúar og mars sást aðallega tiltölulega algengir vetrargestir, svo sem gráhegrar, hvinendur, svartþrestir og gráþrestir. Þó sást dvergmáfur við Höfn í síðari hluta janúar, hjálmönd á Úlfjótavatni um miðjan ferbrúar og sefhæna í Kópavogi í fyrri hluta mars. Hjálmöndin hafði sést ýmist á Mývatni eða Sogi síðan 1988 og fannst síðan dauð á Mývatni í byrjun mars 1993. Lok mars varð breyting á. Þann 27. mars bar það til tíðinda að glókollur sást í Reykjavík og brúnheiðir sást í Örfum daginn eftir, sá fyrsti hér á landi síðan í september 1944, eða í nærri 50 ár. Greinilegt var að eitthvað af fuglum hafði borist til landsins.

Strax þann fyrsta apríl sást tveir nátthegrar í Reykjavík, þeir fyrstu hér síðan 1986, og tveim dögum síðar voru tvær brandendur í Horrafirði. Seftittlingur dvaldi við Kvísker í Örfum 6.-12. apríl, en sú tegund hafði ekki sést hér á landi síðan 1983. Eftir þrjár mjög sjaldséðar tegundir varð hlé í nokkra daga. Þann 9.

1. mynd. Fjöldi tilkynninga um flækingsfugla á hverjum degi árið 1993.
– Number of records of rare and vagrant birds on each day in 1993.



apríl sást barrfinka á Selfossi og daginn eftir bókfinka í Örafum og skógarsnípa í Nesjum. Á páskadag (11. apríl) sást skutulönd á Mývatni, en það var ekki fyrr en á annan páskum að fuglaskoðarar tóku við sér, en þann dag sást fjöldi fugla, svo sem barrfinkur, bókfinkur og fjallafinka í Horrafirði, brúnheiðir við Akranes, eyrugla á Melrakkaslétu, glóbrystingar og skógarsnípur á nokkrum stöðum, runntítla í Suðursveit, hringdúfa í Nesjum, gransöngvarar í Hornafirði og í Suðursveit. Þessi dagur kemur fram sem há súla í fyrri hluta apríl á 1. mynd. Það sem eftir var af apríl, sáust ýmsar áhugaverðar tegundir, svo sem þaræfna í Hornafirði, brúnönd á Reykjanesskaga og mistilþröstur í Örafum. Þann 24. apríl fannst heiðatittlingur dauður í Örafum, en það er í fyrsta sinn sem þeirrar tegundar verður vart að vori. Gráþrestir sáust á nokkrum stöðum í lok mánaðarins.

Mái er að jafnaði gjöfull mánuður hvað varðar flækingsfugla og því einungis hægt að geta helstu tegunda. Ýmsar gæsa- og andategundir voru meira áberandi en aðrir hópar fugla í fyrrihluta mánaðarins, svo sem kanadagæsir, brandendur og ljóshöfðaendur. Báðar kviðdökku undirtegundir margæsarinnar sáust á Álftanesi. Hnúðsvanur sást í Horrafirði rétt fyrir miðjan mánuðinn og síðan á Breiðamerkursandi og í Örafum og er það í annað sinn sem hann sést hér villtur. Eyrugla var á Höfn 9. maí, sporttittlingur vestur á

Mýrum 16. maí, ískjóahópur á Mýrum og hringdúfa á Þórshöfn daginn eftir og spóatíta á Tjörnesi 19. maí. Fyrsta landsvalan sást 7. maí, en landsvölu varð þó ekki verulega vart fyrr en eftir 18. maí. Bæði bæjasvölur og landsvölur sáust síðan nær daglega um sunnanvert landið til 26. maí. Garðsöngvari sást á Höfn 23. maí og laufsöngvari í Nesjum 25. maí. Laufsöngvari sást meira að segja norður í Fljótum í lok mánaðarins. Bakkasvala sást í Nesjum og spóatíta í Sandgerði 30. maí. Eins og sést á 1. mynd sást einna mest af flækingsfuglum um eða upp út miðjum mánuðinum.

Sjaldgæfum fuglum fækkaði nokkuð í júní. Í byrjun hans sáust m.a. korpönd í Fossfirði og fjallkjói í Flóa. Skeiðendur sáust á nokkrum stöðum norðanlands og vestan. Netlusöngvari settist á bát austur af Langanesi 8. júní og rúkragi sást sama dag vestur á Mýrum. Annar rúkragi sást í Mývatnssveit um miðjan mánuðinn. Nokkrar bæjasvölur og landsvölur sáust frá 9.-10. júní og aftur 16.-19. júní. Hópur ískjóa sást í Buðahrauni 19. júní. Hinn hefðbundni hópur korpanda og krákanda var undir Hvalnesskriðum í síðari hluta mánaðarins. Tvær evrópskar söngvarategundir sáust í síðari hluta júní, laufsöngvari í Reykjavík og hettusöngvari á Selfossi. Af sjaldgæfari spörfuglum má nefna syngjandi rósafirku á Höfn 22. júní, en þessi tegund hefur breiðst talsvert í vesturátt í Evrópu á undanförrum árum.

Tiltölulega lítið sést yfirleitt af flækingsfuglum í júl og þó sérstaklega í ágúst, eins og sést á 1. mynd. Ýmsar fremur algengar tegundir sáust þó í júlí, svo sem skutulendur, ædarkóngar, fjallafinka og fjöruspóar. Af sjaldséðari fuglum má nefna skógarsnípu í Örfæm 1. júlí, grálóu í Sandgerði 6. júlí, dvergmáf á Langanesi 11. júlí og spóatítu á Mýrum 19. júlí. Enginn eiginlegur flækingsfugl sást í ágúst. Snæugla sást við Fjórðungsöldu, hvinendur og skutulendur á Mývatni í byrjun mánaðarins og dvergmáfur á Sel-tjarnarresi í lok hans. Eins og við mátti búast varð vart við nokkra fjallkjóa og ískjóa í síðari hluta ágúst og fram í september, mest á sjó norður af landinu.

Þegar komið er fram í september búa farfuglar í norðurhluta Evrópu sig til suðurferðar til heitari landa. Þá gerast einnig veður válynd og af þeim sökum hrekjast hingað ýmsar tegundir fugla. Strax 4. september sást rúkragi í Gerðum og tyrkjadúfa í Höfn tveim dögum síðar, en hún dvaldi þar út árið. Þann 7. september settist gjóður á skip suðvestur af Reykjanesi og þrem dögum síðar gerði förufálki það sama suðaustur af landinu. En þetta var aðeins fyrirborði þess er koma skyldi, því þann 11. september sáust sex tegundir evrópskra spörfugla, garðaskottur, grænsöngvari, hnoðrasöngvari, laufsöngvari og vallskvetta á Höfn í Hornafirði og landsvala í Reykjavík. Daginn eftir sáust auk þess grágrípur og hettusöngvari á Höfn, laufsöngvari á Kvískerjum og nokkrir laufsöngvarar á Suðurnesjum auk sportittlings. Þennan sama dag sáust í Arfadalsvík við Grindavík nánast á sama stað dvergmáfur, hrisastelkur, lyngstelkur, nokkrir rúkragar og veimiltíta! Þess má geta að lyngstelkur hafði ekki sést á Suðvesturlandi í 40 ár. Næstu viku á eftir sáust m.a. gauktíta á Skagaströnd, vaðlatíta og spóatíta í Grindavík og turnfálki á Álfanesi. Hrisastelkur og vaðlatíta benda til þess að eitthvað af fuglum hafi borist vestan um haf á þessum tíma. Á tímabilinu 17.-29. september varð vart við

nokkrar gráskrofur suðaustur af landinu. Fleiri evrópskar tegundir sáust um þetta leyti s.s. hringdúfa og turtildúfur þann 20. september og barrfinka daginn eftir. Fáeinir söngvarar sáust um sunnanvert landið í síðari hluta mánaðarins, en sjaldgæfasta tegundin var krúnuskrikja, amerískur spörfugl, sem sást 25. september við Stað í Grindavík.

Í byrjun október sást talsvert af evrópskum söngvurum, mest þó hettusöngvurum. Af sjaldgæfari söngvurum má nefna hnoðrasöngvara í Hornafirði, Nesjum og á Heimaey og netlusöngvara í Örfæm. Aðrir markverðir fuglar í fyrri hluta mánaðarins voru förufálki á Álfanesi, grágrípur í Örfæm, þernumáfur í Sandgerði, garðaskotta í Suðursveit, gjóður í Hornafirði og herfugl í Fellum. Færri fuglar sáust um miðjan mánuðinn, en síðan varð vart við talsvert af flækingsfuglum undir lok hans, sérstaklega hettusöngvara og gransöngvara. Gráprestir byrjuðu að sjást um miðjan október. Rákátíta og vaðlatíta sáust 16. október og aðrar tvær vaðlatítur viku síðar. Meðal sjaldgæfra flækingsfugla í síðari hluta október voru bresk maríuerla í Hornafirði og blábrystingur í Höfnum. Nokkrir gráhegrar sáust um mánaðamótin október/nóvember.

Í fyrri hluta nóvember sást talsvert af hettusöngvurum, gransöngvurum, bókfinkum, fjallafinkum, glóbystingum og svartþröstum, sérstaklega í byrjun mánaðarins. Þessar tegundir sáust síðan af og til allan nóvember. Allnokkrir söngprestir sáust einnig í byrjun mánaðarins, en lítið sem ekkert eftir það. Nokkrar vepjur sáust um miðjan mánuðinn. Sjaldséðustu fuglarnar sem sáust voru trjámafur við Reykjavík 14. nóvember og brúnheiðir í Nesjum þann 30. Undir lok mánaðarins sáust einnig hringdúfa og mistilþröstur í Hornafirði og húsaskotta í Örfæm.

Desember var fremur tíðindalítil mánuður, enda flækingsfuglar að mestu hættir að berast til landsins. Mest sást af hvinöndum, svartþröstum og gráþröstum. Fyrsta dag mánaðarins sást mistilþröstur í

Öræfum og sefhæna á Húsavík, en um miðjan mánuðinn var dvergmáfur í Hafnarfirði og keldusvín í Öræfum. Tveir hettusöngvarar sáust fram undir miðjan desember og einn fannst um jólaleytið á Selfossi. Einnig sáust tveir ísmáfar dagana fyrir og eftir jól, annar í Steingrimsfirði en hinn á Húsavík.

1. mynd sýnir atburði ársins í hnotskurn. Um viku af apríl lifnaði yfir fugla-lífínu (og fuglakoðurum) og talsvert sást af fuglum fram í maílok. Síðan fækkaði flækningum nokkuð eftir því sem leið á sumarið og mjög fáir flækingsfuglar sjáust í ágúst. Þeim jölgaði síðan verulega í byrjun september og töluvert var um fugla alveg fram í byrjun desember. Þó er athyglisverð lægð um og eftir miðjan október, sem erfitt er að skýra. Sjá má svipaða lægð í súluritinu í skýrslunni 1992. Há súla í lok desember er árlegur fuglatalningargagur.

Skýringar við tegundaskrá

Þeir sem nefndir eru á eftir hverri athugun eru annað hvort finnendur eða hafa tilkynnt fyrst um viðkomandi fugl eða fugla. Notaðir eru upphafsstafir þeirra sem koma oftast en fimm sinnum fyrir. Ef annað er ekki tekið fram, er aðeins um einn fugl að ræða. Sýslur eru í stafrófsröð, en athuganir innan þeirra eru yfirleitt í tímaröð. Til einföldunar er kaupstöðum skipað undir sýslur, Kjósarsýslu undir Gullbringusýslu og Hnappadalssýslu undir Snæfellsnessýslu. Við gerð súlurita og korta yfir fundartíma og fundarstaði nokkurra vetrargesta eru einnig nölud gögn úr síðustu flækingskýrslu. Mánaðanöfn eru skammstöfuð.

Táknið ☆ merkir að fugli hafi verið safnað eða hann fundist dauður, og ef hann er geymdur á Náttúrufræðistofnun Íslands er skráningarrúmers getið [RM]. Táknið □ merkir að fuglinn hafi verið ljósmyndaður (eða kvikmyndaður) og a.m.k. tveir nefndarmenn hafi séð myndina. „fd“ merkir af fugl hafi fundist dauður, „fnd“ að hann hafi fundist nýdauður

og „fld“ fundist löngu dauður. Hvað máfa varðar merkir „á fyrsta sumri“ að viðkomandi fugl sé u.þ.b. árgamall, og „á öðru sumri“ að hann sé u.þ.b. 2ja ára.

Þrjár tölur í sviga fyrir aftan tegundarnafn merkja: (1) Fjöldi fugla sem sást fyrir 1979. Ef fjöldinn er ekki þekktur er sett bandstrik (-). (2) Fjöldi fugla á árunum 1979 til 1992. (3) Fjöldi fugla sem sást 1993. – Þessar tölur eru *lágmarks-fjöldi* einstaklinga að mati skýrsluhöfunda.

Tegundaskrá 1993

Hettuskrofa *Puffinus gravis* (31,4,1)

S-Atlantshaf. – Leitar til N-Atlantshafs utan varptíma en hefur sjaldan sést hér við land í seinni tíð.

Δ sjó: Um 10 sjóm S af Hvalnesi, 1. nóv (BA).

1992:

Δ sjó: Um 15 sjóm SA af Stokksnesi, 21. sept 1992 (BA).

Gráskrofa *Puffinus griseus* (52,89,34)

Suðurlandshaf. – Leitar til N-Atlantshafs utan varptíma og sést árlega hér við land en hafa aldrei áður verið svona margar á einu ári.

Δ sjó: Um 38 sjóm SSA af Stokksnesi (63°37'N, 14°38'V), miður ágúst (Jón H. Sigurbjörnsson).

12-15 sjóm S af Þorlákshöfn, 8. sept og þrjár 9. sept (Haukur Jónsson).

Berufjarðaráll, amk fimmtán 9. sept, tvær 29. sept (BA).

Um 1 sjóm S af Stokksnesi, þrjár 15. sept, ein 17. sept, ein 22. sept (BA).

Lónsbugt, tvær 20. sept, ein 29. sept (BA).

Um 20 sjóm SSA af Ingólfshöfða, tvær 21. sept (BA).

Um 10 sjóm S af Hvalnesi, 25. sept (BA).

Um 1 sjóm S af Hvalnesi, 28. sept (BA).

Nátthegri *Nycticorax nycticorax* (2,2,3)

Sunnanverð Evrópa og Asía, Afríka og Ameríka. – Mjög sjaldgæfur flækningur og þess vegna koma þrír fuglar á einu ári mjög á óvart.

Gull: Eyvindarholt á Álftanesi, fd 10. apríl ☆ [RM10820] (Björk Guðjónsdóttir).



2. mynd. Náttægri *Nycticorax nycticorax*. Elliðaárdalur í Reykjavík, 2. apríl 1993. – Ljós. Jóhann Óli Hilmarsson.



3. mynd. Náttægri *Nycticorax nycticorax*. Skógræktin í Fossvogi Reykjavík, 18. apríl 1993. – Ljós. Gunnlaugur Pétursson.

Rv k: Elliðaárdalur, 1.-4. apríl ☐ (Sigurður G slason ofl), fd 30. maí ☆ [RM10807] (Viðar Ófeigsson), 2. mynd.

Skógræktin í Fossvogi, 1.-3. apríl, tveir 11. apríl til 7. maí, síðan einn til 18. maí ☐ (JÓH ofl), 3. mynd. Fuglinn sem bættist við 11. apríl var örugglega sami fugl og sást áður í Elliðaárdalnum, sjá hér að framan.

Elliðavatn, 31. maí til 1. júní (Hreinn Ágústsson, Sigurður Árrason). Örugglega annar fuglanna sem sést höfðu frá 1. apríl, sjá hér að framan.

Gráhegri *Ardea cinerea* (610,636,68)

Evrópa, Asía og sunnanverð Afríka. – Nokkrir tugir fugla sjást á hverju hausti og sumir fram eftir öllum vetri. Þeir sjást einnig að sumarlagi.

Árn: Ölfusforir, tveir 2. jan, sáðan einn til 5. apríl (Björn Hjaltason, EÓÞ, JÓH ofl).

Hraun í Ölfusi, 5. okt ☐ (EÓÞ, JÓH).

Eyrarbakki, 9. okt (Ingólfur Guðnason, ÖÓ).

Selfoss, 1. nóv til 20. des, þó sáust þrír 7. nóv og tveir 12. des (ÖÓ).

Árbær í Ölfusi, 20. des til 3. jan 1994 (Hildur Hákonardóttir), örugglega einn af fuglunum sem sáust á Selfossi.

V-Barð: Lambavatn á Rauðasandi, 30. okt til 25. nóv (Tryggvi Eyjólfsson).

Borg: Akranes, 22. okt (Kístinn Pétursson).

Lambhagi í Skilmannahreppi, 10. nóv (SG).

Eyf: Siglufjörður, tveir í byrjun sept (Ingvar Hreinsson, Örlygur Kristfinnsson).

Akureyri, þrír 7. okt (Þorsteinn Ingólfsson).

Gull: Mosfellsbær, þrír 26. mars (Erlingur Friðgeirsson).

Grindavík, tveir 2. okt (BA, GÞH, GÞ, HG, KHS), fjórir 10. okt (EÓ, GÞH, GÞ, HG, KHS).

Lambhúsatjörn og nágr. á Álftanesi, 7.-8. okt (Ingólfur Guðnason ofl).

Hvalsnes á Miðnesi, tveir 10. okt (EÓ).

Fuglavík á Miðnesi, 23. okt (GÞH, GÞ), sennilega annar fuglanna við Hvalsnes.

Hafurbjarnarstaðir á Miðnesi, 30. okt (GÞ), sennilega sami og í Fuglavík.

Mógilsá í Kollafirði, tveir 26. des (Þorvaldur Björnsson).

Vífilsstaðir í Garðabæ, 26. des (Finnur L. Jóhannsson).

A-Hún: Móberg í Langadal, tveir 26.-30. sept (Guðjón Bjarnason, Þorhallur Vigfússon ofl).

N-šf: Álftafjörður, um 20. sept (Jens Magnússon).

Hvítanes við Skötufjörð, seinni hluti sept til 22. nóv (Jens Magnússon, Kristján Kristjánsson ofl), sennilega sami og sást í Álftafirði.

Tungudalur í Skutulsfirði, 28. nóv til 7. des (Egill Óskarsson ofl), sennilega sami og sást við Hvítanes og í Álftafirði.

V-šf: Suðureyri við Súgandafjörð, 11. okt (Helga G. Kristjánsdóttir).

Þingeyri við Dýrafjörð, um 1.-16. nóv (Þórður Sigurðsson).

N-Múl: Fellabær, 29. júní til 23. júlí, 24. sept, 18. nóv til 8. des (Skarphéðinn Þórisson).

Urriðavatn í Fellum, tveir 11. sept ☐ (Birgir Þórbjarnarson).



4. mynd. Ungur gráhegri *Ardea cinerea*. Vatnsmýrin í Reykjavík, 7. desember 1993. – Ljós. Jóhann Óli Hilmarsson.

Grænahlíð í Hjaltastaðapinghá, 3. okt (Hall-dór W. Stefánsson).

Seyðisfjörður, 12.-17. okt (Sólveig Sigurðar-dóttir ofl).

S-Mú: Strönd á Völlum, 11. maí (Rúnar Ís-leifsson ofl), 14. júní (Skarphéðinn Þóris-son).

Innst í Reyðarfirði, 18. nóv (PL).

Baulhúsavík í Eskifirði, 11. des (PL), ef til vill sami fugl og í Reyðarf rði.

Mýr: Steinar í Stafoltstungum, um 10. nóv til 20. des (Jóhann Oddsson ofl).

Rang: Hrútfell undir Eyjaþöllum, fd 26. jan merktur „Stavanger 263815“ sumarið áður í N-Þrændalögum í Noregi ☆ [RM10768] (Magnús Eyjólfsson).

Fljótshlíð, tveir 30. okt (Hrafn Jóhannsson).

Barkarstaðir Fljótshlíð, 7. nóv (HÓ), ef til vill annar fuglanna sem sáust viku fyrr.

Brekka í Þykkvabæ, 2. des (Ágúst Helgason).

Rvík: Elliðavatn, um 1.-16. nóv (Vignir Sig-urðsson).

Vatnsmýri, 17. nóv og fram til 1994 □ (JÓH ofl), 4. mynd.

Skerjafjörður, 31. des (Stefán Á. Ragnars-son), örugglega sami fugl og í Vatnsmýri.

A-Skaft: Fagurhólsmýri í Örafum, 18. maí (HB).

Hvalnes í Lóni, 12.-14. nóv (BA ofl).

Hofsnes í Örafum, um 20. des (Sigurður Bjarrason).

V-Skaft: Seglbúðir í Landbroti, 6. okt (Hrafn Jóhannsson).

Eystritunga í Landbroti, fjórir 17. nóv (Jón Jónsson).

Skag: Sjávarborg og nágr. í Borgarsveit, sept til 18. okt (skv Kristjáni Kristjánssyni ofl).

Hópsvatn í Fljótum, þrír 29. sept (Þorlákur Sigurbjörnsson).

Snæf: Stykkishólmur, 10. sept til 16. nóv, tveir 17. nóv til 25. des (Trausti Tryggva-son).

Rif, snemma í sept til 23. okt (Sæmundur Kristjánsson).

Vestm: Heimaey, 2. des (Kristján Egilsson).

N-Þing: Fiská við Lónafjörð, 9. maí (Sigurður J. Sverrisson).

Austaraland í Öxarfirði, 5.-8. des (Gunnlaug-ur Theodórsson).

S-Þing: Brúnagerði í Fnjóskadal, 21. sept (Anna Helgadóttir, Siguþáll Jónsson).

Húsavík, 27. sept (Þröstur Eysteinnsson).

Á sjó: Um 45 sjóm A af Gerpi (64°57'N, 11°43'V), tveir 3. okt (Helgi Leifsson).

1989:

Gull: Kollafjörður í Kjós, 19. mars 1989 (Björn I. Finsen).

1992:

Árn: Egilsstaðir í Ölfusi, 22. apríl 1992 (Ant-hony D. Fox, Carl Mitchell, Peter Burns).

Hnúðsvanur *Cygnus olor* (0,1,1)

S-Skandinavía, M-Evrópa, M-Asía allt til



5. mynd. Hnúðsvanur *Cygnus olor* við Horna-fjarðarfjót, 10.-15. maí 1993. – Ljós. Þór-hallur Þorsteinsson.



6. mynd. Vestræn margæs *Branta bernicla nigricans* með margæsum *B. b. hrota*. Bessa-
staðir á Álfanesi, 18. maí 1993. – Ljós-
m. Jóhann Óli Hilmarsson.

Kína. – Lítill stofn, afkomendur innfluttra fugla, var á Reykjavíkurtjörn og nágrenni 1958 til 1977 (sjá Blika 4: 2-7), en þessi tegund hefur komið einu sinni áður af sjálfsdáð-
um.

A-Skaft: Við Horrarjarðarfljót, ungf ein-
hverrtíma á tímabilinu 10.-15. maí □ (Þór-
hallur Þorsteinsson), 5. mynd.

Breiðamerkursandur, ungf 15. maí (BA ofl),
sami fugl og við Hornafjarðarfljót.

Fagurhólmsmýri og nágr. í Örfum, ungf 18.
maí til um 20. júní □ (HB ofl), sami fugl
og við Hornafjarðarfljót og á Breiðamerk-
ursandi.

Snjógæs *Anser caerulescens* (19,102,1)

N-Kanada, NV-Grænland og NA-Síbiría. –
Lífir sums staðar hálfvilt í Evrópu. Árviss hér á
landi en virðist hafa fækkað á síðustu árum.
Er oftast í fylgd með blesgæsum. Ef annað er
ekki tekið fram er um hvítar gæsir að ræða.

A-Hin: Hjallaland í Vatnsdal, 29. apríl (Krist-
inn Pálsson).

Kanadagæs *Branta canadensis* (25,49,4)

Norðurhluti N-Ameríku. – Verpur vða villt og
hálfvilt í Evrópu. Árviss hér á landi, og eiga í
hlut bæði amerískir og evrópskir fuglar.

S-Þing: Héðinshöfði á Tjörnesi, þrjár 4. maí
(SG ofl).

N-Míl: Stóribakki í Hrórastungu, 15. apríl
(Halldór W. Stefánsson).

Urriðavatn í Fellum, 1. maí (Halldór W.
Stefánsson), sennilega sami fugl og á
Stórabakka.

Margæs *Branta bernicla bernicla* (0,8,4)

Túndrur Síbiríu. – Þessi undirtegund margæs-
ar hefur vetursetu í Danmörku, Hollandi, SA-
Englandi og Frakklandi. Hún er sjaldgæfur
flækingur hér á landi en þetta er þó fimmta
árið í röð sem hún sést.

Gull: Bessastaðir á Álfanesi, par 10.-23. maí
(GAG, KL ofl), ein að auki 18. maí (JÓH).

N-Þing: Brunavatn á Melrakkaslétu, 20. maí
□ (GH, HE, RR).

Margæs *Branta bernicla nigricans* (0,2,1)

Túndrur A-Síbiríu, Alaska og NV-Kanada. –
Þessi undirtegund hefur aðeins sést tvisvar
áður.

Gull: Bessastaðir á Álfanesi, 9.-23. maí □
(GP, Magnús I. Óskarsson ofl), 6. mynd.

Brandönd *Tadorna tadorna* (26,31,10)

NV-Evrópa, slitrótt í S-Evrópu og Mið-Asía. –
Var fremur sjaldséð en um þrjátíu fuglar hafa
sést síðan 1990 og varp nú í þriðja sinn.

Borg: Grjótreyri í Andakíl, par með ellefu viku-
gamla unga 18. júní, sáust til 26. júlí, síðan
kvenf með alla ungana til 18. ágúst. Ung-
arrir sáust fljúga 26. júlí □ (GP, HG ofl).

Lyf: Akureyri, kvenf 2. maí (Þorsteinn Ingólfs-
son).

Gásir við Eyjafjörð, par 9. maí, síðan ein til
22. júní (Þórir Snortason).

Mýr: Fe jubakki, par 2. maí til 17. júní □,
hreiddur fannst (Björri Sigurðsson ofl), 7.
mynd, örugglega sama parið og við Grjót-
eyri, sjá hér að framan.

A-Skaft: Suður jörur í Hornafirði, tvær 3. apríl
(PL).

Þveit í Nesjum, tvær 1. júní (BA), ef til vill
sömu fuglar og í Hornafirði.

Dilksnes í Nesjum par 8. júní (BP, EP), ef til
vill sömu fuglar og í Hornafirði og á Þveit.

Skag: Borgarsandur við Sauðárkrók, þrjár um
mánaðamót apríl/maí og síðan tvær fram
eftir maí, kvenf um 14. maí (Jón Pálma-
son, Páll Stefánsson ofl).

S-Þing: Mýrarvatn í Aðaldal, 1. maí (SG).

Ljóshöfðönd *Anas americana* (28,47,3)

Norðurhluti N-Ameríku. – Árviss hér á landi
og víðar í Evrópu. Sumir ljóshöfðasteggir,
sem sjást hér, eru paraðir rauðhöfðakollum.

A-Skaft: Fagurhólmsmýri í Örfum, karlf 20.
maí (BA, BB ofl).

S-Þing: Hólkot í Reykjadal, karlf 13. maí □
(AÖS, ÓKN).

7. mynd. Brandendur
Tadorna tadorna, par við
Ferjubakka í Borgarfirði,
17. júní 1993. – Ljósm.
Gunnar Bjartason.



Sílalækur í Aðaldal, karlf um 13.-29. maí □
(Baldur Vilhjálmsson, Vilhjálmur Jónas-
son ofl), 8. mynd, ef til vill sami fugl og
við Hólkot.

Mývatn, karlf við Slútnes 10. júní (ÁE).

Húsabakki í Skriðuhverfi, karlf 31. júlí
(RR), ef til vill sami fugl og við Sílalæk.

1992:

S-Þing: Mývatn, karlf 20. júní 1992 við Vind-
belg (JBH), sást allt sumarið, sjá skýrslu
1992.

Urtönd *Anas crecca carolinensis* (6,35,2)

Norðurhluti N-Ameríku. – Ameríska undirteg-
und urtandarinnar er árviss í Evrópu og nær
árviss hér á landi.

Mýr: Straumfjörður á Mýrum, karlf 8. júní
(PL).

Snæf: Hofún í Staðarsveit, karlf 19. júní (IKP
ofl).

Brúnönd *Anas rubripes* (4,19,3)

Norðausturhluti N-Ameríku. – Sjaldgæf í
Evrópu. Fremur sjaldgæf en er þó að verða
nær árviss hér á landi.

Gull: Stóra-Sandvík við Reykjanes, karlf 18.-
30. apríl (GÞH, GP, GÞ ofl).

Miðhús í Garði, karlf 25. sept til 10. okt
(EÓ, ÞrE ofl).

Garðskagi, kvenf 16. okt (GÞH, GÞ, HG).

Fuglavík á Miðnesi, karlf 16.-23. okt (HG
ofl), sennilega sami fugl og við Miðhús.

Fitjar á Miðnesi, 30. okt (EÓ), sennilega
annar fuglanna sem áður höfðu sést á Mið-
nesi.

Taumönd *Anas querquedula* (9,20,3)

Evrópa og Asía. – Fremur sjaldgæfur flæking-

ur en þó nær árlega að undanfögnu.

Gull: Jámgerðarstaðir í Grindavík, karlf 15.-
16. maí □ (GAG, GP, GÞ ofl).

Breiðabólstaður á Álftanesi, karlf 22. maí
til 6. júní □ (GAG, KL ofl).

S-Þing: Laugar í Reykjadal, karlf 13. maí
(YK).

Skeiðönd *Anas clypeata*

Evrópa, N-Asía og norðanverð Ameríka. –
Sjaldgæfur vaþfugl.

Eyf: Þórustaðir í Kaupangssveit og nágr., par
15.-24. maí, karlf til 8. júní (Þorsteinn Ing-
ólfsson ofl).



8. mynd. Ljóshöfði *Anas americana*, fullorð-
inn karlfugl. Sílalækur í Aðaldal, 29. maí
1993. – Ljósm. Brynjólfur Brynjólfsson.



9. mynd. Æðarkóngur *Somateria spectabilis*, karlfugl á fyrsta ári. Húsavíkurhöfn, 22. febrúar 1993. – Ljós. Ríkarður Ríkarðsson.

Kristnes í Eyjafirði, tvö pör 28. maí (EÓÞ).
Skipalón í Eyjafirði, par 29. maí til 1. júní, karlf 7. júní (Þórir Snorrason).

A-Hún: Langidalur, tvö pör um mánaðamót maí/júní (Jón Pálmason).

Mýr: Kvíslhöfði á Mýrum, par 5. júní (EÓÞ).

Skag: Skógar í Skagafirði, karlf 6. júní (Gerrit J. Gerritsen).

S-Þing: Mývatn, tveir karlf og kvenf 5. maí, þrír karlf og tveir kvenf 7. maí, karlf 9. maí, fjórir karlf og þrír kvenf 12. maí, tveir karlf og kvenf 15.-17. maí, fjórir karlf og tveir kvenf 27. maí, sex karlf og fjórir kvenf 29. maí, karlf 7. júní, tveir karlf og kvenf 8. júní, fimm karlf 9. júní, karlf 17. júní, sex karlf 22. júní, kvenf með unga 1. júlí, kvenf með fjóra unga 4. júlí (ýmsir), flestir fuglarnir sáust á Helgavogi og í næsta nágrenni.

Sandur í Aðaldal, þrír karlf og tveir kvenf 9. maí (GH, RR).

1992:

Árn: Borg við Eyrarbakka, karlf 10. júní 1992 (JBH), par sást tíu dögum fyrr, sjá skýrslu 1992.

Skutulönd *Aythya ferina* (-,83,16)

Miðbik Evrópu og Asíu. – Árviss og hefur opið nokkrum sinnum hér á landi. Övenju margar sáust á árinu.

N-Múl: Fellabær, karlf 5. maí (Skarphéðinn Þórisson).

A-Skaft: Kvísker í Örafum, karlf og kvenf 20.-25. maí (HB).

Þveit í Nesjum, tveir karlf og kvenf 22.-25. maí (BA, BB, SSI).

Strand: Tungugröf í Steingrímsfirði, karlf 29.

maí (Björk Guðjónsdóttir ofl).

S-Þing: Mývatn, karlf við Vagnbrekku og víðar 11. apríl til 22. maí (GH, HE ofl), tveir karlf á Ytriflóa 24. maí, karlf við Hrútey 25. maí, fjórir karlf á Ytriflóa 8. júní, karlf á Neslandavík 9. júní (ÁE), fjórir karlf 10. júní, sex karlf 13. júní, átta karlf og kvenf 14. júní, sjö karlf 18. júní, sex karlf og kvenf 5. júlí, karlf 15. júlí og þrír karlf og kvenf 6. ágúst, allir á Ytriflóa (ÁE), karlf á Neslandavík 5. júlí (EÓ), karlf við Vindbelg 18. júlí (SG).

Hringönd *Aythya collaris* (3,18,5)

N-Ameríka. – Hefur sést fjögur ár í röð og aldrei áður hafa svo margar sést á einu ári.

Gull: Bessastaðir á Álftanesi, karlf 21.-27. júní (GÞH, HG ofl).

Miðhús í Garði, ungur kvenf 2.-9. okt (BA, GÞH, GÞ, HG, KHS).

Vatnsendi við Elliðavatn, fullu karlf 9. okt (GÞ).

N-Þing: Kópasker, karlf 23.-24. maí (EÓÞ, ÖKN).

S-Þing: Mývatn, karlf á Ytriflóa 24. maí og karlf á Álum sama dag sem talinn er vera sami fuglinn (ÁE).

Æðarkóngur *Somateria spectabilis* (-,503,20)
Nyrstu héruð N-Ameríku og Síberíu, Grænland og Svalbarði. – Sést hér allt árið, en er algengastur seinni part vetrar. Övenju fáir sáust á þessu ári.

Borg: Miðsandur í Hvalfirði, kvenf 19. júní (IKP ofl).

Gull: Arnarresvogur, fullu karlf 13. apríl (Þórður Þórðarson).

Bessastaðir á Álftanesi, fullu karlf 6. júní (GP ofl).

Brúastaðir í Hafnarfirði, fullu karlf 24. júní til 16. júlí (Arnar Helgason ofl).

Keflavík, fullu kvenf 26. des (GÞ).

A-Hún: Blönduós, fullu karlf 9. maí (Kristinn Pálsson), tveir fullu karlf 26. júní (GAG).

N-Múl: Miðfjörður á Langanesströnd, fullu karlf 4. júní (PL).

S-Múl: Innst í Reyðarfirði, fullu karlf 13. feb til 16. mars (PL).

Eskifjörður, fullu karlf og ungur karlf 17. mars til 13. apríl (PL ofl).

Rvík: Sundahöfn, fullu karlf 20. feb til 22. mars (EÓÞ, JÓH ofl).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, fullu karlf 2. júlí (BB).

10. mynd. Blikönd *Polysticta stelleri*, fullorðinn karlfugl paraður æðarkollu *Somateria mollissima* við Hnjót í Örlygshöfn, 2. júní 1993. – Ljósm. Erling Ólafsson.



Skag: Lundey á Skagafirði, fullu karlf og tveggja ára karlf í æðarvarpi í ma □ (Páll Stefánsson).

Vestm: Heimaey, karlf 12. apríl (Hávarður B. Sigurðsson ofl).

N-Þing: Hraunhafnartangi á Melrakkaslétu, fullu karlf 25. apríl □ (GH, HE).

Höskuldarnes á Melrakkaslétu, tveggja ára karlf 20. maí (GH, HE, RR).

S-Þing: Saltvík við Skjálfanda, fullu karlf 9. jan (GH), ungur karlf 19. apríl til 30. maí (SG).

Húsavík, ungur karlf 7. feb til 29. maí □ (GH, RR ofl), 9. mynd, fullu karlf 20.-26. des og annar fullu karlf að auki 22. des (SG ofl).

A-sjó: Syðra-hraun á Faxaflóa, karlf 13.-15. mars (Sigurður S. Jónsson).

1992:

A-Skft: Höfn í Hornafirði, þrjár frá 1992 til 28. mars en síðan tvær til 25. apríl (BB, SSI ofl) sjá einnig skýrslu 1992, 9. okt (BB), 10. nóv til 15. des (BA, BB ofl).

Kvísker í Örfæfum, tvær 21. apríl (HB).

Fagurhólmsmýri í Örfæfum, tvær 18.-19. maí (Ari B. Sigurðsson), ef til vill sömu og á Kvískerjum.

Borgir í Nesjum, 9. okt (Karl Skírnisson), ef til vill sami og á Höfn.

N-Þing: Sandfellshagi í Öxarf rði, tvær 31. maí til 4. júní (Björn V. Björnsson).

S-Þing: Vogar í Mývatnssveit, tvær frá 1992.

Tvær bættust við í byrjun apríl. Flökkuðu um sveitina í nokkra daga en hurfu síðan. Komu aftur um 20. apríl eftir mikið flakk (sjá aðrar athuganir í Þingeyjarsýslum). Par gerði hreiður og varp þremur eggjum, en afrækti hreiðrið. Tveir fuglar hurfu í lok maí, en hinir héldu kyrru fyrir amk til ársloka ☐ (Hallgrímur Jónasson, Hjördís Albertsdóttir ofl), sjá einnig skýrslu 1992 og Blíka 14: 49-53.

Garður í Mývatnssveit, fjórar 5. apríl (Árni Halldórsson).

Steinkirkja í Fnjóskadal, fjórar 11. apríl (Gunnar H. Ingólfsson).

Háls í Fnjóskadal, fjórar 12. apríl (Magnús Gunnarsson).

Nes í Fnjóskadal, fjórar 12. apríl (Gunnar Valtýsson, Stefán Kristjánsson).

Hrífla í Köldukinn, fjórar 12. apríl (Sigtryggur Vagnsson).

Fremstafell í Köldukinn, fjórar 13. apríl (Sverrir Thorstensen).

Laugaból og Laugar í Reykjadal, jórar 14. apríl (Dagur Tryggvason, Haukur Tryggvason ofl).

Bólstaður í Bárðardal, tvær 15. apríl (Héðinn Höskuldsson).

Húsavík, tvær 30. maí (GH, Jón B. Gunnarsson, RR, SG).

1992:

Arn: Stokkseyri, 21. apríl 1992 (Anthony D. Fox, Carl Mitchell, Peter Burns).

Ósabakki á Skeiðum, 2. maí 1992 (John M. Bowler, Peter Burns).

Bláhráfn *Corvus frugilegus* (-,394,21)

Evrópa og Asía. – Árviss flækningur, en fjöldi þeirra mjög misjafn eftir árum. Þetta er fjórða árið í röð sem mikið sést af bláhröfnum.

Arn: Selfoss, ungf 24. jan til 9. feb (ÖÖ), 3. nóv (ÖÖ).

Hveragerði, ungf 6. nóv (ÖÖ).

Gull: Lundur í Kópavogi, 5. feb (Árni W. Hjálmarsson).

Garðabær, ungf 30. mars (BB), ef til vill sami fugl og við Lund.

Mosfellsbær, ungf 1.-2. nóv (Brynhildur Einarsdóttir).

Grindavík, 10. nóv (Helgi Harðarson), tveir ungf 13. nóv (EÓ, GÞH, GP, ÞRE).

Keflavík, þrír ungf 11. nóv (Vilmar Guðmundsson).

Hafnarfjörður, ungf 14. nóv til 1994 (EÓ).

S-Múl: Stöðvarfjörður, ungf 12. des (BB).

Rang: Seljaland undir Eyjafjöllum, ungf 23. okt (Björgvin Sigurðsson).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, ungf 29. okt til 4. nóv (BB ofl), fullu 7. nóv (BA, BB).

V-Skaft: Höfðabrekka og nágr. í Mýrdal, haust til des (Jóhannes Kristjánsson).

Snæf: Rif, tveir 1.-4. maí (Smári J. Lúðvíksson). Jörfi í Kolbeinsstaðir, ungf 29. okt (PL).

Stykkishólmur, 7.-20. nóv (Trausti Tryggvason).

Vestm: Heimaey, 30. okt til amk 27. jan 1994 (Kristján Egilsson, Viktor Sigurjónsson ofl).

Gráspör *Passer domesticus* (-,4,0)

Upphafleg heimkynni í Evrópu og N-Afríku, en verpur nú víða um heim vegna flutninga af mannavöldum. – Mjög sjaldgæfur flækingur, en hefur orpið á nokkrum stöðum. Varpið á Hofi hefur staðið í níu ár.

A-Skaft: Hof í Örfæm, sjö pör urpu þrisvar sinnum (Sigrún Sæmundsdóttir), amk fimmtán fuglar 24. ágúst, þ.a. eitt par með unga □ (JÓH, ÓE), 27. mynd, 21 fugl 1. des (HB).

Bókfinka *Fringilla coelebs* (-,308,14)

Evrópa, N-Afrika og V-Asía. – Árlegur haustflækingur og sést líka oft á vorin. Bókinka hefur orpið hér. Þó nokkuð sjaldséðari en fjallafinka.

Arn: Selfoss, kvenf 13.-16. apríl (ÖÖ).

Rang: Tumastaðir í Fljótshlíð, syngjandi karlf miður apríl til 20. jún (ÖÖ ofl).



27. mynd. Gráspör *Passer domesticus*, ungf. Hof í Örfæm, 24. ágúst 1993. – Ljósmynd. Jóhann Óli Hilmarsson.

A-Skaft: Kvísker í Örfæm, karlf 6.-11. apríl, kvenf 10.-11. apríl, ein 21. apríl (HB).

Höfn í Hornafirði, kvenf 8.-16. apríl og karlf 12.-13. apríl í húsaðögðum (BÞ, EP ofl), karlf 12.-15. apríl í Einarssundi (BA, BB).

Skálafell í Suðursveit, karlf 12. apríl (BA, BB), karlf og tveir kvenf 7. nóv (BA, BB).

Borg á Mýrum, 7. nóv (Auðbjörg Þorsteinsdóttir ofl).

Hali í Suðursveit, kvenf 7. nóv (BA, BB).

N-Þing: Leirhöfn á Melrakkaslétu, karlf 5. maí (Guðmundur Ö. Benediktsson).

S-Þing: Húsavík, kvenf 2. nóv 1992 til 26. mars (GH ofl), sjá einnig skýrslu 1992.


Fjallafinka *Fringilla montifringilla*

(-,610,33)

N- og NA-Evrópa og norðanverð Asía til Kyrrahafs. – Árleg vor og haust og hefur orpið hér nokkrum sinnum.

Rang: Tumastaðir í Fljótshlíð, 5. júlí (HÓ).

Rvk: Suðurgata, karlf 10.-11. des (HG).



28. mynd. Fjöldi barrfinka sem sást í hverri viku árið 1993. Dökkur sölur sýna fjölda athugana, en þær ljósu fjölda fugla. – Number of Siskins *Carduelis spinus* seen each week during 1993. The dark columns show number of records, but the white number of birds.

A-Skaft: Kvísker í Örafum, karlf 6. apríl, þrír karlf og kvenf 22.-27. apríl, karlf og kvenf 29. apríl (HB), tvær 5. okt, karlf og kvenf 7. nóv, karlf 16.-21. nóv, sex 22. nóv, tvær 25. nóv (HB).

Hæðargarður í Nesjum, þrjár 12. apríl (BA, BB).

Höfn í Hornafirði, karlf 22. apríl (BA), kvenf 30. nóv (BB).

Svínafell í Örafum, sjö 25. apríl (JÞ).

Borg á Mýrum, kvenf 7. nóv (BA, BB).

Hali Suðursveit, karlf og kvenf 7. nóv (BA, BB).

Skálafell Suðursveit, tveir kvenf 7. nóv (BA, BB).

Á sjó: Um 46 sjóm A af Gerpi (64°57'N, 11°43'V), karlf fd 3. okt ☆ [RM10858] (Helgi Leifsson).

Barrfinka *Carduelis spinus* (41,52,25)

Slitrótt í Evrópu og Asíu. – Nær árlegur flækingur. Aldrei áður hafa sést svona margar á einu ári. – 28. mynd.

Ánn: Selfoss, 9. apríl (ÖÖ), 7. nóv (ÖÖ).

Eyf: Dalvík, karlf 13. maí (HE).

Rang: Tumastaðir Fljótshlíð, þrír karlf 4. nóv (HÖ).

Rvík: Brúnavegur, karlf fd 27. okt ☆ [RM 10923] (Ragnhildur Þórarinsdóttir).

Rofabær, 12. nóv (Hannes Þ. Hafsteinsson).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, karlf 12.-13. apríl í Einarslundi (BA, BB), kvenf 21. sept (BB), 26. nóv (BÞ, EP).

Kirkjugarðurinn í Nesjum, karlf 12. apríl □ (BA, BB), karlf 27. okt (BB).

Fagriskógur Suðursveit, karlf 13. jún (BA, HB).

Kvísker Örafum, kvenf 4. okt, kvenf 18. okt, átta 24. okt (HB).

Skálafell í Suðursveit, kvenf 19. nóv (BA).

V-Skaft: Kirkjubæjarklaustur, tvær 6. okt (AG).

Rósafinka *Carpodacus erythrinus* (12,21,1)

NA-Evrópa og miðbik Asíu til Kyrrahafs. – Er í útbreiðsluaukningu í V-Evrópu, en er fremur sjaldgæfur flækingur hér á landi.

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, syngjandi karlf 22. júní (BB).

Krúnuskrikja *Dendroica coronata* (4,4,1)

Austanverð N-Ameríka. – Mjög sjaldgæfur flækingur hér á landi, en er þó algengasta ameríska skríkjan.

Gull: Staður við Grindavík, ungf 25. sept □ ☆ [RM10851] (EÓ, GP, KM, KHS, ÞrE).

Sportittlingur *Calcarius lapponicus* (88,109,6)

Skandinavía, shafslönd Asíu og Ameríku, V- og SA-Grænland. – Sjaldgæfur fargestur hér á landi á leið sinni milli Grænlands og Evrópu.

Gull: Stafnes á Miðnesi, kvenf/ungf 12. sept (GPH, GP).

Hvalsnes, kvenf/ungf 10. okt (EÓ).

Útskálur Garði, kvenf/ungf 23. okt (GPH, GP, HG).

Mýr: Akrafell á Mýrum, karlf og kvenf 16. maí (GAG, KL).

Rvk: Lambhagahverfi við Úlfarsfell, kvenf 11. okt (JÖH).

Seftittlingur *Emberiza schoeniclus* (11,4,1)

Evrópa og Asía. – Allir seftittlingar sem hér hafa fundist sáust á Kvískerjum, nema einn sem var þó í sömu sveit. Ellefu ár eru síðan seftittlingur sást s.ðast.

A-Skaft: Kvísker í Örafum, karlf 6.-12. apríl (HB).

ATHUGENDUR OBSERVERS

Alastein Ö. Snæþórsson (AÖS), Ágúst Helgason, Amundi Játvarðsson, Andrew Hattersley, Anna Helgadóttir, Anthony D. Fox, Ari B. Sigurðsson, Annar Helgason, Ártur Einarsson (ÁE), Ártur Halldórsson, Ánni W. Hjálmarsson, Ártur G. Magnússon, Arnþór Garðarsson (AG), Ásbjörn Eggertsson, Áskell Jónason, Auðbjörg Þorsteinsdóttir, Auður Benediktsson, Auður Höskuldsdóttir.

Baldur Friðriksson, Baldur Vilhjálmsson, Barry Rose (BR), Benedikt Þorsteinsson (BÞ), Birgir Þorbjarnarson, Björgvin Sigurðsson, Björk Guðjónsdóttir, Björn Arrarson (BA), Björn V. Björnsson, Björn I. Finsen, Björn Hjaltason, Björn Sigurðsson, Broddi R. Hansen, Brynhildur Einarisdóttir, Brynjúlfur Brynjólfsson (BB).

Carl Mitchell.

Dagný Ingimundardóttir, Dagur Tryggvason, Daniel Magnússon.

Egill Freysteinnsson, Egill Óskarsson, Einar Ó. Þorleifsson (EÖÞ), Einar Þorsteinsson, Eiríkur Ragnarsson, Elías G. Wium, Elinborg Pálsdóttir (EP), Elmar Viglundsson, Erling Ólafsson (EÓ), Erlingur Friðgeirsson, Erpur S. Hansen.

Finnur L. Jóhannsson, Friðjón Ártason, Friðrik Diego.

Gaukur Hjartarson (GH), Gerrit J. Gerritsen, Gísli V. Einarsson, Gísli M. Gíslason, Guðbrandur Sverrisson, Guðgeir Ingvarsson, Guðjón Bjarnarson, Guðjón Gamalielsson, Guðmar Gíslason, Guðmundur Ö.

Benedíksson, Guðmundur A. Guðmundsson (GAG), Guðmundur Kristjánsson, Guðmundur P. Pétursson, Guðmundur Ö. Sigurgeirsson, Guðmundur Sigurjónsson, Guðmundur H. Wium, Guðný Ólafsdóttir, Guðrún Pétursdóttir, Guðrún Reykdal, Gunnar Björnsson, Gunnar P. Hallgrímsson (GPH), Gunnar H. Ingólfsson, Gunnar Tómasson, Gunnar Valtýsson, Gunnlaugur Björnsson, Gunnlaugur Pétursson (GP), Gunnlaugur Theodórsson, Gunnlaugur Þráinsson (GP), Gylfi Gunnarsson, Gylfi Sigurðsson.

Háfríð Ólafsson, Háfríð Björnsson (HB), Halldór Ö. Einarsson, Halldór W. Stefánsson, Hallgrímur Bóasson, Hallgrímur Gunnarsson (HG), Hallgrímur Jónasson, Hannes Þ. Hafsteinsson, Hannes Þorsteinsson, Harpa Kristjánsdóttir, Haukur Ingólfsson, Haukur Jónsson, Haukur Tryggvason, Hávarður B. Sigurðsson, Héðinn Höskuldsson, Heimir Eiríksson (HE), Helga G. Kristjánsdóttir, Helgi Björnsson, Helgi Guðmundsson, Helgi Harðarson, Helgi Leifsson, Hermann Karlsson, Hildur Hákonardóttir, Hjördis Albertsdóttir, Hrafn Jóhannsson, Hrafn Óskarsson (HÓ), Hreinn Ágústsson, Hreinn Jónsson.

Ib K. Petersen (IKP), Indriði Indriðason, Inga Skarphéðinsdóttir, Ingi Sigurjónsson, Ingólfur Guðnason, Ingólfur Sveinsson, Ingvar Hreinsson.

Jens Magnússon, Jóhann Helgason, Jóhann Óli Hilmarsson (JÓH), Jóhann Oddsson, Jóhann Þorsteinsson (JP), Jóhannes Kristjánsson, John M. Bowler, John Miles, Jón P. Ásgeirsson, Jón Benediktsson, Jón Benjaminsson, Jón B. Gunnarsson, Jón B. Hlíðberg (JBH), Jón H. Jóhannsson, Jón Jónsson, Jón Magnússon, Jón S. Ólafsson (JSÓ), Jón Pálmason, Jón H. Sigurbjörnsson, Jón Sigurðsson, Jón Tryggvason.

Kári Joensen, Karl Ólafsson, Karl Skírnisson, Kees Camphuysen (KC), Kjartan Magnússon (KM), Kolbrún Valdimarsdóttir, Kristinn B. Jónsdóttir, Kristinn Guðjónsson, Kristinn Kristinnsson, Kristinn Pálsson, Kristinn Pétursson, Kristinn H. Skarphéðinsson (KHS), Kristján Egilsson, Kristján Kristjánsson, Kristján Lilliendahl (KL).

Louise Indriðason.

Magnús Eyjólfsson, Magnús Gunnarsson, Magnús I. Óskarsson.

Niko M. Groen.

Oddur G. Jóhannsson, Ólafur Einarsson (ÓE), Ólafur K. Nielsen (ÓKN), Ólafur Torfason, Óli M. Eyjólfsson, Óskar J. Sigurðsson.

Páll Jóhannesson, Páll Leifsson (PL), Páll Stefánsson, Páll Steingrímsson, Peter Butts.

Ragna Júlíusdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir, Reynir Pétursson, Reynir Stefánsson, Ríkarður Ríkardósson (RR), Rúnar Sleifsson, Rögnvaldur Hilmarsson.

Sigmundur Eiríksson, Sigríður Árradóttir, Sigrún S. Ingólfssdóttir (SSI), Sigrún Sæmundsdóttir, Sigtryggur Vagnsson, Sigurður Árrásson, Sigurður Bjartason, Sigurður Blöndal, Sigurður Gíslason, Sigurður Gunnarsson (SG), Sigurður S. Jónsson, Sigurður Steindórsson, Sigurður J. Sverrisson, Sigurfinnur Jónsson, Sigurgeir Sigurðsson [Vestm.], Sigurgeir

Sigurðsson [S-Þing.], Sigurgeir Stefánsson, Sigurpáll Jónsson, Silvano Benvenuti, Skarphéðinn Þórisson, Smári J. Lúðvíksson, Sólveig Bergs, Sólveig Sigurðardóttir, Sonja Smith, Stefán Bjartason (StB), Stefán Jóhannsson, Stefán Kristjánsson, Stefán Á. Ragnarsson, Stefán Sigbjörnsson, Stefán Valdimarsson, Steindór Ágústsson, Sveinn Ólafsson, Sveinn K. Valdimarsson, Sverrir Thorstensen, Sæmundur Kristjánsson.

Thomas Alerstam, Tómas G. Gunnarsson, Trausti Tryggvason, Tryggvi Eyjólfsson, Tryggvi Stefánsson.

Úlfar Sveinsson.

Valgeir Sigurðsson, Viðar Ófeigsson, Viðir Gunnarsson, Vigdís Sigurðardóttir, Vigfús Guðmundsson, Vignir Sigurðsson, Viktor Sigurjónsson, Vilhjálmur Jónasson, Vilmar Guðmundsson, Völundur Jóhannesson.

Wil G. Geertse.

Yann Kolbeinsson (YK).

Þórarinn Rögnvaldsson, Þórður Sigurðsson, Þórður Þórðarson, Þórhallur Vigfússon, Þórhallur Þorsteinsson, Þórir Snorason, Þorlákur Magnússon, Þorlákur Sigurbjörnsson, Þorsteinn Ingólfsson, Þorvaldur Björnsson, Þorvaldur G. Helgason, Þorður Erlingsson (ÞRE), Þorður Eysteinnsson.

Ævar Petersen.

Örlygur Kristfinnsson, Örn Óskarsson (ÖÖ), Örn Valdimarsson, Örn Þorleifsson.

HEIMILDIR

Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson og Erling Ólafsson 1993. Sjaldgæfir fuglar á slandi 1992. Bliki 14: 17-48.

Sigurður Gunnarsson 1994. Dvergkrákur á norður-slöð. Bliki 14: 49-53.

SUMMARY

Rare birds in Iceland in 1993

This report lists 101 rare or vagrant bird species recorded in Iceland in 1993. Furthermore one additional species from 1987 is reported. These records have been accepted by the Icelandic Rareties Committee.

Common vagrants and winter visitors: As usual all records of: Grey Heron *Ardea cinerea*, King Eider *Somateria spectabilis*, Common Goldeneye *Bucephala clangula*, Bar-tailed Godwit *Limosa lapponica* and Curlew *Nimetus arquata* are included. Records of Sooty Shearwater *Puffinus griseus* are increasing and 1993 is the best year ever. Number of King Eiders is low this year, but the winter population of Common Goldeneye seems to be increasing. A few Lapwings *Vanellus vanellus* were seen in spring and late autumn. Nine Little Gulls *Larus minutus* were reported 1993, which make the year second best ever for that species. The year was also good for Wood Pigeons *Columba palumbus* and Snowy Owls *Nyctea scandiaca*. On the other hand only three Swifts *Apus apus* were reported, which is the lowest since 1986. Num-

bers of Swallows *Hirundo rusica* and House Martins *Delichon urbica* were also low in 1993. Number of Song Thrush *Turdus philomelos* was well above average for the last five years. Twenty-five Siskins *Carduelis spinus* were reported, mainly in spring, which is much more than has been recorded before in one year.

Rare breeding birds: Shelduck *Tadorna adorna* bred in Borgarfjörður (W Iceland) as in 1992 and raised eleven young. This is the third breeding of this species in Iceland. Shoveler *Anas chipeata* is a rare breeding bird, and in 1993 a female with six young was seen at Lake Mývatn (N Iceland). Ruddy Duck *Oxyra jamaicensis* bred also at Lake Mývatn, but the young died soon after hatching. This species has bred once before in Iceland (in 1990). Three pairs of Blackbirds *Turdus merula* bred in Reykjavík (SW Iceland) and raised altogether 17 young. A pair of Jackdaws *Corvus corax* bred from an influx in autumn 1991 made its second nesting attempt in Mývatnssveit (N Iceland) in 1993. Seven pairs of House Sparrows *Passer domesticus* raised young in a small colony at a farm in Örfæri, SE Iceland (present since 1985). Also included in this report is a breeding record of a House Martins *Delichon urbica* from Fljótshlíð (S Iceland) in 1990, where three young were raised. A singing Broad-billed Sandpiper *Limicola falcinellus* was recorded on Tjörnes (N Iceland) in 1993, at the same locality where this species has been seen in every spring since 1987 (except 1991). Breeding has nevertheless not been proved in Iceland.

Rare species: No new species was recorded in Iceland in 1993 and relatively few extremely rare species were seen. Two species were recorded the second time in 1993: Mute Swan *Cygnus olor* (recorded in 1989) and three Marsh Harriers *Circus aeruginosus* (recorded in 1944!). The male Bufflehead *Bucephala albeola* which had been seen regularly in Iceland since 1988, drowned in a fishing net in lake Mývatn (N Iceland) in March 1993. This was the second recorded individual for the country. A Sandwich Tern *Sterna sandvicensis* was recorded for the fourth time and the fifth Buff-bellied Pipit *Alopius rubescens* was found dead in April, the first spring record. Two Night Herons *Nycticorax nycticorax* recorded on the 1st of April caused some confusion among local birdwatchers. They were seen for a few weeks and the third bird was found dead. Only four Night Herons had been seen prior to 1993. Other rare species include Steller's Eider *Polysticta stelleri*, Smew *Mergus albellus*, Peregrine Falcon *Falco peregrinus*, Bonaparte's Gull *Larus philadelphia* (seventh record), Lesser Yellow-

legs *Tringa flavipes* (ninth record), Yellow-rumped Warbler *Dendroica coronata* (ninth record), Reed Bunting *Emberiza schoeniclus* (first record since 1982). The subspecies *Branta bernicla nigricans* was recorded for the third time in 1993. Included in the report is a late record of a Laughing Gull *Larus atricilla* from 1987 (the seventh record).

The following details are given for each record: (1) county (abbreviated in italics), (2) locality, (3) number of birds (if more than one), (4) sex and age, if known, (5) date, (6) observers (in parentheses, some abbreviated). If a specimen of a bird is preserved at the Icelandic Institute of Natural History, the catalogue number is given [RMxxxxx].

The three numbers in parentheses after each species name indicate, respectively: (1) the total number of birds (individuals) seen in Iceland before 1979, (2) in the period 1979-1992, and (3) in 1993 (the present report). In some cases, the number of birds recorded before 1979 have not yet been compiled and is thus indicated by a bar (-). For a few very common vagrants or winter visitors no figures are given.

The report includes records of Blackbird *Turdus merula* and Fieldfare *Turdus pilaris* from 1st September 1992 to 31st August 1993, but for all other species the calendar year applies.

The following abbreviations are used: *karlf* = male, *könf* = female, *par* = pair, *fi llo* = adult, *ungf* or *ungur* = immature, *fd* = found dead, *fn* = found newly dead, *fld* = found long dead, *☆* = collected or found dead (species identification confirmed with a specimen), *□* = photographed (or filmed) and identification confirmed by at least two committee members. *amk* = at least, *ofl* = et al., *um* = about, *til* = until, *á fyrsta vetri* = first winter, *ársaga all* or *á fyrsta sumri* = first summer, *á öðru vetri* = second winter, *á öðru sumri* or *2ja ára* = second summer. Names of months are abbreviated. Number of birds is usually given in words.

Data from the last report is used in preparing histograms and distribution maps for some of the winter visitors.

Gunnlaugur Þráinsson, Melbæ 40, 110 Reykjavík.

Gunnlaugur Pétursson, Gautlandi 21, 108 Reykjavík.

Erling Elíasson, Náttúrufræðistofnun Íslands, pósthólf 5320, 125 Reykjavík.

Leirutíta á Suðurnesjum

Inngangur og atvik

Á undanförnum árum hefur flækingsfugla verið leitað á Suðurnesjum á haustin. Venjulega fara fuglaskoðarar þangað um hverja helgi frá byrjun september og fram í byrjun nóvember. Laugardaginn 3. september 1994 fór ég í slíka ferð ásamt Gunnlaugi Péturssyni, Kjartani Magnússyni og Yann Kolbeinssyni. Af veðurlagi dagana á undan mátti ráða að líkur væru á að við fyndum ameríska flækingsfugla í þessari ferð því lægð hafði farið upp með austurströnd Bandaríkjanna í vikunni á undan og borist til Íslands tveimur dögum áður. Svo snemma hausts er fartími margra vaðfuglategunda hafinn en spörfuglar eru litið á ferðinni fyrir en í október. Við einbeittum okkur því að fjörumeum. Á Miðnesi skiptum við strandlengjunni frá Stafnesi Garð á milli okkar og gekk hver okkar sinn hluta.

Ágiskun okkar reyndist rétt því alls fundum við fimm ameríska vaðfugla þennan dag. Í Garði voru tvær rákatítur *Calidris melanotos* og síðar um daginn sáust tvær grastítur *Tringites subruficollis* í Arfadalsvík vestan Grindavíkur. Fimmti fuglinn var síðan leirutíta *C. bairdii* sem fannst fyrst við litla tjörr við Flankastaði á Miðnesi, rétt norðan við Sandgerði. Þetta þótti okkur merkilegur fundur því leirutíta hafði aldrei áður sést á Íslandi. Þegar við hittumst að nýju eftir gönguna hröðuðum við okkur að tjörrinni en þá var fuglinn horfinn. Höfst nú leit í nágreinninu og um síðir fannst hann aftur í fjörinni norðan við hafnargarðinn í Sandgerði, um einn kílómetra sunnan við upphaflegan fundarstað.

Þarra gátum við skoðað fuglinn mjög vel á 15-30 metra færi í góðu veðri (1. mynd). Eins og ávallt þegar sjaldséður flækingsfugl sést, þá var skrifð nákvæm

lýsing á fuglinum á staðnum og einnig var hann ljósmyndaður. Vegna þess að hér var um fyrsta fund þessarar tegundar að ræða hérlendis var fuglinum safnað til frekari greiningar og er hann nú varðveittur á Náttúrufræðistofnun Íslands (RM 10956). Samkvæmt búningi er um ungfugl að ræða og við krufningu kom í ljós að fuglinn er kvenkyns. Hér á eftir fer lýsingin á fuglinum samkvæmt dagbókum:

Almennt yfirbragð: Fuglinn var sjónarmun minni en sandlóa sem var til samanburðar. Þegar hann sat náðu vængir langt aftur fyrir stél. Það gerði hann langan og mjósleginn. Fuglinn var lágfættur. Enginn rauður eða ryðrauður litur sást. Hljóð minnti á mjóróma urr.

Höfuð og háls: Augu voru svört. Nef var alsvart. Lengd þess var minni en lengd höfuðs. Kollur og afturháls grábrúnn með fingerðum svörtum rákum. Hann hafði ljósa brúnarák en hún var ógreinileg. Það vottaði fyrir dökkri augnrák aftan við augu en hún var áberandi framan augna. Fiður við nefrót var hvítt allt í kring um nefið. Kverk var hvít.

Bak og yfirvængur: Bakþökur voru svartar með ljósum jaðri, nærri hvítum. Efri og neðri axlarfjaðrir voru brúnar eða grábrúnar. Fjaðurstafir voru svartir. Jaðar þessara fjaðra var hvítur eða ljósgrár yst en fyrir innan hann kom svört rönd. Svarta röndin ásamt fjöðurstafnum myndaði akkerismynstur í fjöðrunum. Allar axlarfjaðrir voru mjög svipaðar þannig að engin sérstök mynstur voru sjáanleg. Ljósir fjaðrajaðrarir gerðu efri hluta fuglsins hins vegar mjög skaraðann þannig að hann virtist hreistraður. Alnarfjaðrir voru dökkbrúnar með ljósum jaðri sem var hvítur yst á fjöðrunum en fölgulur innst. Vænghnúar voru svartir. Á flugi sást mjótt og ógreinilegt hvítt vængbelti. Gumpur var svartur eða dökkgrár að mestu en yst var hann hvítur. Hvíti liturinn þakti minna svæði en á lóuþræl. Stél var svart í miðju en grátt til hliðanna.

Bringa og kviður: Kverk var hvít. Bringa var brúngul með finlegum gráum rákum.

1. mynd. Leirutíta ásamt maríuerlu í Sandgerði á Miðnesi, Gull., 3. september 1994. – *The Baird's Sandpiper and a Pied Wagtail in Sandgerði SW-Iceland, 3 September 1994.* – Ljósm. Gunnlaugur Þráinsson.



Kviður, síður og undirgumpur voru hvít að lit. Litaskil milli bringu og kviðar voru lárétt og mjög glögg, næstum eins greinileg og á rákatítu. Engar rákir voru á síðum. Fætur voru svartir.

Líkar tegundir


Beggja vegna Atlantshafsins er að finna allmargar tegundir af ættkvíslinni *Calidris* og er mjög erfitt að greina sumar þeirra í sundur, sérstakleg ungfugla á haustin og fugla í vetrarbúningi. Eins og fram kemur í lýsingunni náðu vængir vel aftur fyrir stél þegar fuglinn sat. Aðeins ein önnur tegund hefur svona langa vængi en það er vaðlatíta *Calidris fuscicollis* sem er nær árviss flækingur hér á landi og er reyndar algengasti ameríski vaðfuglinn. Hún hefur hins vegar hvítan gump, hljóð hennar minnir á músatist og innsti hluti neðra skolts er ljósbrúnn. Á ungum vaðlatítum er mikið ryðrætt í baki og á höfði, meira svart er í axlarþöðrum og þær hafa greinilegt V-mynstur á baki (Lewington, Alström & Colston 1991).

Útbreiðsla

Leirutíta er hánorrænn varpfugl á freðmýrum N-Ameríku. Hún verpur í nyrsta hluta Alaska, nyrsta hluta meginlands Kanada, nyrðri hluta Baffinslands, eyjun-



2. mynd. Varpútbreiðsla (rautt svæði) og vetrarstöðvar leirutítu (blátt svæði). – *Breeding (red) and winter (blue) distribution of the Baird's Sandpiper.*



3. mynd. Fundartími leirutítu í Evrópu eftir vikum til loka 1993. – *Timing of all Baird's Sandpipers observed in Europe until the end of 1993. The columns show the first observation for each bird (N=185).*

um þar norður af og á norðvesturhorni Grænlands. Einnig verpur hún handan Beringssunds austast í Sibiríu. Vetrarstöðvarrar eru í S-Ameríku allt frá miðbaug og suður til Eldlands en aðallega í Perú, Chile og Argentínu (2. mynd). Nyrst dvelja fuglarnir í Andesjöllum en syðst alveg niður undir sjávarmál. Leirutíta er meiri þurrlendisfugl en flestar aðrar titur. Hún verpur á hólum og hæðum í freðmýrum og einnig upp til jalla. Á veturna heldur hún sig í þurrum mótum þar sem gróður er lágvaxinn. Hún er lítið fyrir að vaða í sjó eða vatni.

Á haustin yfirgefa fullorðnar leirutur varpstöðvarrar í júlílok. Þær safnast saman á sléttunum í S-Kanada og miðnorðurríkjum Bandaríkjanna í fyrri hluta ágúst og safna þar fitubirgðum fyrir 6.500 km beint flug til Andestjalla í S-Ameríku um miðjan ágúst. Ungfuglar yfirgefa varpstöðvarnar um svipað leyti og fullorðnir fuglar en eru lengur á leiðinni. Þeir flæmast yfir N-Ameríku stranda á milli en ferðast ekki á mjóu belti í miðr kjunum eins og fullorðnu fuglarnir. Flestir ungfuglar fara um Bandaríkin í seinni hluta ágúst og í byrjun október eru þeir að tínast til vetrarstöðvanna, meira en mánuði á eftir fullorðnu fuglunum. Leirutítur yfirgefa vetrarstöðvarrar í mars. Þær eru á sléttum N-Ameríku í apríl og ná til sumarrhaganna í lok maí og fyrri hluta júní (Cramp & Simmons 1983, Hayman, Marchant & Prater 1986).

Leirutítur austan Atlantshafs

Fram til ársloka 1993 höfðu sést 195 leirutítur sem mér er kunnugt um í Evrópu. Það vekur þv nokkra furðu að tegund sem er svona algeng í Evrópu skuli ekki hafa sést hér fyrr. Hún á því sennilega eftir að sjást hér aftur á næstu árum.

Bretlandseyjar: 166 fuglar, þar af þrír að vori til. Á haustin hafa sést nokkrir fullorðnir fuglar á tímabilinu júlí til september en langflestir (85-90%) eru ungfuglar sem sjást aðallega í september og október. Mismunandi komutími ungfugla og fullorðinna er í samræmi við mun á fartíma. Undanfarin ár hafa sést fimm fuglar á ári að meðaltali (Dymond, Fraser & Gantlett 1989, Rogers ofl. 1987-1994).

Noregur: Tveir fuglar, báðir 27. maí 1975 (Ree 1976).

Svíþjóð: Þrír fuglar, ungfugl 3.-7. ágúst 1982, ungfugl 18.-20. október 1983 og ungfugl 25. september til 18. nóvember 1989 (Kjellén ofl. 1984, Elmberg 1990).

Finnland: Þrír fuglar sem eru allir óaldursgreindir, 20. september 1962, 29. ágúst til 1. september 1971 og 1. september 1973 (Pekka J. Nikander bréfl. uppl.).

Holland: Tveir fuglar, ungfugl 21.-28. september 1980 og ungfugl 23.-28. ágúst 1981 (van IJzendoorn 1981, Bauwens ofl. 1982).

Frakkland: Átta fuglar, 20. september 1927, 30. desember 1975 til 11. janúar 1976, september 1977, 20. ágúst 1979,

14.-20. september 1982, 17.-20. september 1984, ungfugl 18. september 1991 og ungfugl 27.-29. september 1991 (Dubois 1986, 1992, Dubois og Yésou 1991.).

Þýskaland: Þrír fuglar, ungfugl 13. september 1984, ungfugl 7. september 1985 og 23. maí 1991 (Deutsche Seltenheitenkommission 1994, Peter H. Barthel bréfl. uppl.).

Spánn: Einn fugl, fullorðinn 20.-21. ágúst 1988 (Eduardo de Juana bréfl. uppl.).

Azoreyjar: Einn fugl, óaldursgreindur í janúar 1979 (Eduardo de Juana bréfl. uppl.).

Kanaríeyjar: Einn fugl, óaldursgreindur 21. október 1990 (De Juana 1992).

Pólland: Tveir fuglar, óaldursgreindur 21. ágúst 1978 og ungfugl 19.-29. október 1993 (Tadeusz Stawarczyk bréfl. uppl.).

Austurríki: Einn fugl, óaldursgreindur 11.-16. október 1988 (Andreas Ranner bréfl. uppl.).

Tékkland: Einn fugl, ungfugl 2.-3. september 1981 (Josef Chytil og Alfréd Trnka bréfl. uppl.).

Grikkland: Einn fugl, fullorðinn 21. ágúst 1986 (George I. Handrinos bréfl. uppl.).

Komutími leirutíta í Evrópu er sýndur í súluriti (3. mynd). Eins og sést á upptalningunni hafa allar leirutitir í Evrópu sést á fartíma fyrir utan tvær sem sást um miðjan vetur í Frakklandi og á Azoreyjum. Mér er auk þess kunnugt um tvær leirutitir í V-Afríku að vetri til. Þann 16. desember 1965 sást ein í Senegal og 25. nóvember 1976 sást önnur í Gambíu (Meeth 1981). Þessar fjórar athuganir benda til að leirutitir sem berast austur yfir Atlantshaf að hausti geti haft vetursetu í Afríku eða jafnvel í Evrópu.

Langflestar leirutitir í Evrópu sjást á haustin. Þéttleiki þeirra er mestur í SV héruðum Bretlands og Írlands sem liggja að Atlantshafi. Einnig sjást þær í öðrum strandhéruðum Bretlandseyja og nokkrar hafa sést á Bretagneska í Frakklandi. Þetta er svipuð dreifing og annarra amerískra vaðfugla í Evrópu.

Sex leirutitir hafa sést að vorlagi. Engin þeirra sást á áðurnefndum svæðum þar sem flestar sjást á haustin. Með hliðsjón af því að vitað er að leirutitir hafa haft vetursetu austan Atlantshafs er því líklegra að þessir vorfuglar hafi komið yfir hafið haustið áður og verið á farflugi norður á bóginn þegar þær sást í Evrópu.

Ekki er hægt að útiloka að leirutitir komi til Evrópu frá Sibiríu. Rákatíta verpur langt vestur eftir Sibiríu og er talið að hluti af rákatítum í Evrópu komi þaðan (Dymond, Fraser & Gantlett 1989). Leirutíta verpur einnig í Sibiríu en miklu austar en rákatíta því hún finnst aðeins á litlu svæði vestan Beringssunds. Það er því ólíklegt að leirutitir í Evrópu komi þaðan þó ekki sé hægt að útiloka það.

Niðurlag

Mikill meirihluti amerískra vaðfugla sem sést í Evrópu finnst á Bretlandseyjum enda eru þar margir fuglaskoðarar. Tíðni einstakra tegunda þar er talin endurspegla vel komur þeirra til Evrópu (Gunnlaugur Pétursson 1992). Allgott samræmi er á milli tíðni þeirra á Bretlandseyjum og á Íslandi. Af þeim tegundum sem höfðu sést oftast en tíu sinnum á Bretlandseyjum höfðu allar sést hér á landi líka, nema leirutíta. Í ljósi þess hversu algeng hún er á Bretlandseyjum og annars staðar í Evrópu hafði hennar því lengi verið sáknað. Það kom því ekki á óvart að hún skyldi loks birtast hér. Engin skýring er til á því hvers vegna hún lét bíða svo lengi eftir sér, sennilega er það aðeins tilviljun. Þó er hugsanlegt að leirutitir sem á annað borð koma á Reykjaneskagann, þar sem lestir amerískir vaðfuglar finnast, staldri stutt við vegna skorts á heppilegu búsvæði. Hugsanlegt er að þær haldi fljótt áfram í leit að betri landkostum á meðan aðrar tegundir staldra lengur við í fjöllum skagans. Það þurfa hins vegar ekki að sjást nema tvær aðrar til þess að hún nái sambærilegri tíðni og aðrar tegundir amerískra vaðfugla í Evrópu. Líklegt er því að þetta hlutfall muni lagast í framtíðinni.

ÞAKKIR

Ég vil þakka ferðafélögum mínum sem tóku þátt í að finna og greina leirut t. na. Einnig vil ég þakka Guðmundi A. Guðmundssyni og Gunnlaugi Pétursyni fyrir yfirlestur og ábendingar um margt sem betur mátti fara. Að lokum þakka ég þeim sem veittu mér upplýsingar um leirutitur í Evrópu.

HEIMILDIR

- Bauwens, L. & P. Bauwens 1982. Bairds Strandloper bij Huizen in augustus 1981. Dutch Birding 4: 15-17.
- Cramp, S. & K.E.L. Simmons, (ritstj.) 1983. The birds of the Western Palearctic. Vol. III Waders to Gulls. Oxford University Press, Oxford.
- Deutsche Seltenheitenkommission 1994. Seltene Vogelarten in Deutschland 1991 und 1992. Limicola 8: 153-209.
- Dubois, P.J. & C.H.N. 1986 & 1992. Les Observations d'Espèces soumises à Homologation en France. Alauda 54: 286-310, 60: 199-221.
- Dubois, P. J. & P. Yésou 1991. Les Oiseaux Rares en France. Editions Raymond Chabaud, Bayonne.
- Dymond, J.N., P.A. Fraser, & S.J.M. Gantlett 1989. Rare Birds of Britain and Ireland. Poyser, Calton.
- Elmberg, J. 1990. Sällsynta fåglar i Sverige 1989 - rapport från SOF:s raritetskommitté. Vår Fågelvärld 49: 463-480.
- Gunnlaugur Pétursson 1992. Fitjatita finnst hér á landi. Bliki 12: 1-8.
- Hayman, P., J. Marchant & T. Prater 1986. Shorebirds: an Identification Guide to the Waders of the World. Helm, London.
- van IJzendoorn, E.J. 1981. Bairds strandloper op de Maasvlakte in September 1980. Dutch Birding 3: 48-50.
- de Juana, A.E. 1992. Observaciones homologadas de aves raras en España y Portugal. Informe de 1990. Ardeola 39: 73-83.
- Kjellén, N. & L. Svensson 1984. Sällsynta fåglar i Sverige 1983 - rapport från SOF:s raritetskommitté. Vår Fågelvärld 43: 535-550.
- Lewington, I., P. Alström, & P. Colston, 1991. A Field Guide to the Rare Birds of Britain and Europe. Domino Books, Harper Collins Publishers, London.
- Meeth, P. 1981. Baird's sandpiper in Sénégal in December 1965. Dutch Birding 3: 51.
- Ree, V. 1976. Rapport fra NNSK'S Virksomhet April 1975 - April 1976. Sterna 15: 179-197.

Rogers, M.J. & the Rarities Committee 1987-1994. Brit. Birds 80: 516-571, 81: 535-596, 82: 505-563, 83: 439-496, 84: 449-505, 85: 507-554, 86: 447-540, 87: 503-571.

SUMMARY

The first Baird's Sandpiper *Calidris bairdii* found in Iceland

The first Baird's Sandpiper in Iceland was found at Sandgerði, SW-Iceland on 3 September 1994. It was a juvenile female. It was collected and is preserved as study skin at the Icelandic Institute of Natural History in Reykjavík (catalogue no. RM 10956). Other American waders that were found the same day in the same region were two Pectoral Sandpipers *Calidris melanotos* and two Buff-breasted Sandpipers *Tryngites sul-ruficollis*.

Total of 195 Baird's Sandpipers have been recorded in Europe until end of 1993. Of them 166 are from Britain and Ireland. There are eight from France, three from each of Sweden, Finland and Germany, two from each of Norway, the Netherlands and Poland and one from Spain, Azores, Canary Islands, Austria, the Czech Republic and Greece.

Apart from two winter records and six spring records, all European sightings of Baird's Sandpiper are from autumn. There are also two winter records from Africa. Most autumn sightings are from the south-western parts of Britain and Ireland as well as from Bretagne, France. None of the six spring records are from the regions most frequently visited by this species in autumn. The winter records and the location of the spring records indicate that these birds may have spent the preceding winter on the east side of the Atlantic. Although Baird's Sandpiper breed in eastern-most Siberia, all or at least most of the vagrants in Europe are believed to come from west across the Atlantic rather than from east. In light of rather frequent observations of this species in Europe the first Icelandic record comes surprisingly late.

Attila Bankovics, Peter H. Barthel, Josef Chytil, George I. Handrinos, Eduardo de Juana, Pekka J. Nikander, Andreas Ranner, Tadeusz Stawarczyk and Alfréd Trnka informed about records in Europe.

Gunnlaugur Þráinnsson, Melbae 40, 110 Reykjavík.

Barrfinkuvarp á Tumastöðum í Fljótshlíð 1994

Barrfinka *Carduelis spinus* er allalengur fiækingur á Íslandi. Hún sést hérlandis bæði vor og haust. Oftast sjást stakir fuglar á vorin en öðru hvoru koma hóp- ar á haustin. Haustið 1985 voru t.d. sex fuglar á Selfossi og 12. september 1988 sáuust 6-8 fuglar í Múlakoti í Fljótshlíð. Í nóvember 1993 sáuust 3 karlfuglar á Tumastöðum í Fljótshlíð.

Sumarið 1994 urpu a.m.k. tvö barrfinkupör og komu upp ungum í skógarreitum við gróðrarstöðina á Tumastöðum í Fljótshlíð eða í Tunguskógi sem er rétt norðaustan við stöðina. Ekki er vitað til þess að barrfinka hafi áður orpið hér á landi. Hér á eftir verður nánar fjallað um barrfirkurnar á Tumastöðum og í Tunguskógi. Ég styðst við eigin athuganir og upplýsingar frá Hrafn Óskarssyni verkstjóra í gróðrarstöðinni á Tumastöðum.

Fyrst varð vart við barrfinkur 21. maí. Þá sá Hrafn Óskarsson 3-4 fugla. Þann 28. maí fór ég austur í Fljótshlíð og varð strax var við barrfinkur í Tunguskógi. Þar flugu tveir jörmiklir karlfuglar syngjandi yfir skóginum. Þeir settust af og til á grenitoppa en voru annars mest á flugi.

Á sama tíma og ég fylgdist með karlfuglunum söngglöðu í Tunguskógi sá Hrafn barrfinkupar á hlaðinu við bæinn Tungu um 500 metra frá skógarjaðrinum. Þaríð leitaði ætis á jörðinni. Aftur kom ég í Fljótshlíðina 19. júní. Þá var karlfugl syngjandi í Tunguskógi og annar í gróðrarstöðinni. Í vegkanti neðan við Tunguskóg sat par og tindi æti upp úr mölinni. Þann 2. júlí kom ég ásamt fimm fuglaáhugamönnum að Tumastöðum. Þá var leitað markvisst að barrfinkum og hugsanlegum hreiðrum þeirra. Einnig var reynt að fanga fugla í net og merkja en án árangurs. Okkur tókst að finna 5 barrfinkur, 4 karlfugla og einn kvenfugl en ekkert

hreiður. Þetta skipti voru karlfuglarnir að mestu hættir að syngja og guli liturinn orðinn dauður.

Hrafn Óskarsson fylgdist vel með fuglunum og ýmist sá þá eða heyrði í þeim flesta daga frá 21. maí. Þann 27. júlí varð hann var við fjölgun í barrfinkustofninum. Þá sá hann 8 barrfinkur í hóp og 1. ágúst sáuust 10 ungar saman.

Þann 6. ágúst gekk ég um allan Tunguskóg og gróðrarstöðina. Alls fann ég 15 fugla. Í stöðinni fann ég stakt par og síðan kvenfugl með tvo nýfleyga unga. Í Tunguskógi fann ég kvenfugl með sjö



1. mynd. Stálpaðir barrfinkuungar *Carduelis spinus* éta fræ af birki að Tumastöðum í Fljótshlíð, 21. ágúst 1994. – *Fledged Siskin Carduelis spinus foraging in a birch tree at Tumastaðir, S-Iceland, 21 August 1994.* – Ljósm. Hrafn Óskarsson.

unga og sá kvenfuglinn mata ungana. Loks voru a.m.k. tveir vel stálpaðir ungar innst í Tunguskógi. Fuglarnir í Tunguskógi leituðu að æti í blómlendi (einkum mjaðurt) ofan við Tunguskóg. Þeir voru styggir og forðuðu sér óðara inn í greniþykknið þegar ég nálgæðist. Fuglarnir í gróðrarstöðinni voru mun gæfari. Þeir héldu sig mest í lúsugum álm og birki-trjám og parið sást krossa í greniköngla.

Í þetta skipti var ljóst að varp hafði átt sér stað og að ungarnir voru ekki allir úr sama hreiðrinu. Bæði voru tveir kvenfuglar hvor með sinn unghóp og síðan var áberandi þroskamunur á þeim og ungunum tveimur efst í Tunguskógi. Þeir voru áberandi eldri og sjálfstæðari. Þetta gæti bent til þess að 2 þör (jafnvel 3) hafi orpið í skóginum eða þá að eldri ungarnir væru úr fyrra varpi. Einnig er hugsanlegt að paraði kvenfuglinn sem var í gróðrarstöðinni hafi átt eldri ungfuglana.

Þegar leið á ágústmánuð mynduðu barrfinkurnar hóp og leituðu einkum að æti í birki (1. mynd) eða tindu fræ úr grenikönglum. Þann 9. september sá ég 15 barrfinkur í hóp á Tumastöðum. Þar á meðal var a.m.k. einn fullorðinn karlfugl en annars ungar og kvenfuglar. Þann 13. september sá Hrafn 16 barrfinkur á flugi yfir Tunguskógi. Í október sáust barrfinkurnar af og til og oft í fylgd með auðnuttlingum *Carduelis flammea*. Þann 26. október sáust 14 barrfinkur á Tumastöðum og þeirra varð einnig vart 28. október. Síðan spurðist ekkert til þeirra fyrr en 9. desember er 8 barrfinkur skutu upp kollinum að Tumastöðum, og þegar þetta er ritað 22. desember eru þær enn í skóginum.

Barrfinka er algengur vaþfugl í barrskógum í norður og mið Evrópu og í norðanverðri Asíu. Hún heldur sig einkum í greniskógum en utan vaþma leitar hún einnig í birki- og elriskóga (Aðalsteinn Ö. Snæþórsson & Jón G. Pétursson 1992). Í Skotlandi hefur barrfinkustofninn stækkað samhliða aukinni skógrækt síðustu áratugi og undanfarin ár hefur hún

orpið af og til í færeyskum trjálundum (Sørensen, S. & D. Block 1991, Aðalsteinn Ö. Snæþórsson & Jón G. Pétursson 1992). Hún hefur tilhneigingu til að flakka um utan vaþtíma, einkum ef skortur er á birki- eða elrifræjum.

Það er áhugavert viðfangsefni að fylgiast með framvindu fuglalífs í nýskógum á Íslandi. Síðustu áratugi hefur verið plantað til nýrra skóga um allt land. Uppistaðan í þessum skógum eru erlendar barrtrjáategundir, þær sömu og mynda skóga í barrskógabeltinu. Ennþá eru íslensku skógarir á unga aldri. Elstu trén á Tumastöðum eru aðeins 50 ára. Oftast líða aldir þar til slík skógarsvæði ná hástigi í framvindu. Þrátt fyrir ungan aldur lokka þessir skógarreitir engu að síður til sín erlenda skógarfugla á borð við barrfinku. Á næstu áratugum og öldum munu íslensku skógararnir væntanlega fóstora fjölmarga nýja landnema sem nú eru algengir flækingar en munu setjast að samhliða tilkomu nýrra búsvæða.

Að lokum má geta þess að barrfinkur voru ekki einu erlendu flækingarnir sem héldu sig á Tumastöðum og í Tunguskógi sumarið 1994. Laufsöngvari *Phylloscopus trochilus* var þar í mánaðar tíma, frá 25. maí og söng mikið. Fjallafirka *Fringilla montifringilla* og bókfinka *Fringilla coelebs* sáust af og til í júní og júlí og sungu í skóginum. Krossnefir voru í skóginum frá byrjun ágúst og fram á vetur og reyndu einnig vaþ (Örn Óskarsson 1995). Í lok október mættu dómpápar *Pyrhula pyrrhula* í skóginum og í nóvember og desember sáust þar fjórir kvenfuglar og einn karlfugl sem nutu fæðu og skjóls sem skógurinn hafði upp á að bjóða.

HEIMILDIR

- Aðalsteinn Örn Snæþórsson & Jón Geir Pétursson 1992. Fuglar og skógrækt. Ársrit Skógræktarfélagss Íslands 1992: 99-108.
- Sørensen, S. & D. Block 1991. Fuglar á Íslandi og öðrum eyjum í Norður Atlantshafi. (Erling Ólafsson þýddi og staðfærði). Skjaldborg, Reykjavík.
- Örn Óskarsson 1995. Fyrsta vaþtilraun krossnefs á Íslandi. Blíki 15: 59-60.

SUMMARY

First breeding record of Siskin *Carduelis spinus* in Iceland

In summer 1994 Siskin *Carduelis spinus* was found for the first time breeding in Iceland. At least two pairs (possibly three) raised three clutches (2, 2 and 7 young) in a 50 year old spruce and birch plantation at Tumastaðir, Fljótshlíð, S-Iceland. The first

Siskins were seen in the plantation 21 May (3-4 individuals). On 27 July the first fledged young were seen and in August it was confirmed that there were three different clutches present. Siskins were seen in the area now and then throughout autumn and were still present by the end of December.

Örn Óskarsson, Fagurgerði 4, 800 Selfoss.

Örn Óskarsson

Fyrsta varptilraun krossnefs á Íslandi

Krossnefir *Loxia curvirostra* flakka annað slagið langt út fyrir heimkynni sín og koma þá stundum til Íslands í stórum hópum. Sennilega hefur aldrei sést jafnmikið af krossnefum á einu ári og árið 1990 en þá sáu mörg hundruð fuglar um allt land (Gunnlaugur Pétursson o.fl. 1992).

Þann 2. ágúst 1994 sá Hrafn Óskarsson verkstjóri á Tumastöðum í Fljótshlíð 3 krossnefi í gróðrarstöðinni á Tumastöðum. Ég sá 6 krossnefi 6. ágúst í Tunguskógi við Tumastaði og þann 12. ágúst sá Hrafn 8 krossnefi, 7 kvenfugla og einn karlfugl á sama stað. Næstu mánuði varð af og til vart við krossnefi á þessum slóðum. Þeir voru oftast 4-6 saman. Þeir virtust una hag sínum vel enda óvenjumikið af könglum á sitkagreni *Picea sitchensis* haustið 1994.

Þann 11. desember sá Hrafn 5 kvenfugla í grenilundi ofan við gróðrarstöðina og skömmu síðar tók hann eftir pari innarlega í Tunguskógi. Hann sá fuglana setjast í grenitré í skóginum og taldi sig sjá þar hreiður. Daginn eftir klifraði hann upp í tréð og fann þar hreiður og þrjá nýklakta unga. Þeir voru með örlítinn dún en annars kviknaktir en virtust í fullu fjöri. Enginn fugl var þá við hreiðrið en karlfuglinn kom fljótlega og virtist óró-

legur. Þennan dag fór frost niður í -10°C og daginn eftir var frost um -7°C en hægur vindur báða dagana. Næsta dag sáu foreldrarir mata ungana en yfirleitt lágu þeir ekki á. Eðlilegt ástand virtist vera í hreiðrinu 14. til 16. desember.

Dagana 17. og 18. desember var slæmt veður fyrir litla unga, hvöss norðaustan- og síðan norðanátt með eljum, skafrenningi og vægu frosti. Þann 18. desember sást ekkert til foreldranna en hinir krossnefirir hímdu í skjóli í Tunguskógi. Þann 19. desember leit Hrafn upp í hreiðrið og reyndust þá allir þrír ungarnir dauðir.

Ég kom í Tunguskóg 20. desember og skoðaði hreiðrið og kannaði aðstæður. Þá var aðeins einn ungi í hreiðrinu (1. mynd). Hinir ungarnir fundust ekki, þrátt fyrir talsverða leit. Unganum var safnað og hann afhentur Náttúrufræðistofnun Íslands til varðveislu en hreiðrið var skilið eftir á sínum stað. Krossnefirir sáu ekki nærri hreiðurstaðnum í þetta skipti.

Hreiðrið var í 8,1 m háu sitkagrenitré í 4,5 m hæð, þétt upp við trjástofninn. Hreiðurkarfan var snyrtilega ofin, úr 10-15 cm löngum kalgreinum afi greni og klædd að innan með grófri sinu. Engar fjaðrir, mosi eða önnur einangrunarefni voru í hreiðrinu. Hreiðurkarfan var 12 cm



1. mynd. Dauður krossnefsungi í hreiðrinu að Tumastöðum, 20. desember 1994. – *A dead Crossbill young in the nest at Tumastaðir, 20 December 1994.* – Ljósm. Örn Óskarsson.

að utanmáli og 8 cm há. Innanmál hennar var 7,5 cm og dýptin 4 cm.

Hreiðurtréð stendur í brekku sem hallar á móti norðvestri. Ofan við tréð er þéttur greniskógur með 8-10 m háum trjám, en neðan við það eru nokkur 2 m há grenitré. Um 8 m frá hreiðurtrénu er vegur og þar fyrir neðan gísinn greniskógur. Hreiðrið er í góðu skjóli fyrir öllum áttum nema norðan- og norðvestan-áttum.

Á þeim tíma sem útungun átti sér stað voru skógarhöggsmenn að störfum í skóginum. Í næsta nágranni hreiðursins voru nokkur stór jólatré felld og talsverð umferð dráttarvéla og manna var um vegarslóðann í skóginum. Hávaðinn og umgangurinn virtist ekki raska ró foreldranna eða fæla þá af eggjunum.

Þessi fyrsta varptilraun krossnefs hirlendis sýnir að hentug skilyrði eru að skapast í slenskum skóglendum fyrir skógarfugla. Krossnefir eiga eftir að koma til Íslands í stórum hópum næstu ár og áratugi. Það er næsta víst að fleiri varptilraunir verði gerðar ef þessar innrásir

verða samhliða góðum fræðroska á barrtrjám, eins og var árið 1994.

HEIMILD

Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson og Erling Ólafsson 1992. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1990. Bliki 12: 15-54.

SUMMARY

First breeding attempt of Crossbill *Loxia curvirostra* in Iceland

Crossbill *Loxia curvirostra* is a common vagrant in Iceland. Several Crossbills (7 females and male) were present in a tree-plantation at Tumastaðir, S-Iceland, from early August 1994 onwards. The 12 December 1994 a Crossbill nest with three newly hatched young was found in a 8.1 m tall Sitka spruce. That day the ambient temperature was -10°C. The preceding days the parents were seen carrying food to the nest. After a cold spell with snowstorm 17-18 December the adult Crossbills were not seen near the nest. On 19 December all three young were found dead in the nest. This first breeding attempt of Crossbills in Iceland coincided with unusually high density of cones on the spruces.

Örn Óskarsson, *Fagurgerði 4, 800 Selfoss.*

Fuglamerkingar á Íslandi 1993

Í árslok 1993 höfðu alls um 366.000 fuglar verið merktir á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands (áður Náttúrugripasafnið), en merkingar hófust á vegum þess árið 1932. Til viðbótar voru rúmlega 10.000 fuglar merktir á vegum Danans Skovgaard sem hóf fuglamerkingar á Íslandi árið 1923 (Ævar Petersen, í undirbúningi). Ekki hafa verið gefnar út skýrslur um merkingar síðan 1952, en árið eftir varð einmitt stórfelld aukning á þeim (1. mynd) þegar erlendir aðilar merktu þúsundir heiðagæsa í Þjórsárverum. Fram að þeim tíma voru merkingar í það smáum stíl að viðráðanlegt var (1000-2000 fuglar á ári), en hafa síðan vaxið ár frá ári. Nú á tímum tölvutækni er aftur unnt að fá yfirsýn yfir stöðuna. Unnið hefur verið að tölvuskráningu merkingagagna undanfarin ár. Hér að neðan birtist stutt yfirlit yfir fuglamerkingar árið 1993, en stefnt er að úgáfu ítarlegra merkingaskýrslna á öðrum vettvangi. Reynt verður að gefa lesendum Blika árlegt yfirlit í svipuðum dúr framvegis.

Merkingar árið 1993


Af 106 handhöfum merkja skiluðu 41 skýrslu fyrir árið 1993. Alls voru merktir 13.718 fuglar af 55 tegundum og er það talsvert yfir meðaltali undanfarinna tíu ára, 1983-

1992, sem er 12.539 fuglar. Merkingarrar skiptust þannig á milli aldurshópa að 5.785 fullvaxnir fuglar voru merktir (42%) og 7.930 ungar (58%). Hlutfall unga í merkingunum hefur verið að meðaltali um 55% frá upphafi.

Mest var merkt af snjótitlingum (2356 fuglar) eins og rörg undanfarin ár, lunda (1924), langvíu (1458), skógarþröstum (1311) og æðarfuglum (806). Átak var gert í sjófuglamerkingum og merktar fleiri langvíur á árinu en samanlagt hafði verið gert frá upphafi merkinga á Íslandi (980 fram til 1993, en 1458 árið 1993). Á Íslandi eru ekki reknar merkingastöðvar eins og víða er gert erlendis, en starfsmenn Náttúrufræðistofnunar og Líf-fræðistofnunar háskólans merkja talsvert af fuglum í tengslum við rannsóknavinnu (á vegum N.Í. voru 3287 fuglar merktir árið 1993 og 341 á vegum H.Í.). Allar aðrar merkingar eru unnar af áhugamönnum. Virkastir merkingamanna á árinu voru Óskar J. Sigurðsson (1835 fuglar), Sverrir Thorstensen (1788) og Hálf-dán Björnsson (745).

Endurheimtur árið 1993

Alls bárust Náttúrufræðistofnun yfir 700 tilkynningar á árinu um endurfundi fugla sem merktir höfðu verið á Íslandi. Þar af voru 72



1. mynd. Árlegur heildarfjöldi merktra fugla á Íslandi (súlurit) og þriggja ára hlaupandi meðaltal (línurit). – Total number of birds ringed each year in Iceland (columns) and 3 year running mean (line).

fuglar sem endurheimtust erlendis en nokkrir þeirra sáust oftast en einu sinni. Að auki var tilkynnt um 88 endurfundi fugla sem merktir höfðu verið erlendis. Mikið af endurheimtunum eru álestrar á litmerki úti í náttúrunni.

Mesti ferðalangur ársins var skrafa *Puffinus puffinus* sem merkt var í Ystakletti á Heimaey þann 14. júní 1991 sem kvenfugl í varpi (nr. 481023). Merkið fannst í janúar 1993 í Porto do Barquinho, Rio Grande, Brasilíu (31°00'S 51°00'V), 10.845 km frá merkingarstað!

Elsti fuglinn sem endurheimtist á árinu var lundi (nr. 450442) merktur sem fullorðinn varpfugl í Flatey á Breiðafirði 25. júlí 1975. Hann var skotinn Napassok á V-Grænlandi (65°03'N 52°25'V) 12. desember 1993, átján og hálfu ári eftir að hann var merktur.

SUMMARY

The Icelandic bird ringing scheme 1993.

This note gives a short account on the Icelandic ringing scheme in 1993. Forty-one ringers reported a total of 13,718 birds ringed in 1993 (5,785 fullgrown and 7,930 pulli) of 55 species. Snow Bunting *Plectrophenax nivalis*, Puffin *Fratercula arctica* and Common Guillemot *Uria aalge* top the list with 2356, 1458, and 1924 birds ringed, respectively. This brings the grand total of birds ringed in Iceland to approximately 366,000 since the Icelandic Ringing Scheme was initiated in 1932 (Fig. 1). About 700 recoveries of birds ringed in Iceland were reported to the Icelandic Institute of Natural History in 1993. Of these, 72 birds were recovered abroad. Furthermore, 88 birds ringed abroad were recovered or sighted in Iceland.

Guðmundur A. Guðmundsson, Náttúrufræðistofnun Íslands, pósthólf 5320, 125 Reykjavík

Hálsmerktar álfir

Nú í sumar voru merktar rúmlega 500 álfir á Íslandi. Merkingar þessar eru liður í álfarannsóknnum sem framkvæmdar eru af Íslenskum, enskum og dönskum aðilum. Um 200 þessara álfra náðust á Tunguheiði og Jökuldalsheiði á Austurlandi og voru þær merktar með hálsmerkjum.

Undanfarin ár hafa farið fram rannsóknir á álfum sem hafa vetursetu í Danmörku. Rannsóknir þessar hafa sýnt að íslenskar álfir hafa reglulega vetursetu í norður og vesturhluta Jótlands. Í Danmörku eru álfirnir mest á beit í gróðri sem hylur sætur þeirra eða þær eru á sundi á vatni. Þessar aðstæður gera það að verkum að erfitt að lesa á fótmerktar álfir, en fótmerki hafa verið notuð við íslenskt-breskt rannsóknarverkefni. Álestur á hálsmerktar álfir við sömu aðstæður er hins vegar leikur einn. Eitt af aðal markmiðum hálsmerkinganna er að athuga hversu margar álfir ættaðar frá Austurlandi hafa vetursetu í Danmörku, Noregi, Þýskalandi og Hollandi. Ennfremur er ætlunin að kanna hvort ferðir álfra á þessar slóðir eru algengari en áætlað var í rannsóknnum Arnþórs Garðarssonar á miðjum níunda áratugnum.

Íslenskir fuglafræðingar og fuglaskoðarar eru beðnir um að skyggjast eftir merktum

álfum. Hálsmerkin eru gul með fjórum svörtum stöfum, fremsti stafurinn er tölustafur, því næst kemur bókstafur og svo tveir tölustafir. Hægt er að lesa á hálsmerkin með fjar sjá á allt að 800-900 m færi. Upplýsingar sem skrá þarf um merktar fugla sem lesið er á eru: Áritun merkis, staður, dagsetning og tími. Aðrar upplýsingar svo sem búsvæði sem fuglinn er í, fjöldi unga með fugli, hvort fuglinn sé paraður, fjöldi fugla í hópnum o.s.frv. eru einnig vel þegnar. Athugendum verða sendar upplýsingar um fuglinn og hvar hann hafi sést áður. Menn eru einnig beðnir að hafa augun hjá sér með álfum sem einungis bera plastfótmerki en af þeim er töluvert, þar sem merktar hafa verið yfir 2000 álfir hérlandis á þann máta.

Álestrar og aðrar upplýsingar varðandi litmerktar álfir skulu sendar til:

Ólafur Einarssonar
Náttúrufræðistofnun Íslands
Pósthólf 5320
125 Reykjavík

Með von um að íslenskir fuglaáhugamenn bregðist vel við og skyggjast eftir merktum álfum og sendi skjótt inn upplýsingar.

Bjarke Laubek og Ólafur Einarsson.

Rjúpnamerkingar

Inngangur

Á Náttúrufræðistofnun Íslands var hafist handa við rjúpnarannsóknir að nýju vorið 1994 eftir alllangt hlé. Þessar rannsóknir eru unnar samkvæmt beiðni Umhverfisstofnunarinnar, sem vildi svör við spurningum er tengjast áhrifum veiða á rjúpnastofninn og hver stofnstærð rjúpnunnar í landinu sé. Áður höfðu starfsmenn Náttúrufræðistofnunar unnið að rjúpnarannsóknum á árunum 1963 til 1976 undir forystu Finns Guðmundssonar og Arnþórs Garðarssonar.

Þýðingarmikill liður í þeim rannsóknum sem nú standa yfir eru merkingar á rjúpum. Merkingar veita meðal annars upplýsingar um afföll vegna veiða og ferðalög. Mikilvægt er að merkja sem mest af rjúpum og sem víðast. Tilgangurinn með þessu greinarkorni er að hvetja fuglamerkingamenn til að veita rjúpunni meiri athygli en þeir hafa gert til þessa. Jafnframt mun ég segja littillega frá rjúpnamerkingum, það er hve mikið hefur verið merkt af rjúpu, hvenær og hvar, og ekki síst að greina frá þeim aðferðum sem menn hafa beitt við að ná fuglunum.

Saga rjúpnamerkinga

Daninn Peter Skovgaard hóf fuglamerkingar hér á landi árið 1923 og á vegum hans voru merktar um 160 rjúpur á árunum 1927 til 1940. Fuglamerkingar Náttúrugripasafnsins (síðar Náttúrufræðistofnunar Íslands) hófust


1932 og til og með 1993 höfðu 3800 rjúpur verið merktar á þess vegum. Samarið og haustið 1994 voru merktar um 270 rjúpur og því hafa frá upphafi fuglamerkinga hér á landi verið merktar um 4200 rjúpur.


Það er athyglisvert hvernig 10 ára stofnsveifla rjúpnunnar kemur fram í tölum yfir merкта fugla (1. mynd). Ef við skoðum hvernig þessir fuglar skiptast í aldurs- og kynjahópa þá hafa merkingarnar helst beinst að ungum (75%), svo fullorðnum kvenfuglum en minnst að fullorðnum körrum (2. mynd). Rjúpnamerkingar hafa einkum verið stundaðar á þremur svæðum, það er Suður-Þingeyjarsýslu, Kvískerjum í Örafum og í Hrísey á Eyjafirði (2. mynd). Annars staðar hefur minna verið merkt, en til fróðleiks má geta þess að á öllu svæðinu frá Eyjafjöllum í austri, vestur um að Austur-Barðastrandasýslu hafa aðeins verið merktar 19 rjúpur. Í heilu landshlutunum hefur rjúpnamerkingum ekkert verið sinnt.

Hvernig ná menn rjúpum til merkingar?

Helsta vandamálið við rjúpnamerkingar er að ná einhverjum fjölda fugla. Rjúpuunga er ekki hægt að merkja með fóthring fyrir en þeir eru um mánaðargamlir (hringstærð nr. 4). Fyrir þann tíma eru þeir merktir með vængmerkjum en óhætt er að nota slík merki strax þegar ungarnir eru þriggja til fjögurra daga gamlir. Ungarnir byrja að flögga um 10 daga gamlir og um það leyti sem hægt er að nota fótmerki á

1. mynd. Fjöldi rjúpna sem merktar voru á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands 1932 til 1993. – *Number of Rock Ptarmigan banded in Iceland 1932 to 1993 according to banding reports at the Icelandic Institute of Natural History.*





2. mynd. Skipting merktra rjúpna í aldurs- og kynjahópa er sýnd til vinstri. Fullorðnum fuglum var skipt í karra og kvenfugla, ungar voru ekki kyngreindir. Aðrir óskilgreindir fuglar (3%) voru einkum ókyngreindir og óaldursgreindir fullvaxnir fuglar. Til hægri er sýnd skipting merktra rjúpna eftir landsvæðum. – The pie graph to the left shows division of banded birds according to age and sex, ungar are young of the year, kvenfuglar are adult females, karrar are adult males and annad are mostly fullgrown birds but not sexed or aged. The graph to the right shows division according to counties.

þá geta þeir flogið nokkur hundruð metra í einu (3. mynd).

Ófleyga eða illa fleyga unga er hægt að elta uppi og grpa. Mesti vandinn er að finna jölskylduna og hjálpar þá mikið að hafa sér til aðstoðar þjálfaðan veiðihund. Þegar búið er að staðsetja kvenfuglinn getur oft reynst erfitt að koma auga á ungana sjálfa en þeir leggjast niður og eru hreyfingarlausir meðan kvenfuglinn barmar sér. Þær rjúpur sem merkingamenn hafa ekki getað gripið með berum höndum hafa þeir snarað, tekið í net eða rekið í rétt. Ég mun jalla nánar um þessar aðferðir hér á eftir.

1. Snarað. Nokkrar aðferðir eru til að ná fuglum í snöru. Ein er að nota um 20 m langan streng með fáeinum snörum úr girni sem festar eru við hann miðjan. Tveir menn halda í sinn hvorn endann. Mennirnir hafa rjúpuna mitt á milli sín og reyna að smokka snöru um hálsinn á fuglinum og herða að. Önnur aðferð er að hafa snöruna á 6-8 m langri stöng. Þessar aðferðir duga á tiltölulega spakar rjúpur, t.d. suma ropkera, stálpaða unga síðsumars, rjúpur í miklum frosthörkum á veturna og við ýmsar aðrar aðstæður. Menn verða þó að gæta þess að hengja ekki fuglinn, ef snaran herðist að hálsinum missir hann meðvitund á um 30 sekúndum. Önnur aðferð sem gefist hefur mjög vel hér á landi eru fót-snörur en með

þeim má ná ropkerum. Karrarnir eru tældir í snöruna með uppsettum karra. Fót-snörurnar eru úr girni og er þvermál á opinni snöru haft um 5 cm. Ég hef fest snörurnar á 2 m langan föðraðan stálvír (þvermál vírsins er um 5 mm) sem ég hef læst saman á endunum. Þannig fæst hringur sem er um 0,6 m í þvermál og við hann hnýti ég snöru með um 5 cm millibili, alls um 40 snörur. Snörurnar standa upp í loft og mynda vegg sem karrinn þarfi að ganga í gegnum þegar hann fer til að lumbrá á þeim uppsetta, en sá er hafður í miðjum snörukransinum. Akkeri er haft í kransinum þannig að karrinn komist ekki í burtu með hann. Það verður að sitja yfir þessu veiðitæki og má alls ekki að skilja það eftir eftirlitslaust. Hægt er að beita þessari aðferð frá því að karrar koma á óðul í lok apríl og fram í miðjan júní en best gefst hún í síðari hluta máí þegar ropkerinn er grimmastur. Með uppsettum karra og fót-snörum náðum við félagar um 50 körrum vorið 1994.

2. Veitt í net. Þau veiðitæki sem dugað hafa best eru net sem lögð eru eða kastað er yfir rjúpur. Menn hafa notað létt og meðfæri-leg net sem eru það möskvastór að rjúpan ánetjast. Netstubbarnir sem ég hef notað hafa verið ferningar 3x3 m og 3x5 m að stærð. Með slíku neti er hægur leikur að ná nær öllum þeim kvenfuglum á hreiðrum sem



3. mynd. Vængmerktur rjúpuungi gripinn á Tjörnesi 10. ágúst 1994. – *Wing-tagged Rock Ptarmigan chick, Tjörnes 10 Aug. st 1994.* – Ljós. Aðalsteinn Ö. Snæþórsson.

maður veit um. Netið er einfaldlega breitt yfir kvenföglinn, öllum útgönguleiðum undan netinu lokað og fuglinn síðan rekinn af eggjunum. Til að komast í færi við rjúpur sem ekki liggja á hreiðrum eru hafðir strengir á öllum hornum netsins og tveir eða fjórir menn halda í strengina. Ég hef haft 20-30 m strengi þannig að 40-60 m haf er á milli veiðimannanna. Mennirnir nálgast rjúpunar og reyna að hafa þær á milli sín, eða standa kyrrir og láta reka fuglana til sín. Netið er látið falla þegar rjúpa er undir. Með þessari aðferð höfum við náð mest um 100 fuglum á einum degi. Svona neti er í sjálfu sér hægt að beita á öllum árstímum og á staka fugla jafnt sem hópa, en besta veiðin er síðsumars eða á haustin þegar ungar eru enn tiltölulega spakir og fara um í litlum hópum. Önnur aðferð við að koma neti yfir fugla er að nota kastnet, t.d. strengja net á hring og kasta yfir rjúpur sem hægt er að ganga að, svo sem kvenfugla með litla unga eða fleyga unga sem kúra í gróðri.

3. Rekið í rétt. Þriðja og síðasta aðferðin við að fanga rjúpur sem lýst verður hér er að reka fugla í aðhald og gripa þá þar. Þetta hafa menn gert í ágúst til september. Á þessum árstíma má stundum reka ungahópa á undan sér langar leiðir, rétt eins og búsmala. Áður

en fuglum er smalað þarf allt að vera klárt til að taka við þeim, þ.e. réttin og leiðarar. Stundum hafa menn rekið rjúpur útiðs og gripð þær þar. Annað afbrigði af þessari aðferð er að strengja upp net, t.d. silunganet, og reka rjúpunar að því. Þegar þær koma að netinu er hlaupið að þeim með hávaða og látum. Fuglarnir fljúga þá undan og ánetjast.

Lokaorð

Ég hvet alla merkingamenn til að reyna sig á rjúpum en þessir ágætuglur hafa allt það að bjóða sem merkingamenn sækjast eftir: (1) það er bæði spennandi og skemmtilegt að fanga rjúpur, (2) mikið er skotið af þeim og því fást margar endurheimtur, (3) tiltölulega lítið hefur verið merkt af rjúpu hér á landi og heilu landslutarnir orðið algjörlega útundan og því kjörið tækifæri fyrir áhugasama menn að láta til sín taka, (4) merkingamenn tengjast rannsóknnum sem eru í gangi þannig að niðurstöður þeirra og túlkun liggja fyrir jafnóðum.

Sérfræðingar Náttúrufræðistofnunar eru fúsir til að aðstoða alla þá merkingamenn sem áhuga hafa á að spreyta sig á rjúpnamerkingum. Mönnum er bent á að hafa samband við höfund þessarar greinar um nánari upplýsingar.

SUMMARY

Rock Ptarmigan banding in Iceland

The purpose of the paper is to urge Icelandic bird banders to pay more attention to the Rock Ptarmigan. A total of 4200 ptarmigan have been banded in Iceland since 1923, 160 birds in the banding program of Mr. Peter Skovgaard (1923-40) and the rest in the banding program of the Icelandic Institute of Natural History (1932 to the present). The 10-year population cycle of the Icelandic ptarmigan population appears when we plot the banding year against the number of birds banded (Fig. 1). The banding has mainly been concentrated on young of the year (75%) and to a lesser extent on adult females (18%) (Fig. 2 left). Ptarmigan

banders have mainly operated in three counties, namely Eyja jarðarsýsla and S-Pingeyjarsýsla in N- and NE-Iceland and A-Skaftafellssýsla in SE-Iceland (Fig. 2 right). The main reason that so few ptarmigan have been banded in Iceland is the difficulty in capturing birds. Three main methods have been used to capture them, (1) snaring using noose-poles or a noose-strings, (2) drop netting, and (3) driving birds into corals.

Ólafur K. Nielsen, Náttúrufræðistofnun Íslands, pósthólf 5320, 125 Reykjavík.

Fuglalíf í nágreanni Blönduóss 1993

Í þessari grein er fjallað um fuglalíf Blönduóss og nágreannis árið 1993, hliðstætt og gert hefur verið fyrri ár. Svæðið sem athuganirnar ná til er það sama og lýst hefur verið áður (sjá Blika nr. 11 bls. 65-66) eða innan 10 km frá ósum Blöndu.

Stærstu varpstöðvarnar eru í Hrútey, en þar eru um 50 grágæsahreiður. Þann 13. júní voru 33 fullorðnar grágæsir með 65 unga neðst í Blöndu. Ungarnir voru áberandi misgamliir. Í Bakkakotslandi er stórt kríuvarp. Fyrstu kríurnar sáust við ósinn 6. maí, en 2. júní byrjuðu þær að verpa. Fyrsta hreiðrið fannst 5. júní (með einu eggi). Bústinn unga fann ég 16. júlí. Kríuvarpið tókst betur en árið áður. Allstórt varp hettumáfa var í hólma í tjörn hjá Svangrund. Ég taldi þar 22 hreiður en að auki voru 10 hreiður inni í kríuvarpinu í Bakkakoti, sá þar nýfleyga unga 25. júlí. Einnig voru margir fleygir ungar við ósinn í ágúst.

Æður eru alltaf margar á svæðinu, þó fátt sé um hreiður. Þann 22. apríl voru 340 á sundi við bryggjuna hér og 24. júní voru 455 blikar á sundi í Selvík þ.á m. nokkrir "veturliðar". Fyrstu ungarnir sáust á sjónum 17. júní, nokkurra daga gamliir. Nokkuð sást af öðrum andategundum á svæðinu, paraðar eða með unga. Ein stokkandarkolla var með 12 unga á Hólmavatni 25. maí. Af skúföndum sást eitt par á Buðlungatjörn 19. júní og 8 fuglar hjá Móbergi sama dag, flest steggir. Grafandarpar hélt sig á tjörn hjá Svangrund 26. maí og gargandarpar fyrir neðan Auðólfstaði í Langadal 19. júní. Toppandarhjón voru á tjörn hjá Svan-

grund 7. júní. Toppandarkolla með 7 unga sást á Buðlungatjörn 7. ágúst og önnur með 8 stálpaða unga á Réttarvatni 17. ágúst.

Af spörfuglum eru skógarprestir algengastir. Þeir koma hér seint í mars og fara aftur um miðjan nóvember. Eitt hreiður með eggjum fannst 12. maí. Þróstur með mat í nefi sást hjá Kleifum 3. júní. Stór hópur (60-70 fuglar) kom við í bænum 25. október. Þúfuttittlingar verpa margir v.ðsvegar um svæðið. Þeir fyrstu sáust 7. maí. Seint í ágúst kom stór hópur (50-60 fuglar) í ætisleit hér inn í staðinn. Steindepil og sólskríkju sá ég ekki á svæðinu á varptíma, en þær tegundir hafa áður orpið hér.

Af vaðfuglum er mest af stelkum, hrossagaukum og heiðlóum. Sá fyrsta stelksungunn 12. júlí, hálfvaxinn. Stelkurinn verpur víða meðfram vegum á svæðinu, kannski meira s.ðan minkurinn kom til sögunnar. Hrossagaukur verpur hér víða. Ég hef fundið hreiður hans víða á túnnum í bænum, einnig í Vatnahverfi og úti í Hrútey. Í júlí fannst hvítur hrossagauskungi í hreiðri hér í nágrenninu. Tólf heiðlóur sáust hér 16. maí. Eitt hreiður fannst 16. júlí á Bakkakotsmóum með þremur lóueggjum og einu kríueggi. Kría lá á eggjunum. Lóueggjin voru tekin og blásið úr þeim, reyndust þau næstum ný. Fann tjaldshreiður í Selvík 3. júní með þremur ungum nýskriðnum úr eggi. Sá tvo tjalda með 1 eða 2 unga á sama stað 16. júlí. Sandlóur sá ég para sig hjá Vatnahverfi 25. maí, og 25. júní var þar ungi nýkominn úr eggi. Sá tvo leyga unga hér í bænum 29. júlí, en sandlóan verpur hér inn á

milli húsa á hverju sumri. Þann 26. maí sá ég ástarleik hjá einum óðinshana og tveimur hænum á tjörn hjá Svangrund. Eitt par jaðrakana var á óðali við Hólmavatn og par lóupræla á óðali í Selvík 24. júní. Fann ekki spóahreiddur á svæðinu, en sá þá á óðulum sínum eins og oft áður.

Á svæðinu eru venjulega eitt himbrimahreiður og eitt til tvö lómshreiður. Himbrimahjónin létu ekki sjá sig þetta árið, en ómapar var með hreiður við tjörn hjá Svangrund þann 7. júní. Fýlar urpu í sjávarhömrunum norðan við höfnina á Blönduósi. Í Selvík voru tvö fýlshreiður. Kjóa sá ég á hefðbundnum varpstað sunnan við Svangrund 26. maí og þar voru einnig rjúpuhjón sama dag. Rjúpa með sex fleyga unga sást efst í Melabraut þann 31. ágúst. Fjórar rjúpur voru í gilinu við Hróutey 23. október og kom þá fálki og elti eina, en missti hennar. Hrafnar eru hér allt árið oft 2 eða 3 saman. Tveir voru við laup í Blöndugili gegnt Hróutey 22. apríl. Veit ekki hvort þeir komu upp ungum, en 8. ágúst var lapurinn þar yfirgefinn. Á heildina litið fannst mér varp fugla á svæðinu takast frekar illa samanborið við undanfarin ár.

Hér koma að lokum upplýsingar um nokkrar tegundir, sem aldrei verpa á svæðinu, en sjást á hverju ári. Álfir koma á haustin með unga sína fleyga. Tvær fullorðnar álfir voru með einn unga á Buðlungatjörn 24. ágúst og

10. október voru 4 með einn unga á Réttarvatni. Við ós Blöndu er oft fjöldi máfa en engir þeirra verpa á svæðinu, nema hettumáfar (sjá framar). Hvítmáfur er þar algengastur og þann 6. nóvember voru 50 hvítmáfar norðan við ósinn. Oft er líka stór hópur af hávellu við ósinn. Þann 22. apríl voru 40 innan um æður að synda og kafa. Straumönd kemur oft á klettana neðan við Blöndubré. Þar voru 25. maí 6 steggir og 5 kollur sem er óvanalega fátt. Tildra kemur hér í ósinn í maí á hverju vori. Þann 9. maí voru 40 norðan við ósinn og 25. maí voru 27 í hóp við Hólmavatn, en þar hef ég aldrei séð þær áður. Dílaskarfur sést hér annað slagið árið um kring og 29. ágúst var hér einn fullorðinn ásamt einum fleygum unga. Auðnutittlingar sáust ekki á svæðinu á varptíma, en 14 voru í hóp við brúna 12. mars og smærri hópar í bænum bæði vor og haust.

SUMMARY

Birdlife in the vicinity of Blönduós, N-Iceland, 1993

A general account of birdlife, especially of breeding birds, in the town Blönduós, N-Iceland, and its vicinity is given. The breeding success was on the whole poor, although some species like Arctic Tern *Sterna paradisaea* and Black-headed Gull *Larus ridibundus* were fairly successful.

Kristinn Pálsson, Hínabraut 10, 540 Blönduós.

Flestar tegundir

Flestar tegundir á einu ári ...

Hvað skyldu sjást margar tegundir að jafnaði hér á landi á hverju ári og hvert er metið? Til að svara þessu þarf að glugga í skýrslur um flækingsfugla sem byrjuðu að koma úr 1979. Árið 1988 sáust 104 tegundir flækingsfugla auk 76 tegunda varpfugla, umferðarfarfugla og vetrargesta sem ekki er getið í skýrslunum. Samtals eru þetta 180 tegundir (þó er kambönd ekki með, sem talin er þáfa sloppið úr haldi erlendis). Þetta er mesti jöldi sem sést hefur á einu ári síðan 1979 og vafasamt að nokkurt fyrri ára slái þetta met. Næst kemur 1992 með 175 tegundir (aук svartsvans og taumgæsar) og 1980 með 175 tegundir. Meðaltal áráanna 1979-1992 eru 166 tegundir á ári.

... og á einum degi

Þann 9. maí 1982 sáust 56 tegundir fugla í árlegri fuglaskoðunarferð Ferðafélags Íslands um Reykjanesskaga (þess má geta til gamans að breska metið er aðeins tveimur dögum síðar, 11. maí 1982, samtals 158 tegundir). Einnig sáust 56 tegundir í samskonar ferð 11. maí 1986 (sjá *Blika* 12: 66-68). Undirrituðum er ekki kunnugt um að fleiri tegundir hafi sést hér á landi á einum degi, en það má þó vel vera. Ef einhver getur skákað þessum tölum, er sá hinn sami beðinn að hafa samband við undirritaðan eða ritstjóra *Blika*.

Gunnlaugur Pétursson

Ný friðlönd, mikilvæg fyrir fugla

Í árslok 1993 nutu 69 svæði á Íslandi friðunar samkvæmt náttúruverndarlögunum frá 1971 (2 þjóðgarðar, 29 friðlönd, 29 náttúruvætti og 9 fólkvangar). Að auki eru í gildi sérstök lög um friðun þriggja annarra svæða, Þingvalla, Mývatns- og Laxásvæðisins og Geysis. Alls eru því 72 friðlýst svæði á Íslandi og af þeim eru einkum 19 sem teljast mikilvæg fyrir fugla. Þau eru (númerin vísa á staðsetningu á 1. mynd): 1) Eldey, 2) Ástjörn, 3) Gróttu, 4) Melrakkaey, 5) Hrisey Reykhólahreppi, 6) Flatey Breiðafirði, 7) Vatnsfjörður, 8) Hornstrandir, 9) Miklavatn, 10) friðland í Svarfaðardal, 11) Vestmannsvatn, 12) Mývatn og Laxá, 13) Herðubreiðarlindir, 14) Hvannalindir, 15) Ósland, 16) Salthöfði, 17) Ingólfs- höfði, 18) Dyrhólaey, og 19) Þjórsárver. Ofangreind svæði eru öll nefnd í nýjustu útgáfu náttúruverndarráðs (Náttúruverndarráð 1991) og vísast til hennar um nánari umfjöllun um þau.

Árið 1994 var gert átak í friðunarmálum og gengið frá friðun þriggja nýrra svæða sem öll teljast mikilvæg fyrir fugla. Þau eru Pollengi ásamt Tunguey, Grunnafjörður og Oddaflóð (1. mynd). Hér á eftir fer stutt kynning á þessum þremur nýju friðlýsingum. Náttúruverndarráð og umhverfisráðuneytið eru að vinna að friðun fleiri mikilvægra fuglasvæða sem vonandi verður hægt að kynna fyrir lesendum Blika innan skamms.

Pollengi og Tunguey


Friðlýsing Pollengis og Tungueyjar var birt í Stjórnartíðindum (B 60, nr. 457, bls. 1437-1438) í júlí 1994. Suðvesturhluti Pollengis og öll Tunguey í Biskupstungum, Árræssýslu er nú friðland. Flatarmál friðlandsins er 6,8 km². Um friðlandið gilda hefðbundnar reglur um nýttar og mannvirkjagerð. Varðandi jarðrask er tekið fram að ekki megi breyta landslagi svæðisins, tjarnarbökkum, vatnsfarvegum og vatnsborði, en viðhalda má skurðum sem fyrir eru. Gangandi mönnum er heimil umferð um svæðið en fuglaveiðar eru bannaðar.

Þv miður nær friðlandið ekki yfir allt hið eiginlega Pollengi, því samningar tókust ekki við eigendur jarðarinnar Galtalækjar. Galtalækur á um helming engjanna auk Galtalækjartjarnar. Galtalækjartjörn er hætt komin vegna framræslu.

Pollengi er af fágætri gerð votlendis sem kallast flæðiengi. Þau eru lítið röskuð og þar er mikið fuglalíf. Pollengi verpur mikill fjöldi mófugla og andfugla. Eins hefur flórgoði verið þar árviss. Þarna er fellistaður anda, aðallega rauðhöfða, og um fartíma hafa gæsir, endur og jaðrakanar viðdvöl á svæðinu. Mikilvægur náttstaður blesgæsa er í Tunguey.

Grunnafjörður

Friðlýsing Grunnafjarðar var birt í Stjórnartíðindum (B 77, nr. 548, bls. 1835-1836) í



1. mynd. Staðsetning nýju friðlandanna (punktar) og eldri friðlanda sem mikilvæg eru fyrir fugla (tölur). Tölurnar vísa til örnefna í meginexta.

október 1994. Grunnafjörður (öðru nafni Leir-
árvogur) er í Skilamannahreppi og Leirár- og
Melahreppum, Borgarfjarðasýslu. Til frið-
landsins teljast allar fjörur og allt grunnsævi
innan Hvítaness og Súlueyrar. Landmegin
markast friðlandið af stórstraumsflóðmörkum
og til þess teljast auk þess allar eyjar og sker á
firðinum. Flatarmál friðlandsins er 14,7 km².
Bönnuð er umferð vélknúinna ökutækja um
friðlandið nema tengdri eðlilegri nýtingu.
Gangandi og rándandi fólki er heimil för um
svæðið, en heimsóknir í eyjar og sker eru
óheimilar á tímabilinu 15. apríl til 15. júlí.
Friðlandið má áfram nýta á sama hátt og tíð-
kast hefur, þ.e. til beitar, dúntekju og veiða.
Allt jarðrask er óheimilt, en landeigendum er
heimilt að verja lönd sín ágangi sjávar og
einnig að nýta sand og mól úr firðinum sem
fyrir. Tekið er fram að röskun sjávarfalla í
firðinum sé óheimil. Skerðing sjávar- og
strandgróðurs er bönnuð.

Grunna fjörður er mikilvægur viðkomustað-
ur farfugla bæði vor og haust. Einstaklings-

fjöldi er mestur í maí þegar þúsundir margæsa
Branta bernicla (allt að 5.000) og rauðbryst-
inga *Calidris canutus* (10-15.000; Ólafur K.
Nielsen, munnl. uppl.) hafa viðdvöl þar og
safna orkuforða til lokaáfanga ferðarinnar á
varpstöðvar í Kanada. Mikill fjöldi tjalda,
heiðlóa og lóupræla nýta sér Grunnafjörð,
einkum síðsumars.

Oddaflóð

Oddaflóð á Rangárvöllum, Rangárvalla-
sýslu er óraskað votlendi, 5,4 km² að flatar-
máli. Friðlýsing Oddaflóðs var birt í Stjórnar-
tíðindum (B 95, nr. 634, bls. 2605-2606) í
desember 1994. Friðlandið er á ármótum Ytri-
Rangár og Þverár, vestan, sunnan og austan
Sólvalla. Til friðlandsins teljast einnig tvær
stórar eyrar í Þverá, Oddaeyrar og Vindáseyri.
Sömu reglur gilda um Oddaflóð og um Poll-
engi, hér að ofan.

Guðmundur A. Guðmundsson

Af makalausri hegðun margæsar

Á ferð minni um Álfanes þann 31. maí
1994, nánar tiltekið við Selskarð, vakti það
athygli mína þar sem ég gekk meðfram fjör-
unni að margæs synti skammt frá landi. Gæsin
kvakaði mikið og var engu líkara en fuglinn
væri á óðali. Ég hélt ferð minni áfram eftir
fjörunni, en þegar ég var kominn fáeina tugi
metra frá gæsinni varð ég þess var að hún
gekk á land og kvakaði enn hástöfum. Þetta
háttalag var svo óvenjulegt að ég ákvað að
fylgjast með fuglinum um stund. Margæsin
gekk upp fjöruna og nam staðar kvakandi rétt
ofan stórstraumsfjöruborðs. Er ég hafði fylgst
með henni í um fimm mínútur snéri ég við og
gekk að staðnum þar sem gæsin hafði staðið.
Þar lá litlum polli nýdauð margæs og skildi
ég þá hvernig á þessu óvenjulega háttalagi
stóð. Trúlega var hér um maka gæsarinnar að
ræða.

Þegar ég skoðaði dauðu margæsina betur sá
ég að hún bar stálhring á fæti. Hringurinn var
nokkuð tærður, en þó vel læsilegur, og greini-
lega kominn nokkuð til ára sinna. Ekki kom

annað til greina en hafa fuglinn meðferðis
heim, því mér var ljóst að um merkan fund var
að ræða. Það síðasta sem ég heyrði frá eftir-
lifandi maka var kvak frá sjónum er ég ók á
brott. Á leiðinni heim velti ég fyrir mér hvort
naðsynlegt hefði verið að taka fuglinn strax
og eins hve lengi gæsir syrgi maka sína. Síðan
hef ég haft hálfgezt samviskubít yfir að hafa
stolið líkinu áður en sorgartímanum lauk.

*Ólafur Á. Torfason, Álfholti 34, 220 Hafnar-
fjörður*

Til fróðleiks má geta þess að margæsin sem
fannst dauð var kvenfugl. Hún var merkt
(Washington 1137-49213) sem ungi þann 1.
ágúst 1985 í Hooker Bay á Bathurst eyju N-
Kanada. Lífshlaup hennar er vel þekkt því að
nokkur ár bar hún gulan lithring á fæti með
áletruninni OLN. Á þennan hring var lesið á
vetrarstöðvum á Írlandi (M. O'Briain, bréfl.
uppl.) og í maí þrjú ár í röð, 1986-8, við Sel-
skarð og Bessastaði. – GAG.

Grænlenst fuglatal.

An annotated checklist to the birds of Greenland.

Meddelelser om Grønland, Bioscience 38 – 1994.

Höfundur: David Boertmann.

63 bls. – enskur texti.

Útg.: Danish Polar Center, Strandgade 100 H, DK-1401 København K, Danmark.

Verð: 170 DKK + sendingarkostnaður + VSK, eða samtals um 2500 ISK.

Blika barst nýlega ofangreint yfirlitsrit um grænenska fugla. Síðasta heildaryfirlit yfir fugla á Grænlandi birtist á síðari hluta sjöunda áratugarins, þegar Finn Salomonsen gaf út bók um grænenska fugla (1967, Fuglene på Grønland, Rhodos, København). Síðan þá hafa orðið verulegar breytingar á fuglafánu landsins. Ein tegund hefur horfið og 28 tegundir flækingsfugla hafa bæst við.

Ritinu er getið allra fuglategunda (samtals 235) sem sést hafa á Grænlandi. Um 58 tegundir eru reglulegir varpfuglar, um 17 tegundir eru reglulegir gestir en afgangurinn eru meiri eða minni flækingsfuglar. Sumir reglulegu gestanna verpa annað slagið og nokkir þeirra eru sennilega að hefja landnám. Þó að margir flækingsfuglar hafi einungis fundist einu sinni, er sennilegt að þeir séu samt sem áður tíðir eða jafnvel árlegir gestir. Greint er frá núverandi stöðu sérhveitar tegundar og ef unnt er einnig varpfuglafjölda og breytingum á fjölda þeirra. Þar sem það á við er getið um undirtegundir, kjörlandi og farhætti.

Síðustu 30 ár hafa nokkrar tegundir varpfugla bæst við. Frá vesturheimi hafa komið nokkrar varptegundir svo sem dvergsvanur, gulllóa, grálóa og rákatíta. Frá Evrópu hafa einnig komið tegundir sem hafa orpið, svo sem flórgoði, urtönd, spói, heiðlóa, s lamáfur og silfurmafur. Meðal umferðarfugla og gesta hefur orðið vart við súlur, skúma og ofangreinda tvo máfa í auknum mæli á síðari árum, svo og gráskrofur. Aukningar gætir í gæsastofnum sem verpa á Grænlandi (nema í margæs), sérstaklega hafa þó kanadagæsir og snjógæsir breiðst út. Húsendur eru alveg horfnar frá V-Grænlandi, en vaþ hefur einu sinni verið staðfest og fuglar sáust þar reglulega á árum áður. Stuttnefju hefur fækkað

verulega á Grænlandi vegna veiða, og sama má segja um ritu og kríu.

Íslenskum fuglaskoðurum er oft tamara að líta í austur en vestur þegar fuglar eru annars vegar. Hvað skyldu til dæmis margir þeirra vita hvaða fuglar verpa á Austur-Grænlandi, þótt ekki sé lengra milli Vestfjarða og Grænlands en milli Reykjavíkur og Húsavíkur. Vita menn til dæmis að allt að 50 spóapör verpa á A-Grænlandi (á Jameson-landi) og maríuerlur eru árlegir haustflækningar og verpa annað slagið við Ammassalik. Svör við mörgum áleitnum spurningum varðandi grænenska fugla má finna í þessu merkilega riti.

Gunnlaugur Pétursson

Útbreiðsla varpfugla á Suðvesturlandi: Könnun 1987-1992

Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 25, febrúar 1994.

Höfundar: Kristinn H. Skarphéðinsson, Gunnlaugur Pétursson & Jóhann Óli Hilmarsson.

Jón Baldur Hl. Öberg teiknaði myndir.

Útgefandi: Náttúrufræðistofnun Íslands, Hlemmi 3, pósthólf 5320, 125 Reykjavík.

Ritstjóri: Erling Ólafsson.

Brot: 170x246mm, 126 bls. Verð: 1.000,-

Út er komið rit sem fjallar um útbreiðslu varpfugla á Suðvesturlandi. Auk höfundanna, Kristins H. Skarphéðinssonar, Gunnlaugs Péturssonar og Jóhanns Óla Hilmarssonar hafa fjölmargir aðrir lagt sitt af mörkum til þess að gera verkefni þetta sem allra best úr garði. Ber þar hæst teikningar er fylgja hverri fuglategund sem Jón B. Hl. Öberg hefur gert af alkenndi smekkvísi. Þetta er fyrsta ritið sem komið hefur út hér á landi sem fjallar á skipulegan hátt um útbreiðslu íslenskra varpfugla. Hér er því um brauttriðjendastarf að ræða og má segja að orðið hafi kaflaskipti í sögu fuglafræði hérlandis. Unnið hefur verið frábært verk sem sýnir glögglega hvað unnt er að gera þegar áhugi er til staðar og þekking.

Fjallað er um 79 fuglategundir sem verpa eða hafa orpið á Suðvesturlandi og er ein blaðsíða ætluð hverri tegund í ritinu. Athugunarvæðinu, sem nær yfir 3900 km² frá Grímsnesi og Þingvallavatni í austri um allan

Reykjanesskaga og norður fyrir Hvalfjörð, er skipt í 10x10 km reiti. Reitakort af svæðinu sem sýnir útbreiðslu varpfugla er efst á síðunni ásamt teikningu af viðkomandi tegund. Textinn gerir nánari grein fyrir útbreiðslu tegundanna. Hefur verið vandað mjög til leitar heimilda og kafað allt aftur á 18. öld í tengslum við sögulega útbreiðslu fuglategunda þeirra sem hafa orpið og verpa á Suðvesturlandi. Enskur útdráttur fylgir umfjöllun um hverja tegund sem eykur gildi þessa rits verulega.

Landinu er lýst einkum með tilliti til gerða hinna ýmsu búsvæða fugla. Þá er einnig jallað um þær breytingar á landinu sem hafa orðið á síðustu áratugum. Þær hafa verið stórstígar, eins og kunnugt er. Ekki hefur verið komist hjá því að búsvæði fugla hafi breytt um svip með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Sumum tegundum hefur fækkað verulega og aðrar jafnvel horfið af svæðinu. Sumir segja þetta hefðbundna afleiðingu og eðlilega þegar maðurinn á í hlut. Mörgum þykir þróun þessi vægast sagt slæm. Að vísu er verið að jalla um mesta þéttbýliskjatta á Íslandi, en þess þá heldur ættu stjórnvöld og að taka meira tillit til varðveislu búsvæða lífvera þegar land er tekið frá til uppbyggingar. Við höfum átt fleiri tækifæri á að taka til hliðar ósnortin svæði en

flestar þjóðir í Evrópu. Að eiga þess kost að hafa villt dýr í náttúrulegu umhverfi við þéttbýli eru gæði sem ekki verða metin til jár.

Náttúrufræðistofnun Íslands og höfundar eiga þakkir skyldar fyrir útgáfu þessa einstæða og merka rits sem inniheldur mikinn fróðleik um slenska fugla sem aldrei hefur birtst á prenti áður. Er fyllsta ástæða til þess að mæla með að almenningur, skólar og aðrar stofnanir verði sér ítt um eintak. Fjölmargir fuglaáhugamenn unnu að þessu tímafreka verkefni, auk höfunda. Svæðin eru víðáttumikil og varptíminn er skammur. Gerð hefur verið grein fyrir útbreiðslu fugla á Suðvesturlandi en stefnt er að því að kanna allt landið. Landið okkar er rúmlega 100,000 km² að flatarmáli eins og kunnugt er og því mikið verk óunnið. Það vantar áhugafólk til sjálfböðastarfa í sumar. Mætum sem flest. Allar upplýsingar um þetta áhugaverða og skemmtilega verkefni eru veittar á Náttúrufræðistofnun Íslands. Hér er kjörið tækifæri fyrir áhugamenn um fuglafræði og fuglaskoðun að taka þátt í mikilvægu vísindastarfi og um leið að afla sér þjálfunar í fuglaskoðun og skilvirkni í athugunum á umhverfinu.

Árni Vassg

Leiðréttingar – Corrections

1. Þótt langt sé um liðið er ástæða til að benda lesendum Blika á meinlega villu í 4. töflu greinarinnar *Fuglalíf á og við Skjálfandaflóa að vetri*, eftir Sigurð Gunnarsson og Jónbjörn Pálsson (Bliki 6, bls 18). Í efstu línunni, þar sem greint er frá tíðni þorskfiskaseiða í mögum, eru fjórar tölur rangar. Þorskfiskaseiði fundust í 95% ritu-, 67% álku-, 67% stuttne ju- og 100% lundamaga. Við biðjum höfunda greinarinnar og lesendur velvirðingar á þessum mistökum.

2. Myndatextinn undir teikningunni í greininni um fyrsta kampasöngvarann hér á landi í síðasta hefti Blika (Bliki 14, bls. 14) brenglaðist í meðförum. Hann er endurprentaður réttur hér fyrir neðan: – *The text under the drawing in the article about the first Subalpine Warbler in the last issue of Bliki (Bliki 14, page 14) was incorrect. It is reprinted correct below:*

1. mynd. Kampasöngvari *Sylvia cantillans*. Að ofan eru fuglar á fyrsta vetri, karlfugl til vinstri og kvenfugl til hægri. Að neðan eru fullorðnir fuglar, karlfugl til vinstri og kvenfugl til hægri. – *Subalpine Warbler* *Sylvia cantillans*. Upper left: first winter male; upper right: first winter female; lower left: adult male; lower right: adult female. – Teikning - Drawing. Jón B. Hlíðberg.



1. mynd (fuglagáta nr. 3). Dulþröstur *Catharus guttatus* við Hafurbjarnarstaði á Miðnesi, Gull., 24. október 1992. – Ljós. Gunnlaugur Bráinsson.



Fuglagáta nr. 4. Greinið tegundina. – *Mystery photograph no. 4. Identify the species.*

Fuglagáta

3 fuglagátu 3 sem birtist í síðasta hefti *Blika* var spörfugl af ætt þrasta (*Turdidae*). Á myndinni sést ekki nema efri hluti fuglsins. Mörg einkenni eru í hvarfi, til dæmis litur og lögun fóta, stéls, kviðar, flug jaðra og gumps. Þetta gerir gátuna erfðari og skemmtilegri. Strax er hægt að útiloka skógarþröst *Turdus iliacus*, eina íslenska þröstin á því að þessi fugl hefur ekki brúnarák og rauða litinn í síðunni vantar. Af evrópskum þröstum koma tvær tegundir til greina, söngþröstur *Turdus philomelos* og mistilþröstur *Turdus viscivorus*. Báðar eru með meira mynstur á hlustaþökum heldur en fuglinn í gátunni. Auk þess er mistilþröstur ljósari og með hvítt vængbelti og augnhringur söngþrasta er meira áberandi.

Næsta skrefi er því að huga að amerískum þröstum. Þar er að finna fimmtu tegundir sem koma til greina. Fjórar þeirra hafa sést hér á landi og sú fimmta hefur sést annars staðar í Evrópu. Auðvelt er að útiloka trjáþröst *Hylocichla mustelina* því hann er rauðbrúnn á höfði og niður á bak og hefur auk þess hvít-flekkóttar hlustaþökur. Sömu leiðis kemur húmþröstur *Catharus fuscescens* ekki til greina því hann er einnig rauðbrúnn á höfði og á baki. Moldþröst *Catharus ustulatus* má útiloka á lit framan augna. Hann hefur ljósa rák á milli nefrótar og augna sem ásamt augnhringnum myndar eins konar gleraugu.

Nú eigum við aðeins tvær tegundir eftir en það eru dulþröstur *Catharus guttatus* og hlýraþröstur *Catharus minimus*. Auðvelt er að greina þá í sundur á stéllit því dulþröstur hefur ryðrautt stél en hlýraþröstur er með brúnt. Að öðru leiti eru þessar tvær tegundir mjög líkar. Þar sem sélið sést ekki á myndinni verðum við finna önnur ráð. Einkennin sem við getum notast við eru að á hlýraþrösti vottar fyrir augnhring en á dulþrösti er hann er hann meira áberandi. Dílar á bringu eru stærri og grófari á dulþrösti og á honum ná þeir einnig lengra niður eftir bringu og síðum. Á báðum tegundunum eru síður gráar og án ráka. Á hlýraþrösti nær grái síðuliturinn alveg upp að vænghnúa en á dulþrösti nær hann ekki alveg eins langt fram eftir síðunni. Það er því ljóst að fuglinn í fuglagátunni að þessu sinni er dulþröstur. Það var líka eins gott því að nýlega hefur komið fram hugmynd um að ein undirtegund hlýraþrastar sé í raun önnur tegund. Hún er afar lík öðrum undirtegundum og hætt er við að myndin hefði ekki dugað til að greina á milli þeirra. Myndin af þessum dulþrösti var tekin við Hafurbjarnarstaði á Miðnesi 24. október 1992.

Gunnlaugur Bráinsson



CONTENTS

Ólafur K. Nielsen:	
The Ruddy Duck colonisation in Iceland	1
Ævar Petersen & Sigurður Ingvarsson:	
The numbers of breeding Cormorants and Shags in Faxaflói Bay	16
Gunnlaugur Bráinsson, Gunnlaugur Pétursson & Erling Ólafsson:	
Rare birds in Iceland in 1993	21
Gunnlaugur Bráinsson:	
The first Baird's Sandpiper <i>Calidris bairdii</i> found in Iceland	52
Örn Óskarsson:	
First breeding record of Siskin <i>Carduelis spinus</i> in Iceland	57
Örn Óskarsson:	
First breeding attempt of Crossbill <i>Loxia curvirostra</i> in Iceland	59
The Icelandic bird ringing scheme 1993	61
Rock Ptarmigan banding in Iceland	63
Birdlife in the vicinity of Blönduós, N-Iceland, 1993	66
Miscellaneous	67
Book reviews	70
Corrections	71
Mystery photograph	72



EFNI

Ólafur K. Nielsen:	
Hrókónd sest að á Íslandi	1
Ævar Petersen og Sigurður Ingvarsson:	
Skarfavörp í innanverðum Faxaflóa 1993	16
Gunnlaugur Þráinsson, Gunnlaugur Pétursson og Erling Ólafsson:	
Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1993	21
Gunnlaugur Þráinsson:	
Leirutíta á Suðurnesjum	52
Örn Óskarsson:	
Barrfinkuvarp á Tumastöðum í Fljótshlíð 1994	57
Örn Óskarsson:	
Fyrsta varptilraun krossnefs á Íslandi	59
Fuglamerkingar á Íslandi 1993	61
Hálsmerktar álfstir	62
Rjúpnamerkingar	63
Fuglalíf í nágrenni Blönduóss 1993	66
Flestar tegundir	67
Ný friðlönd, mikilvæg fyrir fugla	68
Af makalausri hegðun margæsar	69
Ritfregnir	70
Leiðréttingar	71
Fuglagáta	72